

Júní 2023



Grænbók um sjálfbært Ísland Stöðumat og valkostir

Útgefandi:

Forsætisráðuneytið

Grænbók um sjálfbæra þróun / Sjálfbært Ísland – Stöðumat og valkostir

Júní 2023

for@for.is

<https://stjornarradid.is>

Umbrot og textavinnsla:

Forsætisráðuneytið

©2023 Forsætisráðuneytið

ISBN 978-9935-482-43-3

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Stöðumat og valkostir	5
1. Inngangur	9
1.1 Áherslur ríkisstjórnar Íslands	9
1.2 Umgjörð og skipulag stefnumótunar	10
1.3 Hvað er sjálfbær þróun?	12
1.4 Stöðir sjálfbærrar þróunar.....	13
1.5 Samráð um drög að grænbók	14
2. Alþjóðleg samvinna, samanburður og mælikvarðar	16
2.1 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	16
2.1.1 Skuldbindingar Íslands gagnvart heimsmarkmiðunum	16
2.1.2 Landsrýniskýrsla – Voluntary National Review (VNR)	18
2.1.3 Smitáhrif heimsmarkmiðanna	20
2.1.4 Vitundarkannanir	20
2.1.5 Önnur mælasöfn	22
2.2 Velsældarvísar og samstarf velsældarríkja	23
2.3 Sjálfbærni í norrænu samstarfi.....	24
3. Stöðulýsing og stöðumat	25
3.1 Um stöðulýsinguna og stöðumatið	25
3.2 Alþingi.....	25
3.3 Stjórnarráðið.....	25
3.3.1 Forsætisráðuneytið	26
3.3.2 Dómsmálaráðuneytið.....	27
3.3.3 Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið	28
3.3.4 Fjármála- og efnahagsráðuneytið.....	29
3.3.5 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið	31
3.3.6 Heilbrigðisráðuneytið	33
3.3.7 Innviðaráðuneytið.....	36
3.3.8 Matvælaráðuneytið	38
3.3.9 Menningar- og viðskiptaráðuneytið	40
3.3.10 Mennta- og barnamálaráðuneytið.....	42
3.3.11 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.....	43
3.3.12 Utanríkisráðuneytið	46
3.4 Sveitarfélögin	47
3.5 Atvinnulífið.....	50
3.5.1 Íslenskt atvinnulíf og sjálfbær þróun.....	50
3.5.2 Samfélagsábyrgð fyrirtækja í lögum um ársreikninga.....	50
3.5.3 Flokkunarkerfi Evrópusambandsins.....	51
3.5.4 Loftslagsvegvisir atvinnulífsins	51
3.5.5 Loftslagsvegvisar atvinnulífsins.....	51
3.5.6 Samtök atvinnulífsins (SA).....	52
3.5.7 Samorka	53

3.5.8	Samtök ferðapjónustunnar (SAF)	54
3.5.9	Samtök fjármálafyrirtækja (SFF)	54
3.5.10	Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS)	55
3.5.11	Samtök iðnaðarins (SI)	56
3.5.12	Samtök verslunar og þjónustu (SVP)	57
3.5.13	Bændasamtök Íslands (BÍ)	58
3.5.14	Samtök fyrirtækja í landbúnaði (SAFL)	58
3.6	Samtök launafólks	59
3.6.1	Sameiginlegur kafli ASÍ, BSRB, BHM og KÍ	59
3.6.2	ASÍ	61
3.6.3	BSRB	62
3.6.4	BHM	64
3.7	Lífeyrissjóðir, félagasamtök og samstarfsvettvangar	66
3.7.1	Íslenskir lífeyrissjóðir og grænar fjárfestingar	66
3.7.2	Festa	66
3.7.3	Landvernd	67
3.7.4	Ungir umhverfissinnar (UU)	67
3.7.5	Félag Sameinuðu þjóðanna	67
3.8	Háskólasamfélagið	68
4.	Valkostir, framtíðarsýn og áherslur til umræðu	69
4.1	Valkostir – leiðir	69
4.2	Drög að framtíðarsýn	69
4.3	Lykilviðfangsefni	70
4.3.1	Hringrás og efnahagur	70
4.3.2	Jafnrétti, heilsa og velferð	71
4.3.3	Menntun, menning og vísindi	71
4.3.4	Innviðir og byggðamál	72
4.3.5	Matvæli, land og vatn	73
4.3.6	Orka og loftslag	74
4.3.7	Alþjóðasamvinna	75
4.4	Gildi	75
4.4.1	Jafnrétti og mannréttindi	75
4.4.2	Réttlát umskipti	76
4.4.3	Engin skilin eftir	76
4.4.4	Langtímahugsun	76
4.4.5	Seigla og samheldni	76
4.4.6	Hnattræn ábyrgð	77
5.	Hver er þín skoðun?	78
	Viðauki 1: Fulltrúar í Sjálfbærniráði	79
	Viðauki 2: Velsældarvísar	81
	Viðauki 3: Umsagnir við drög að grænbók í samráðsgátt stjórnvalda	83

Stöðumat og valkostir

Grænbók (stöðumat og valkostir) eru greining á tilteknu viðfangsefni sem stjórnvöld hafa ákveðið að skoða nánar, ýmist sem undanfara stefnumótunar og/eða frumvarpsgerðar. Stöðumatið er hægt að setja í opið samráð í samráðsgátt stjórnvalda á vef Stjórnarráðsins þar sem almenningi og hagsmunaaðilum er boðið að taka þátt og setja fram sín sjónarmið um grænbókina.

Stöðumat og valkostir innihalda upplýsingar um viðfangsefnið og núverandi stöðu þess. Tekin er saman sú tölfræði sem til er um viðfangsefnið, hvort sem hún er innlend eða samanburðartölfræði við önnur ríki. Stöðumatið gefur gott yfirlit yfir lykilviðfangsefni fram undan og helstu leiðir eða áherslur við úrlausn þeirra.

Við gerð stöðumats og valkosta er framkvæmdaaðilum, samstarfsaðilum og hagsmunaaðilum jafnan boðið að taka þátt og koma sínum sjónarmiðum á framfæri.



Að loknu samráði um stöðumat og valkosti eru niðurstöður dregnar saman og mótuð stefna sem inniheldur framtíðarsýn fyrir málefnið og markmið sem marka leiðina ásamt áherslum. Stefna fylgir yfirleitt aðgerðaáætlun. Stöðumat og valkosti er jafnframt hægt að nota sem grundvöll fyrir frumvarpsgerð.

Þegar stefna eða frumvarp liggur fyrir fá almenningur og hagsmunaaðilar að jafnaði að nýju tækifæri til þess að koma á framfæri ábendingum sínum og sjónarmiðum í formlegu samráðsferli áður en endanleg afstaða er mótuð.

Í skjali þessu fer stöðumat og stöðulýsing fram í **tveimur köflum**.

Annars vegar í öðrum kafla en þar er varpað ljósi á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og skuldbindingar Íslands í því sambandi. Greint er frá stöðu einstakra heimsmarkmiða gagnvart Íslandi en þau hafa verið innleidd í opinberar stefnur er varða félags-, efnahags- og umhverfismál, með sérstaka áherslu á uppbyggingu friðsælla og réttláttra samfélaga, laus við ótta og ofbeldi. Innanlands leggur ríkisstjórnin áherslu á að bera kennsl á og þjóna betur jaðarsettum hópum samfélagsins sem og að stuðla að samstarfi um aðgerðir til að takast á við þau alvarlegu umhverfisáhrif sem nútímalífnaðarhættir hafa í för með sér.

Þá er í kaflanum fjallað um aðra landsrýniskýrslu Íslands vegna heimsmarkmiðanna sem verður til umfjöllunar á vettvangi SP í júlí í ár. Greint er frá nýrri könnun hér á landi sem sýna að um 70% svarenda segjast annað þekkja til heimsmarkmiðanna eða hafa heyrt um þau. Einnig að fleiri konur (34%) en karlar (29%) segjast þekkja til heimsmarkmiðanna og að sá hópur sé talsvert stærri á höfuðborgarsvæðinu (39%) en á landsbyggðinni (20%). Að auki eykst vitund um og þekking á heimsmarkmiðunum jafnt og þétt með aukinni menntun og hærri tekjum.

Í kaflanum er einnig fjallað um velsældaráherslur ríkisstjórnarinnar en um er að ræða 39 vísa sem eru flokkaðir í þrjá undirþætti: Félagslegir mælikvarðar; efnahagslegir mælikvarðar og umhverfislegir mælikvarðar. Hverjum mælikvarða er svo skipt í undirflokk og þeim síðan í tiltekna vísa eða mælingar. Því má segja að vísarnir séu fyrsta innlenda útgáfan af safni mælikvarða sem getur varpað ljósi á bæði velsæld og um leið sjálfbæra þróun hér á landi. Mikilvægt er að halda áfram að þróa þessa vísa, sjálfbærni- og velsældarvísa, tengja enn betur við mælingar í lykilmálaflökkum, og nýta þá í alþjóðlegum samanburði.

Hins vegar fer stöðumatið fram í þriðja kafla, en þar er varpað ljósi á viðfangsefni ráðuneyta, atvinnulífsins, samtaka launafólks og félagasamtaka er varða sjálfbæra þróun. Að einhverju leyti er um stöðulýsingu að ræða frekar en stöðumat í þessari fyrstu umferð grænbókarvinnunnar.

Hvað ráðuneytin varðar er gerð grein fyrir margvíslegum viðfangsefnum sem hafa þýðingu fyrir allar stoðir sjálfbærrar þróunar og eftir því sem við á upplýst um sett markmið og áherslur í málaflökkum. Sem dæmi má nefna eftirfarandi:

- Forsætisráðuneytið leggur áherslu á víðtækt og náð samráð og samstarf um mótun stefnu um sjálfbæra þróun, réttlát umskipti og velsældaráherslur. Þá eru jafnréttis- og mannréttindamál í forgangi, en kynjaöjöfnuður heldur ekki einungis aftur af konum, heldur einnig velsæld sérhvers samfélags.
- Dómsmálaráðuneytið leggur ríka áherslur á aðgerðir sem sporna gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og er áhersla lögð á miðlun upplýsinga til almennings og áframhaldandi endurskoðun á verklagi og þjálfun starfsmanna innan réttarvörslukerfisins.
- Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið leggur áherslu á að fjölga tækifærum til vinnu og virkni en nú er unnið að heildarendurskoðun á ororkulífeyrskerfinu sem hefur það að markmiði að gera kerfið gagnsærra, einfaldara og réttlátara. Kerfisbreytingin er ekki síst undirbúin með það að markmiði að koma í veg fyrir heilsubrest og tryggja heilbrigðan vinnumarkað fyrir hópa með mismikla starfsgetu.
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur unnið að umbótum á sviði efnahagsmála á undanförunum árum með sjálfbæra hagþróun að leiðarljósi. Stjórnvöld ríkisfjármála bera m.a. ábyrgð á því að rekstur hins opinbera sé sjálfbær og leggi ekki ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir.
- Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti dregur fram að í háskólunum landsins fari fram mikilvægt rannsókn- og þróunarstarf sem leggur drjúgan skerf til samfélagslegra framfara sem varða allar stoðir sjálfbærni. Sérstaða Íslands hefur lagt grunninn að öflugum fræðasviðum vísinda, eins og í jarðvísindum og á sviði vistvænnar orkuöflunar, og umtalsverð þekking hefur myndast á mállefnum norðurslóða í samstarfi við önnur aðildarríki norðurslóðasamstarfs.
- Heilbrigðisráðuneytið vinnur eftir fjölmörgum stefnum og aðgerðaáætlunum sem hafa mikilvæga þýðingu fyrir sjálfbæra þróun. Heilbrigðisstefna til ársins 2030 og lýðheilsustefna til ársins 2030 marka stefnu fyrir heilbrigðiskerfið og lýðheilsustarf á komandi árum. Þá hefur verið mörkuð framtíðarsýn í geðheilbrigðismálum til ársins 2030 og unnið er að aðgerðaáætlun til að vinna stefnunni brautargengi.
- Innviðaráðuneytið hefur sett sér framtíðarsýn og meginmarkmið fyrir alla málaflökka ráðuneytisins sem fela í sér að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tenging byggða og Íslands við

umheiminn er í jafnvægi við umhverfið. Meðal meginmarkmiða er að sjálfbærar byggðir og sveitarfélög séu um allt land og sjálfbærni er eitt af meginmarkmiðum allra áætlana ráðuneytisins og í öllum þeirra eru settir fram mælikvarðar um árangur.

- Matvælaráðuneytið vinnur m.a. að gerð matvælastefnu sem tekur til þeirra málefna sem eru á málefnasviði matvælaráðuneytisins. Meginmarkmiðið er að efla og styðja við íslenska matvælaframleiðslu þannig að Ísland verði leiðandi í framleiðslu á heilnæmum matvælum í sátt við umhverfi og samfélag.
- Menningar- og viðskiptaráðuneytið telur að margvísleg tækifæri felist í uppbyggingu ferðapjónustu á Íslandi en á sama tíma verður að huga að jafnvægi og sjálfbærni og gæta að náttúrunni og menningarverðmætum. Þá leggur ráðuneytið áherslu á að fjölbreytt menningarlíf er mikilvægur þáttur í almennri velsæld samfélagsins og stuðlar að jöfnuði. Rík áhersla er á máltækni sem felur í sér alla þá tækni sem gerir hugbúnaði kleift að fást við tungumál og er því grunnþáttur í framtíð tölvunotkunar og þróun tungumála, m.a. notkun íslensku á öllum sviðum tölvu- og upplýsingatækni.
- Mennta- og barnamálaráðuneytið vinnur á grundvelli menntastefnu til ársins 2030 og eru einkunnarorð hennar *framúrskarandi menntun alla ævi*. Eitt af gildum stefnunnar er sjálfbærni, en að mati ráðuneytisins velta framtíðarhorfur íslensku þjóðarinnar á samkeppnishæfni og sjálfbærni íslenska menntakerfisins. Í fyrstu aðgerðaáætluninni fyrir árin 2021-2024 eru níu megináðgerðir tilgreindar en þær snúa að jöfnum tækifærum fyrir alla, kennslu í fremstu röð, hæfni fyrir framtíðina, vellíðan í öndvegi og gæðum í forgrunni.
- Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið vinnur að framkvæmd aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum, en loftslagsmálin eru eitt stærsta viðfangsefni samtímans og vísindin hafa sýnt fram á hraðar breytingar á vistkerfum jarðar. Ísland hefur sett sér skýr markmið í loftslagsmálum, 55% samdrátt í losun fyrir árið 2030, og lögfest hefur verið markmið um kolefnishlutleysi eigi síðar en árið 2040. Áhersla er að tryggja framgang fullra orkuskipta og að tryggja orkuöryggi fyrir landsmenn alla og aðgengi að grænni orku sem aflað er á sjálfbæran hátt. Innleiðing hringrásarhagkerfis er lykilþáttur í því að markmið Íslands í loftslagsmálum náist. Ráðuneytið leggur áherslu á að upplýsingar um losunartölur og spár um þróun losunar, bindingar og orkuþarfar til orkuskipta séu skýrt fram settar þannig að staða gagnvart markmiðum Íslands sé aðgengleg og augljós.
- Utanríkisráðuneytið er virkur þátttakandi með öðrum ráðuneytum í því að kynna og miðla upplýsingum um málefni sjálfbærrar þróunar á alþjóðavettvangi og í alþjóðasamstarfi. Má þar telja alþjóðlegt samstarf um málefni hafsins, kynjajafnrétti og endurnýjanlega orku. Sem dæmi í þessu samhengi þá styður Ísland fjárhagslega við Græna loftslagssjóðinn sem er stærsti einstaki sjóðurinn fyrir loftslagsaðgerðir.

Í kaflanum er greint frá mikilvægu hlutverki sveitarfélaga þegar kemur að sjálfbærri þróun, en verkefni á sviði umhverfis og skipulagsmála eru vaxandi verkefni sveitarfélaga og loftslagsmál færast sífellt ofar í forgangsroð þeirra. Samband íslenskra sveitarfélaga samræmir aðkomu sveitarfélaga að umræðu um sjálfbæra þróun og hefur verið í forsvari fyrir þau varðandi stuðning við vinnu sveitarfélaga að innleiðingu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Mörg sveitarfélög hafa tekið gott frumkvæði til þess að stuðla að sjálfbærri þróun og mörg hver eru þegar farin að vinna markvisst að því að innleiða heimsmarkmiðin í sína stefnumótun og áætlanagerð.

Þá er í kaflanum fjallað um mikilvæga vinnu og vaxandi frumkvæði sem fram fer á vettvangi atvinnulífsins, meðal samtaka launafólks og félagasamtaka. Þessir aðilar munu bera hitann og þungann af þeim aðgerðum sem ráðast þarf í á næstu árum. Þannig hafa samtök í atvinnulífinu sem dæmi tekið forystu í því að greina losun gróðurhúsalofttegunda eftir atvinnugreinum og setja þeim markmið um samdrátt. Samtök launafólks hafa meðal annarra mála sett réttlát umskipti á oddinn, enda er mikilvægt að kostnaðurinn af viðureigninni við stór verkefni, s.s. hnattræna hlýnun, dreifist á sanngjarnan hátt. Lífeyrissjóðir hafa tekið höndum saman í alþjóðlegu samstarfi um að auka verulega grænar fjárfestingar. Fjöldi félagasamtaka hefur látið til sín taka á sviði sjálfbærrar þróunar og sinnir því mikilvæga hlutverki að fræða hópa samfélagsins og hvetja til dáða.

1. Inngangur

Sjálfbær þróun er lykilviðfangsefni samfélagsins alls. Það er alþjóðlegt viðfangsefni og mikið í húfi að þjóðir heims taki höndum saman og vinni að sjálfbærni á öllum sviðum. Umhverfis- og loftslagsmálin eru þar efst á blaði og gríðarlega mikilvægt fyrir mannkyn allt að skjótum árangri verði náð til að stöðva hlýnun jarðar og varðveislu mikilvægra vistkerfa. En sjálfbærni þarf einnig að ná til efnahagsmála heimsins og einstakra samfélaga, sem og hinna félagslegu og samfélagslegu þátta.

Vinna við grænbók er nauðsynleg kortlagning sem fram fer samhliða undirbúningi að mótun stefnu um sjálfbæra þróun fyrir Ísland. Slík stefna er lykilatriði þegar kemur að því að stilla saman strengi innanlands til að ná settum markmiðum, skilgreina ný markmið og aðgerðir í samráði við helstu hagaðila og vinna að því að ná árangri í þágu sjálfbærs velsældarsamfélags. Stefnan er einnig mikilvæg til að skilgreina og skerpa á áherslum er varða þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði sjálfbærrar þróunar og greina betur hvernig Ísland getur bæði lært af góðri reynslu annarra og lagt sitt af mörkum til að stuðla að farsælum árangri og samstarfi á alheimsvísu. Grænbók nýtist því vel við frekari stefnumótun, ákvarðanatöku og aðgerðir stjórnvalda.

1.1 Áherslur ríkisstjórnar Íslands

Ríkisstjórn Íslands leggur áherslu á að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar um jafnvægi á milli samfélags-, umhverfis- og efnahagslegra þátta, réttláttra umskipta og aukinnar samkeppnishæfni verði leiðarstef í yfirstandandi umbreytingum vegna loftslagsvárisinnar og örra tæknibreytinga sem hafa áhrif á öllum sviðum samfélagsins. Þessum markmiðum er fylgt eftir í samvinnu forsætisráðherra og annarra ráðherra til þess að auka samhæfingu, samvinnu og slagkraft innan Stjórnarráðsins.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er því mikil áhersla á sjálfbæra nálgun við úrlausn og stefnumótun í flestum málaflokkum. Málafni sjálfbærrar þróunar varða enda öll svið samfélagsins, málafnasvið allra ráðuneyta, verkefni sveitarfélaga, almenning og atvinnulíf, og annarra hagaðila með beinum og óbeinum hætti. Öflug samvinna og reglulegt samráð um sjálfbæra þróun er því forsenda árangurs til framtíðar.

Meðal sjálfbærniáherslna sem er að finna í stjórnarsáttmála eru:

- Að sjálfbærni og réttlát umskipti fyrir alla hópa samfélagsins verði leiðarstefin í yfirstandandi umbreytingum vegna loftslagsvárisinnar og tæknibreytinga.
- Að byggt verði á nýlegri orkustefnu þar sem hagsmuna núverandi sem og komandi kynslóða sé gætt og sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi með jafnvægi milli efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra þátta.
- Að lögð verði áhersla á uppbyggingu öflugra og sjálfbærra sveitarfélaga sem hafi burði til að standa undir þeirri þjónustu sem íbúar eiga rétt á.
- Að Ísland verði leiðandi í sjálfbærri þróun og nýsköpun í ferðaþjónustu.
- Að stuðlað verði að sjálfbærni í rekstri ríkisins til lengri tíma.
- Að markáætlun um samfélagslegar áskoranir á sviði máltækni, umhverfismála og sjálfbærni, tæknibreytinga á vinnumarkaði og heilbrigðisvísinda verði framhaldið.

- Að tryggð verði nýting orkuauðlinda með hagkvæmum og sjálfbærum hætti.
- Að friðsamlegar lausnir, sjálfbær þróun, jafnrétti kynjanna, lýðræði og mannréttindi séu hornsteinar íslenskrar utanríkisstefnu.

Stjórnvöld hafa á umliðnum árum látið málefni sjálfbærrar þróunar til sín taka í síauknum mæli og eins og fram kemur síðar eru öll ráðuneyti að takast á við viðfangsefnið með beinum eða óbeinum hætti. Það sama á við um sveitarfélögin.

Fyrsta heildstæða stefnumörkun íslenskra stjórnvalda í umhverfismálum, *Á leið til sjálfbærrar þróunar*, var gerð árið 1993 og tók mjög mið af samþykktum Ríó-ráðstefnunnar 1992. Í kjölfarið var gerð framkvæmdaáætlun sem hlaut heitið „Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi“, sem var lögð fyrir sérstakt umhverfisþing árið 1996 og síðan samþykkt í ríkisstjórn. Fyrsti heildarrámmi um stefnumótun stjórnvalda á þeim sviðum sem snerta sjálfbæra þróun almennt var síðan gefin út af umhverfisráðuneytinu árið 2002 undir yfirskriftinni *Velferð til framtíðar*. Megintilgangur stefnumótunarinnar var að setja markmið til lengri tíma, skilgreina forgangsverkefni til skemmi tíma og skilgreina og þróa árangursmælikvarða.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því að þessi stefna var sett fram. Viðfangsefnið eru að einhverju leyti þau sömu en ný hafa einnig komið fram. Ákall eftir markvissari stefnumótun, aðgerðum og efndum á sviðum sem varða sjálfbæra þróun og velsæld hefur aukist enn frekar. Því er mikilvægt fyrir stjórnvöld að halda áfram á þessari braut, vinna að markvissri stefnumótun um sjálfbæra þróun, aðgerðaáætlunum sem styðja við stefnu og samhæfa aðgerðir þvert á stjórnáætlun og milli geira samfélagsins. Sjálfbær þróun er ekkert töfruhugtak sem hefur að geyma einfaldar lausnir á vanda dagsins í dag en hún felur í sér gagnlega og árangursríka nálgun sem þjóðir heims hafa sameinast um að hafa að leiðarljósi í viðleitninni við að leysa mörg helstu viðfangsefni 21. aldarinnar. [Velferð til framtíðar, bls. 9.]

1.2 Umgjörð og skipulag stefnumótunar

Í því skyni að tryggja öfluga samhæfingu og samstarf þvert á ráðuneyti, milli ríkisins og sveitarfélaga, almennings og atvinnulífs, hefur forsætisráðuneytið komið á fót formlegum samstarfsvettvangi, Sjálfbæru Íslandi. Hlutverk þess verður m.a. að hraða aðgerðum til að ná markmiðum um sjálfbæra þróun í samræmi við áherslur ríkisstjórnar, m.a. varðandi velsældaráherslur og eins og þau birtast í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Á vettvangi Sjálfbærs Íslands verður mótuð stefna Íslands um sjálfbæra þróun og unnið að því að réttlát umskipti á öllum sviðum samfélagsins séu leiðarljós í stefnumótun og áætlunargerð.

Forsætisráðherra er formaður Sjálfbærniráðs en í ráðinu eiga einnig sæti aðrir ráðherrar ríkisstjórnarinnar, auk fulltrúa sveitarfélaga, atvinnugreinasamtaka, launafólks, þingflokka á Alþingi og frjálsra félagasamtaka. Rík áhersla er lögð á víðtækt samráð við þá aðila sem koma að málefnum sjálfbærni. Alls sitja í ráðinu um 80 manns og er ráðgert að það fundi 2–3 sinnum á ári, en fyrsti fundur þess var 1. desember 2022. Í viðauka I er listi yfir öll þá aðila sem tilnefnt hafa fulltrúa í Sjálfbærni ráð.



Þá hefur ráðherra skipað stýrihóp með fulltrúum allra ráðuneyta, auk fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Verkefni hans er að undirbúa fundi Sjálfbærnisráðs, samhæfa vinnu ráðuneyta og tryggja farsælt samstarf þvert á kerfi og málefnasvið. Þá er einnig starfandi framkvæmdahópur sem er teymi sérfræðinga sem vinnur að þeim verkefnum sem Sjálfbæru Íslandi eru falin.

Forsætisráðherra

Sjálfbærnisráð (83)

Ráðherrar
Alþingi
Sveitarfélög
Atvinnulíf og samtök launafólks
Frjáls félagasamtök

Stýrihópur (13)

1 fulltrúi hvers ráðuneytis + sveitarfélög

Framkvæmdahópur

Starfsfólk forsætisráðuneytis, annarra ráðuneyta og Hagstofu Íslands

Samkvæmt skipunarbréfi Sjálfbærnisráðs er hlutverk Sjálfbærs Íslands að:

1. Móta stefnu Íslands um sjálfbæra þróun.
2. Þróa, samræma og rýna mælikvarða um sjálfbærni, þar á meðal heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og Velsældarvísa.

3. Efla þátttöku í fjölbjóðlegu samstarfi um sjálfbæra þróun, þar á meðal á norrænum vettvangi, í Evrópusamstarfi og meðal Sameinuðu þjóðanna.
4. Efla samráð hins opinbera, m.a. við sveitarfélögin, atvinnulífið, aðila vinnumarkaðarins og frjáls félagasamtök.
5. Kynna framgang og árangur í sjálfbærri þróun til stjórnvalda, almennings og samstarfsaðila, innanlands og utan.

1.3 Hvað er sjálfbær þróun?

Flestir eru sammála um mikilvægi sjálfbærrar þróunar en hugtakið er íslensk þýðing á enska orðasambandinu „sustainable development“. Það varð fyrst áberandi í alþjóðlegri umræðu á níunda áratug síðustu aldar en festist í sessi á ráðstefnu þjóðarleiðtoga um umhverfi og þróun sem haldin var af Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP) í Rio de Janeiro árið 1992. Í fyrstu grunnreglu Ríó-yfirlýsingarinnar segir að sjálfbær þróun snúist um manninn og möguleika hans, fólk á að geta starfað og lifað heilbrigðu lífi í sátt við náttúruna. [Velferð til framtíðar, bls. 9.]

Sjálfbær þróun er viðleitni til að mæta þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum. Þannig var hugtakið skilgreint í skýrslu svokallaðrar Brundtland-nefndar, *Our Common Future*, 1987 sem unnin var fyrir Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna:

Development that meets the needs of the present without compromising the ability of future generations to meet their own needs.

Sjálfbæra þróun er sjálfsagt hægt að skilgreina á mismunandi vegu, en megin kjarni hugtaksins lýtur að því jafnvægi sem þarf að ríkja á milli ólíkra og jafnvel andstæðra krafta sem liggja nýtingu og ráðstöfun á takmörkuðum náttúruauðlindum og gæðum samfélagsins, í umhverfislegu, félagslegu og efnahagslegu tilliti. Það sem helst greinir sjálfbæra þróun frá annars konar hugmyndafræði um æskilega framvindu samfélaga er áhersla á heildarsýn og langtímahugsun. Með öðrum orðum að mál séu skoðuð frá sem flestum hliðum og reynt að sjá fyrir afleiðingar ákvarðana í sem víðustu samhengi.

Með heilsteyptari skilningi á lykilhlutverki sjálfbærrar þróunar er lögð áhersla á að efnahagslíf og samfélag séu hluti af lokuðu kerfi og að sjónarmið samfélags og náttúru standi jafnfætis efnahagslegum sjónarmiðum. Vöxtur getur ekki farið út fyrir þau mörk sem náttúran setur. Auðlindir eru takmarkaðar og getu umhverfisins til að viðhalda lífsnauðsynlegum ferlum verður auðveldlega raskað. Velsæld og lífsgæði almennings og samfélaga ræðst af jafnvægi á milli þessara meginstoða sjálfbærrar þróunar.

Á vef Háskóla Íslands segir að almennt sé viðurkennt að núverandi framgangur mannsins á jörðinni beri skýr merki ósjálfbærni. Hugmyndir fólks í ríkari hlutum heimsins um „hið góða líf“ hafi leitt til neyslu sem er langt umfram það sem jörðin getur staðið undir. Þar segir að þótt hluti mannkyns noti auðlindir og umhverfi jarðar í óhófi bera stór hluti jarðarbúa skarðan hlut frá borði. Verkefnið felist í því að breyta hugsun sinni og athöfnum þannig að takmörk náttúrunnar séu virt, bæði í orði og verki. Í þessu felst kjarni hugtaksins sjálfbærni. [Heimild: https://www.hi.is/haskolinn/hvad_er_sjalbbaerni]. Í þessu samhengi liggur hin stóra áskorun, því

oftar en ekki hefur tiltekin þróun samfélaga verið drifin áfram af hagsmunum og þörfum minnihluta jarðarbúa án þess að heildarsamhengi áhrifa séu metin.

Áhrifin af skorti á heildarsýn eru margskonar og hægt væri að draga fram mörg lýsandi dæmi bæði fyrir samtíma okkar og í sögulegu samhengi, hér eru nokkru nefnd:

- Fiskveiðar eru takmörkuð auðlind og það er gríðarlega mikilvægt fyrir Ísland að nýta hana með sjálfbærum hætti. Viðleitni stjórnvalda til að stýra aðgengi að auðlindinni og nýtingu hennar miðar að því að tryggja að svo verði til frambúðar, en ofveiðar fyrri tíma eru mikilvæg áminning um að passa vel upp á auðlindir landsins.
- Fjármálahrúnið 2008 var birtingarmynd ósjálfbærrar þróun á sviði efnahagsmála, þar sem hrun bankakerfisins hafði afgerandi áhrif á velferð samfélaga, ekki síst hér á landi. Í kjölfarið var unnið að því að byggja upp regluverk og stofnanaumhverfi sem er ætlað að koma í veg fyrir að slíkir viðburðir endurtaki sig.
- Óheft notkun jarðefnaeldsneytis hefur haft mikil áhrif á loftslagsvána sem nú er talin vera ein helsta ógn við samfélög og menningu nútímans. Röskun veðurfars og vistkerfa getur haft og er þegar farin að hafa alvarlegar og afdrifaríkar afleiðingar fyrir komandi kynslóðir og lífríki um heim allan. Þess vegna leitast þjóðir heims nú við að ná samstöðu um raunhæfar aðgerðir til að draga úr nýtingu jarðefnaeldsneytisins og losun gróðurhúsalofttegunda, þ.m.t. Ísland sem hefur sett sér metnaðarfull markmið í því sambandi.
- Manngerð efni eins og plast hafa mikil áhrif á umhverfið, ekki síst á lífríkið. Líffræðilegur fjölbreytileiki er í hættu og því er mikilvægt að stuðla að verndun viðkvæmra dýrategunda og mikilvægrar náttúru. Hemja þarf gróður- og jarðvegseyðingu og snúa henni við, einnig hér á landi.
- Fátækt og félagslegar afleiðingar misskiptingar grafa undan hverju samfélagi og mikilvægt að Ísland leggi sitt af mörkum á sviði þróunarsamvinnu og í jafnréttis- og mannréttindamálum. Stjórnvöld hafa þróað velsældarvísa til að tryggja festu í stefnumótun og meðvitund um mikilvægi þess að árangur sé mældur út frá velsæld samfélaga en ekki eingöngu á efnahagslegum forsendum.
- Orkunýting og vaxandi fjöldi ferðamanna hefur skapað nýjar og öflugar atvinnugreinar en umdeilt er hvernig best er að haga uppbyggingu þeirra.
- Mannkyn stendur frammi fyrir fordæmalausum áskorunum í umhverfis- og loftslagsmálum, sem ógna velferð mannkynsins.

Verkefnið kann að sýnast óárennilegt en enn er mögulegt að snúa við hluta af hinni neikvæðu þróun, aðlaga samfélagið til að draga úr skaða, endurheimta mikilvæg vistkerfi og verja líffræðilegan fjölbreytileika náttúrunnar með öflugri hætti en gert hefur verið. Til að ná fram langtíma sjálfbærni þarf að nálgast umhverfið, loftslagið, hagkerfið og samfélagið allt sem samþætta hluta sömu heildar / sama kerfis.

1.4 Stoðir sjálfbærrar þróunar


Þrjár stoðir sjálfbærni, umhverfi, samfélag og efnahagur, hafa verið til í margar aldir í mismunandi myndum. Þeim var þó fyrst lýst í áðurnefndri Brundtland-skýrslu frá 1987 þar sem fjallað var um hnattrænar áskoranir á sviði umhverfismála og settar fram tillögur að úrbótum. Skýrslan var unnin af alþjóðlegri nefnd leiðandi sérfræðinga á sviði lífvísinda og hagfræði, undir forystu fyrirverandi forsætisráðherra Noregs Gro Harlem Brundtland-nefndinni.

Sjálfbærnistioðirnar móta sameiginlegan ramma um hverju þarf að hrinda í framkvæmd til að draga úr neikvæðum áhrifum okkar á umhverfið. Með því að styðja betur við menntun, heilbrigðisþjónustu, húsnæðisöryggi og atvinnutækifæri, svo dæmi séu tekin, getum við stutt betur við þróun þessara þriggja stoða og varðveitt náttúruauðlindir jarðarinnar fyrir komandi kynslóðir.

Umhverfisstoðin : Þessi stoð er kannski ein sú þekktasta þegar kemur að sjálfbærni þar sem okkur ber skylda til að vernda umhverfið og náttúruna fyrir komandi kynslóðir. Að takmarka mengun, varðveita líffræðilegan fjölbreytileika og minnka kolefnisfótspor okkar.

Samfélagslega stoðin : Samfélagsleg stoð sjálfbærni beinist að því að tryggja að allir fái sanngjarna meðferð með reisu og virðingu. Aðgerðir innan þessarar stoðar geta falið í sér að veita aðgang að grunnmenntun, heilbrigðisþjónustu og húsnæðisöryggi, efla jafnrétti kynjanna og vernda mannréttindi.

Efnahagslega stoðin : Í þessari stoð er lögð áhersla á að öll efnahagsstarfsemi, hjá hinu opinbera og einkaaðilum, fari fram á ábyrgan hátt þannig að hún komi umhverfinu, samfélaginu og komandi kynslóðum til góða. Aðgerðir fela m.a. í sér að fjárfesta í endurnýjanlegum orkugjöfum, s.s. í samgöngum, efla hringrásarhagkerfið og draga þannig úr margvíslegri sóun, skapa störf í heimabyggð og stuðla að ábyrgum neysluvenjum.



Þá hefur því verið velt upp hvort menning sé fjórða stoð sjálfbærni. Menning og listir tengjast því hvernig við skiljum og metum bæði náttúruauðlindir og aðrar manneskjur. Hlutverk og þýðing menningar og menntunar í sjálfbærri þróun hefur þó ekki verið skilgreint með samræmdum hætti. Hlutverk menningar hefur þó orðið meira áberandi í opinberri umræðu um markmið sjálfbærrar þróunar.

1.5 Samráð um drög að grænbók

Við undirbúning þessarar grænbókar var haft samráð við þá aðila sem eru þátttakendur í Sjálfbæru Íslandi. Haldnir voru fjórir þemafundir þar sem tekin voru fyrir mismunandi áhersluatriði sem tengjast sjálfbærri þróun.

Meðal áskorana úr því samtali má nefna eftirfarandi:

- Þörf er á betra jafnvægi á milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar í íslensku samfélagi. Mikil áhersla hafi síðustu áratugi verið lögð á efnahagslega þætti, sem er hin hefðbundna nálgun, en að samfélagslegar áskoranir og umhverfismál hafi setið á hakanum. Rætt var um að bæta mætti þekkingu á hringrásarhagkerfinu og sjálfbærri þróun hér á landi. Sú hugsun þurfi að vera ofin inn í nám á öllum skólastigum, m.a. til þess að virkja hugvit til nýsköpunar. Nýsköpun muni þó ekki leysa allan vanda, heldur þurfi einnig að gangast við ábyrgð Íslands sem mikillar neysluþjóðar. Vegna töluverðs hraða og álags í íslensku samfélagi var rætt um að tækifæri væru til þess að hægja á og fara í þá naflaskoðun sem fylgir því að endurhugsa hvað sé raunverulega mikilvægt. Aukin skjánotkun síðustu ára hafi dregið úr mannlegum samskiptum og því þyrfti að hlúa að sjálfsprottnum félagslegum stuðningi sem er nauðsynlegur er sérhverju samfélagi.
- Mikil áhersla kom fram varðandi geðheilbrigðismálog sjónarmið um að þeim þyrfti að gefa enn betri gaum.
- Greina þurfi betur hvernig markmiðum stjórnvalda um kolefnishlutleysi árið 2040 skuli náð. Helstu áskoranir Íslands í þeim efnum séu losun frá bílasamgöngum og jarðvegsrof.
- Náttúruauðlindir væri hægt að nýta betur og mikil tækifæri séu til að auka lífræna grænmetisræktun hér á landi. Til þess að þjóðin geti neytt slíks fæðis mætti auka stýringu með sköttum og hvötum fyrir heilbriggt og vistvænt fæði á Íslandi.
- Tekið verði á áskorunum framtíðarinnar m.a. með því að orkuskipti eigi sér stað úr jarðefnaeldsneyti yfir í vistvænni orkugjafa en skiptar skoðanir eru á því hvernig útreikningum á þeirri orkuþörf sé hagað. Ferðamannaíðnaður eigi mikið þar undir, sérstaklega þar sem búist sé við töluverðri aukningu ferðamanna á næstu árum.
- Huga þarf að samræmingu úrgangs- og fráveitukerfa og tryggja að þau séu í samræmi við alþjóðleg viðmið.
- Skoða þarf hvernig hægt sé að auðvelda fólki á flóttu að aðlagast íslensku samfélagi og auka jöfnuð í samfélaginu, ekki síst með tilliti til þeirra.

Frekara samráð og samtal við hagaðila er fyrirhugað, en forsætisráðherra mun halda kynningar- og samráðsfundi í öllum landshlutum í apríl 2023. Samtímis verða drög að grænbók gerð aðgengileg almenningi í samráðsgátt stjórnvalda. Endanleg grænbók verður gefin út eftir að því samráði lýkur.

2. Alþjóðleg samvinna, samanburður og mælikvarðar

2.1 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (SP) eru vegvísir þjóða heims um frið og velmegun fyrir fólk og jörðina. Kjarni þeirra eru 17 þróunarmarkmið (SDG) sem eru brýnt ákall um sameiginlegar aðgerðir allra landa í þágu mannkyns. Með þeim er viðurkennt að aðgerðir sem miða að því að binda endi á fátækt og annan skort verði að haldast í hendur við áætlanir sem miða að því að bæta heilsu og menntun, draga úr ójöfnuði og örva hagvöxt - allt á sama tíma og tekist er á við loftslagsbreytingar og gríðarleg umhverfisáhrif þeirra.

Heimsmarkmið SP eru því samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stöða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, samfélagslegu og umhverfislegu. Heimsmarkmiðin voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja SP í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016–2030, eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Þá fela þau einnig í sér fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf. Þannig eru innri tengsl og samþætt eðli markmiðanna þýðingarmikil fyrir framkvæmd þeirra. Aðalsmerki heimsmarkmiðanna er að þau eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu þeirra, bæði á innlendum og erlendum vettvangi, út gildistíma þeirra.

Ísland hefur verið virkur þátttakandi í samstarfi um innleiðingu heimsmarkmiða. Samþykkt heimsmarkmiðanna árið 2015 markaði tímamót en ríki heims hafa aldrei áður sett sér jafn víðtæk, sameiginleg markmið. Ísland tók virkan þátt í samningaviðræðunum um heimsmarkmiðin og lagði áherslu á endurnýjanlega orku, stöðvun landeyðingar, sjálfbæra nýtingu og verndun hafsins, jafnrétti kynjanna og framfarir í lækningu sjúkdóma og skaða á taugakerfinu. Þá lagði Ísland áherslu á að tryggja að markmiðin yrðu framsækin og næðu til þeirra jaðarsettustu, sem og að mannréttindi allra væru virt.

Aðalinntak markmiðanna er jafnframt að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir. Því er mikilvægt að ríki horfi ekki eingöngu til meðaltala við mælingar á árangri sínum heldur nálgist innleiðingu markmiðanna á heildstæðan hátt. Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull og krefjast skipulagðrar vinnu af hálfu stjórnvalda en einnig þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila. Óhætt er að fullyrða að ef þjóðum heims tekst að ná markmiðunum innan gildistíma áætlunarinnar mun líf allra og umhverfi hafa batnað til mikilla muna árið 2030.

Nánar er fjallað um þróun samstarfs um innleiðingu markmiðanna og niðurstöður mælinga er varða Ísland í næsta kafla.

2.1.1 Skuldbindingar Íslands gagnvart heimsmarkmiðunum


Ísland hefur, eins og áður sagði, skuldbundið sig til að innleiða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, bæði innanlands sem og á alþjóðavettvangi fyrir árið 2030. Heimsmarkmiðin hafa verið innleidd í opinberar stefnur er varða félags-, efnahags- og umhverfismál, með sérstakri áherslu á uppbyggingu friðsælla og réttláttra samfélaga, laus við ótta og ofbeldi. Innanlands leggur ríkisstjórnin áherslu á að bera kennsl á og þjóna betur jaðarsettum

hópum samfélagsins sem og að stuðla að samstarfi um aðgerðir til að takast á við þau alvarlegu umhverfisáhrif sem nútímalífnaðarhættir hafa í för með sér.

Ísland styður framtíðarsýn heimsmarkmiða SP um sjálfbæra veröld þar sem hungri og sárafátækt hefur verið útrýmt, dregið hefur úr ójöfnuði innan og á milli ríkja, mannréttindi allra eru virt, öll eru jöfn fyrir lögum og lífa við frið og öryggi í daglegu lífi. Stefna Íslands í þróunarsamvinnu tekur jafnframt mið af þeim alþjóðlegu sáttmálum sem Ísland hefur gerst aðili að, samþykkt eða fullgilt, m.a. á sviði mannréttinda, alþjóðlegum skuldbindingum um fjármögnun þróunar og Parísarsamkomulaginu um loftslagsmál, sem saman mynda heildstæða umgjörð um þróun á heimsvísu til ársins 2030.

Aukin sjálfbær þróun og samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda eru óaðskiljanleg markmið. Aukin sjálfbærni er forsenda þess að loftslagsvandinn verði leystur og forsenda þess að heimurinn þróist í átt til aukinnar sjálfbærni er að ná tókum á loftslagsvánni.

Samkvæmt Evrópuskýrslu SDSN (Sustainable Development Solutions Network) frá árinu 2022 hefur Ísland náð góðum árangri í að innleiða heimsmarkmiðin, en 71,4% af þeim mælikvörðum sem SDSN notar sýna að Ísland hefur annað hvort náð tilteknum undirmarkmiðum heimsmarkmiðanna eða er komið vel á veg við að ná innleiðingu þeirra. Hægt gengur að innleiða um 14,3% af undirmarkmiðunum og 14,3% hafa færest fjær lokatakmarkinu, sbr. meðfylgjandi töflu.



Þegar litið er yfir heimsmarkmiðin 17 stendur Ísland sig vel eða ágætlega í 9 af 17 heimsmarkmiðum (53%). Þau markmið snúa að félagslegum þáttum, jafnrétti, orkumálum, nýsköpun og réttlæti, nánar tiltekið heimsmarkmið 1, 3, 4, 5, 7, 9, 10, 16 og 17. Hér má sjá 9 af 17 heimsmarkmiðum sem Ísland hefur náð hvað bestum árangri við innleiðingu:



Hér má sjá þau 9 markmið af 17 sem Ísland hefur náð hvað bestum árangri við innleiðingu.

Samkvæmt sömu skýrslu SDSN gengur Íslandi verr að innleiða heimsmarkmið 2, 6, 8, 11, 12, 13, 14, og 15. Mælingar á þeim heimsmarkmiðum sýna að Ísland þarf að gera betur í úrgangs- og fráveitumálum. Einnig þarf að vinna að ábyrgri neyslu og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum sem verða vegna innflutnings neysluvara. Fæðuneysla er jafnframt ósjálfbær hér á landi, en yfirþyngd og offita hefur aukist verulega og tölur sýna að þjóðin sé orkufrekur fæðuneytandi og að mikið ójafnvægi ríkir á milli neyslu kjötvara og grænæðis. Enn fremur sýna mælingar að þörf sé á að hlúa betur að þeim líffræðilega fjölbreytileika í vatni og á landi. Hér má sjá 8 af 17 heimsmarkmiðum sem Ísland þarf að leggja aukna áherslu á:




Ekki eru til staðbundnir mælikvarðar fyrir sjálfbæra þróun á Íslandi, þ.e. innlendir landsmælikvarðar. Stöðutaka fyrir Ísland getur því oft verið snúin þar sem stuðst er við alþjóðlega mælikvarða sem segja okkur meira um hvernig við stöndum okkur gagnvart öðrum þjóðum, en lítið um hvernig okkur gengur að innleiða sjálfbæra þróun á landsvísi. Það er því sérstök áskorun fyrir Ísland að þróa innlenda mælikvarða á sjálfbærni sem notaðir væru samfara alþjóðlegum mælikvörðum. Þannig er hægt að draga fram stöðu Íslands, bæði á landsvísi og alþjóðavísi.

2.1.2 Landsrýniskýrsla – Voluntary National Review (VNR)

Hinn eiginlegi vettvangur fyrir eftirfylgni heimsmarkmiðanna er ráðherrafundur hjá SP í New York, High Level Political Forum on Sustainable Development (HLPF) sem fram fer í júlí ár hvert. Á fundinum gefst aðildarríkjum tækifæri til þess að kynna innleiðingu sína á markmiðunum en

mælt er til að ríkin efni til slíkrar kynningar að minnsta kosti þrisvar á gildistíma markmiðanna. Staða Íslands gagnvart heimsmarkmiðum verður kynnt á fundinum í júlí 2023 með landsrýniskýrslu (Voluntary National Review, VNR) þar sem gerð er grein fyrir aðgerðum stjórnvalda í þágu markmiðanna og stöðu innleiðingar þeirra hér á landi. Það verður í annað sinn sem íslensk stjórnvöld skila inn VNR-skýrslu til SP en sú fyrsta var kynnt í júlí 2019.

Inntak skýrslunnar er m.a. stöðutaka stjórnvalda á hverju af 17 markmiðum og samhliða því verður birt stöðumat frjálsra félagasamtaka. Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi skipuleggur og heldur utan um þá stöðutöku, en fjöldi félagasamtaka tekur þátt í þeirri vinnu. Stöðutaka stjórnvalda mun byggja á efni úr mælaborði sem fyrst var birt á vef stjórnvalda um heimsmarkmiðin, www.heimsmarkmidin.is, árið 2021. Þar má finna efni um stöðu allra 169 undirmarkmiða sem og myndrænt yfirlit yfir stöðu markmiðanna í heild á Íslandi. Staða markmiðanna í mælaborðinu byggir á mati sérfræðinga í ráðuneytunum og stöðu Íslands gagnvart þeim mælikvörðum sem SP hafa skilgreint fyrir markmiðin og Hagstofa Íslands heldur utan um.



Myndin hér að ofan sýnir mælaborð með stöðu allra undirmarkmiða heimsmarkmiðanna á heimsmarkmidin.is.

Þegar Ísland hélt sína fyrstu kynningu á HLPF-fundi Sameinuðu þjóðanna árið 2019 voru aðildarríkin enn bjartsýn um að innleiðing heimsmarkmiðanna myndi nást á heimsvísu fyrir árið 2030. Þó var ljóst að öll ríki þyrftu að herða sína vinnu ef það ætti að takast. Á þeim tímapunkti voru ungmenni farin að láta vel í sér heyra með loftslagsmótmælum. Meiri þungi hafði jafnframt færst í samfélagsumræðu um aðgerðir vegna loftslagsbreytinga og leiðir að sjálfbærri þróun.

Þá tóku við ófyrirséðar áskoranir vegna heimsfaraldurs COVID-19 og auknum átökum í heiminum, þar á meðal innrás Rússlands í Úkraínu. Hvort tveggja hefur leitt til þess að í fyrsta sinn síðan árið 1990 hefur fátækt í heiminum aukist og bakslag orðið í menntun, sem ásamt matvælakreppu eru taldar vera helstu ástæður þess að víða hafa stjórnvöld dregið úr áherslum á innleiðingu heimsmarkmiðanna. [Heimild: <https://sdg.iisd.org/news/hlpf-opens-with-expressions-of-concern-over-sdg-setbacks/>] Nú þegar gildistími þeirra er hálfnaður er ljóst að ríki heimsins munu þurfa að lyfta grettistaki á öllum sviðum heimsmarkmiðanna ef rétta á við þróun síðustu ára og tryggja nægar aðgerðir í loftslagsmálum fyrir árið 2030.

2.1.3 Smitáhrif heimsmarkmiðanna

Umræða og umfjöllun um smitáhrif (e. spillover effects) ríkja samhliða innleiðingu á heimsmarkmiðunum fer sívaxandi en velmegunarríki sem mælast ofarlega á árangurslistum gagnvart heimsmarkmiðunum hafa að mörgu leyti náð þeim góða árangri á kostnað annarra ríkja eða svæða. Í skýrslu SDSN frá 2022 eru smitáhrif mæld út frá þremur víddum: 1) umhverfis- og félagslegum áhrifum alþjóðaviðskipta, 2) áhrifum á efnahag og fjármál annarra ríkja og 3) öryggi. Á grundvelli þeirra er unnin vísitala sem notuð er til að raða ríkjum heimsins eftir smitáhrifum þeirra. Ísland mælist neðarlega á þeim lista og er það til marks um að neysla og lifnaðarhættir sem skilað hafa árangri á hinum félagslegu og efnahagslegu víddum heimsmarkmiðanna eru ekki aðeins á kostnað umhverfisins, heldur einnig annarra ríkja.

Af þeim sökum hefur forsætisráðuneytið samið við Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir við Háskóla Íslands um gerð úttektar á smitáhrifum Íslands vegna innleiðingar á heimsmarkmiðunum. Úttekt stofnunarinnar mun liggja fyrir í maí nk. og innihalda almenna samantekt um smitáhrif, þróun hugtaksins og stöðu þekkingar innanlands sem og erlendis. Einnig verður þar stöðumat á smitáhrifum heimsmarkmiðanna hér á landi, t.d. um hver mestu smitáhrifin eru talin vera og hvernig unnt verði að mæla þau, ásamt ráðleggingum um næstu skref. Gert er ráð fyrir að þörf verði á áframhaldandi rannsóknum á þessu sviði en að niðurstöður úttektarinnar muni nýtast við stefnumótun og gerð innlendra mælikvarða um sjálfbæra þróun.


2.1.4 Vitundarkannanir

Frá árinu 2017 hafa verið framkvæmdar sex vitundarkannanir meðal almennings um heimsmarkmiðin og hafa þær allar innihaldið eftirfarandi spurningar:

1. Þekkir þú eða hefur þú heyrt um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun?
2. Hversu vel eða illa þekkir þú heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun?
3. Vinnur þú mikið eða lítið með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfi þínu eða námi?
4. Hvar hefur þú heyrt eða séð upplýsingar um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun?

Þá hafa svarendur tvívegis verið beðnir um að svara spurningunni: „Hvaða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun myndir þú vilja sjá lagða mesta áherslu á í íslensku samfélagi í dag?“ og í síðustu könnun einnig: „Hvaða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun myndir þú vilja sjá lagða mesta áherslu á í alþjóðlegu samfélagi í dag?“


Nýjustu niðurstöður sýna að um 70% svarenda segjast annað hvort þekkja til heimsmarkmiðanna eða hafa heyrt um þau. Einnig að fleiri konur (34%) en karlar (29%) segjast þekkja til heimsmarkmiðanna og að sá hópur sé talsvert stærri á höfuðborgarsvæðinu (39%) en á landsbyggðinni (20%). Að auki eykst vitund um og þekking á heimsmarkmiðunum jafnt og þétt með aukinni menntun og hærri tekjum.



Myndin sýnir niðurstöður spurningarinnar: „Þekkir þú eða hefur þú heyrt um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun?“

Um þriðjungur (32%) þeirra sem segjast þekja eða hafa heyrt um heimsmarkmiðin telur sig annað hvort þekja þau fremur eða mjög vel og hefur sú niðurstaða haldist nokkuð stöðug frá árinu 2020. Þá segist rúmur þriðjungur (37%) svarenda vinna í meðallagi, fremur eða mjög mikið með heimsmarkmiðin í starfi sínu eða námi. Í þeim hópi eru konur (45%) fleiri en karlar (35%), auk þess sem aldur, búseta, menntun og tekjur hafa þar marktæk áhrif.

Eins og sjá má á myndinni hér á eftir hafa niðurstöður spurningarinnar um hvaða heimsmarkmið eigi að leggja mesta áherslu á í íslensku samfélagi tekið talsverðum breytingum á milli ára. Þar hafa t.a.m. aðgerðir í loftslagsmálum (HM 13) færst niður um tvö sæti í skiptum fyrir heilsu og vellíðan (HM 3) sem færir upp í annað sætið. Þá raðast önnur markmið á umhverfisviddinni fyrir neðan miðju og þannig almennt metin minna mikilvæg en markmið sem tilheyra hinum félagslegu og efnahagslegu víddum heimsmarkmiðanna.



Mynd: Niðurstöður könnunar sem sýnir hvernig svarendur raða fimm heimsmarkmiðum eftir mikilvægi sem þau telja að leggja eigi mesta áherslu á innanlands.

2.1.5 Önnur mælasöfn

Mælikvarðarnir sem mæla stöðu heimsmarkmiða geta þó sumir hverjir verið umdeildir, enda eru þeir í reglulegri þróun og endurskoðun. Fyrir vikið hafa ýmsar alþjóðlegar stofnanir og samtök skilgreint sína eigin mælikvarða til að ná betur utan um stöðu heimsmarkmiðanna fyrir smærri svæði, t.d. Evrópu. Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD)t.d. sína eigin gagnagrunna við útreikning mælikvarðanna og fylla upp í glöppur með gögnum frá SP.

Einnig hefur Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat) gefið út 100 mælikvarða fyrir evrópska stöðutöku á sjálfbærri þróun. Mælikvarðar unnir af SDSN, í samstarfi með þýsku rannsóknarstofnuninni Bertelsmann Stiftung, eru um 110 alls. Þeir eru notaðir fyrir alþjóðlega stöðutöku og evrópskan samanburð. Samkvæmt nýjustu Evrópuskýrslu SDSN er Ísland nú í 12. sæti á lista yfir 34 sjálfbærar Evrópuþjóðir. Við gerð listans er stuðst við heimsmarkmiðavísitölu (e. SDG index) sem mælir árangur ríkja í að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, þar sem hverju ríki eru gefin stig á bilinu 0-100 eftir árangri. Líkt og fyrri ár eru Norðurlöndin í efstu sætunum á Evrópulistanum. Finnland situr í 1. sæti þriðja árið í röð og næst á eftir raðast Svíþjóð, Danmörk og Noregur. Ekkert land fær fullt hús stiga sem þýðir einfaldlega að þótt lönd standi sig vel að meðaltali gengur erfiðlega að ná einstökum heimsmarkmiðum. Þannig standa t.d. flestar efnaðri þjóð heims, sem hafa háa heimsmarkmiðavísitölu, sig verr í heimsmarkmiðum sem snúa að sjálfbærri matarvenju, neyslu og framleiðslu, ásamt loftslagsaðgerðum og líffræðilegri fjölbreytni.

Samkvæmt þessari heimsmarkmiðavísitölu eru Norðurlöndin efst á lista:

1.	Finnland	82
2.	Svíþjóð	81
3.	Danmörk	80
4.	Austurríki	78

5.	Noregur	77
...		
12.	Ísland	73

Sjá nánar hér: Europe Sustainable Development Report 2022 (sdgindex.org)

2.2 Velsældarvísar og samstarf velsældarríkja

Velsæld (e. wellbeing) er samnefni yfir þá hugmyndafræði að nota ekki eingöngu efnahagslega mælikvarða líkt og landsframléiðslu til að meta lífsgæði og velferð íbúa. Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að forgangsraða þessu stefnumáli með þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, þróun mælikvarða, öflugri gagnasöfnun og mælingum. Ríkisstjórn Íslands á í samstarfi við ríkisstjórnir Finnlands, Skotlands, Wales, Kanada og Nýja-Sjálands um mótun velsældarhagkerfa undir yfirskriftinni Wellbeing Economy Governments (WEGo). Þar er megináhersla lögð á að horfa þurfi til og mæla aðra þætti en þá efnahagslegu þegar fjallað er um hagsæld og lífsgæði þjóðar og stuðla þannig að aukinni sjálfbærni í heimalöndunum og á heimsvísu.

Grunnstefið er að ekki er nóg að horfa eingöngu til efnahagslegra þátta eins og vergrar landsframléiðslu eða hagvaxtar þegar fjallað er um hagsæld og lífsgæði þjóða, heldur einnig til umhverfislegra og samfélagslegra þátta sem hafa áhrif á daglegt líf fólks, eins og heilsu, húsnæðis, atvinnu, menntunar, tekna, gæða lofts og vatns, svo eitthvað sé nefnt. Þess vegna er mikilvægt að taka saman mælingar sem gefa góða yfirsýn og geta legið til grundvallar mati á hagsæld og lífsgæðum á Íslandi. Mörg ríki og alþjóðastofnanir hafa útbúið söfn mælikvarða um hagsæld og lífsgæði og er þessum mælikvörðum ætlað að beina sjónum að meginstöðum sjálfbærrar þróunar og vera upplýsandi fyrir stefnumótun stjórnvalda en ekki endilega veita nákvæma lýsingu á öllum þáttum velsældar.

Innlendir velsældarvísar voru þróaðir í samstarfi forsætisráðuneytisins, Hagstofu Íslands og fleiri aðila. Um er að ræða 39 vísa sem eru flokkaðir í þrjá undirþætti: Félagslegir mælikvarðar; efnahagslegir mælikvarðar og umhverfislegir mælikvarðar. Haustið 2022 var einum mælikvarða bætt við, tilkynningar um heimilisofbeldi, og mælikvarðarnir því orðnir 40 talsins. Hverjum mælikvarða er svo skipt í undirflokk og þeim síðan í tiltekna vísa eða mælingar. Því má segja að vísarnir séu fyrsta innlenda útgáfan af safni mælikvarða sem getur varpað ljósi á bæði velsæld og um leið sjálfbæra þróun hér á landi. Mikilvægt er að halda áfram að þróa sjálfbærni- og velsældarvísa og samþætta þá enn betur við mælingar í lykilmálaflokkum, og nýta þá í alþjóðlegum samanburði.

Við mat á breytingum síðustu fimm ára höfðu 22 velsældarmælikvarðar þróast í jákvæða átt, sjö staðið í stað og fimm þróast til verri vegar. Sex vísar eru enn í vinnslu en þeir byggja að mestu leyti á viðhengjum lífskjararannsóknar Hagstofu Íslands. Viðhengin hafa ekki verið árlegur hluti rannsóknarinnar en eru það frá og með árinu 2023. Frá því í maí 2022 hefur verið lögð mikil áhersla á að uppfæra velsældarvísa og birta stöðu þeirra mælikvarða sem hafa verið í vinnslu. Í lok árs var búið að uppfæra 34 af 40 mælikvörðum. Gert er ráð fyrir að staða allra mælikvarða hafi verið uppfærð í lok árs 2023. Sjá nánar í viðauka.

2.3 Sjálfbærni í norrænu samstarfi

Á Norðurlöndum ríkir einhugur um að sjálfbær þróun sé meðal mikilvægustu verkefna sem löndin standa andspænis. Sjálfbær þróun er metnaðarfullt og nauðsynlegt markmið og það eru engar aðrar lausnir, eins og segir á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar: Við verðum að bæta velferð og lífsgæði í heiminum öllum og samtímis að tryggja getu jarðarinnar til að styðja við lífið í öllum sínum fjölbreytileika.

Framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf er sú að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims á árunum fram til 2030. Unnið er eftir framkvæmdaáætlun til ársins 2024, en þar er því lýst hvernig Norræna ráðherranefndin hyggst vinna að því að uppfylla markmið framtíðarsýnarinnar með röð verkefna sem tengjast þremur stefnumarkandi áherslum: Græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Tólf markmið hafa verið sett fyrir þessar stefnumarkandi áherslur sem eru leiðarvísir í starfinu næstu fjögur árin.

Ísland gegnir nú formennsku í ráðherranefndinni og því er tækifæri til að tengja áherslur Íslands enn betur við áherslur í norrænni samvinnu. Friður gegnir lykilhlutverki í formennskuáætluninni, ásamt metnaði til að Norðurlöndin verði græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær. Þá eru réttlát græn umskipti í brennidepli og sérstök áhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins.

Sjá nánar: <https://www.norden.org/is/sjalfbaer-throun>

Finnland mælist jafnan mjög hátt á alþjóðlegum vísitölum yfir árangur í átt að sjálfbærri þróun. Samkvæmt landsrýniskýrslu (Voluntary National Review, VNR) Finnlands frá 2020 hefur Finnland náð eða er nálægt því að ná mörgum af þeim heimsmarkmiðum sem tengjast félagslegri og efnahagslegri sjálfbærni. Þar má nefna markmið sem tengjast fátækt, heilsu, menntun, vatni, orku og vel starfandi stofnunum. Því er áhugavert fyrir Íslendinga að skoða hvað þessi frændþjóð gerir til að stuðla að aukinni sjálfbærri þróun.

Eitt þeirra verkfæra sem hefur nýst best til að ná árangri að sjálfbærni felst í skuldbindingu samfélagsins, en finnsk stjórnvöld hafa lagt áherslu á virkt samráðs við hagsmunaaðila á mismunandi sviðum til samtarfs að sameiginlegum markmiðum. Í þjóðarráði Finnlands um sjálfbæra þróun (The Finnish National Commission on Sustainable Development) sitja fulltrúar ríkisstjórnar, þjóðþingsins, sveitarfélaga, atvinnulífs, launafólks, félagasamtaka o.fl. Forsætisráðherra Finnlands er formaður ráðsins.

3. Stöðulýsing og stöðumat

3.1 Um stöðulýsinguna og stöðumatið

Stöðulýsing eða stöðumat felur í sér nánari umfjöllun um þau tilteknu viðfangsefni sem stjórnvöld og aðrir lykilaðilar vinna að, hvert á sínu sviði, og varða meginstoðir sjálfbærrar þróunar. Slík umfjöllun er mikilvæg sem undanfari stefnumótunar og er ætlað að vera grundvöllur fyrir umræður og samráð um megináskornir og úrlausn þeirra. Almennings- og hagsmunaaðilum er gefinn kostur á að rýna stöðuna og þau verkefni sem unnið er að á ýmsum sviðum og setja fram sín sjónarmið. Með því móti fæst betri yfirsýn yfir meginviðfangsefni stefnumótunarinnar.

Grænbók þessi verður, eins og fram kom í inngangskafla, fullgerð að loknu samráði sem forsætisráðherra hyggst efna til um allt land í apríl. Jafnframt verða drögin opin almenningi til rýni og umsagna í samráðsgátt stjórnvalda út maímánuð. Í kjölfar þessa verður endanleg grænbók gefin út og verður þar með grundvöllur stefnumótunar um sjálfbæra þróun á Íslandi.

Umfjöllunin hér á eftir felur í sér lýsingu á þeim viðfangsefnum sem lykilaðilar í samfélaginu vinna að á sviði sjálfbærrar þróunar, þ.e. stjórnvöld og þeir aðilar sem eiga aðild að Sjálfbærnisráði. Lykilviðfangsefni eru tilgreind eftir því sem við á, en samráðið um þessi drög að grænbók lýtur ekki síst að draga fram hvort sú samantekt sem hér fer á eftir sé fullnægjandi þegar kemur að skilgreiningu þeirra lykilviðfangsefni sem skipta máli fyrir stefnumótun að sjálfbærri þróun.

3.2 Alþingi

Framtíðarnefnd Alþingis kom saman í fyrsta sinn 28. janúar 2022 en forveri nefndarinnar starfaði á vegum forsætisráðuneytisins frá 2018. Hlutverk framtíðarnefndar er m.a. að fjalla um áskoranir og tækifæri Íslands í framtíðinni að því er snertir tæknibreytingar, langtímabreytingar á umgengni við náttúruna, lýðfræðilegar breytingar og sjálfvirknivæðingu. Fulltrúi framtíðarnefndar á sæti í sjálfbærnisráði enda hafa viðfangsefni nefndarinnar marga snertifleti við verkefni Sjálfbærs Íslands.

Framtíðarnefnd finnska þingsins er að miklu leyti fyrirmynd framtíðarnefndar Alþingis og fóru nefndarmenn til Finnlands í mars 2022 til að kynna sér starf framtíðarnefndar finnska þingsins. Nefndinni er ætlað að skoða drifkrafta og óvissukrafta til framtíðar litið og notar verkfæri framtíðarfræða til þess, s.s. sviðsmyndagreiningar. Þannig er hægt að skoða tækifæri og ógnanir mismunandi sviðsmynda sem auðvelda ákvarðanatöku til framtíðar.

Í kjölfarið hóf Framtíðarsetur Íslands að vinna sviðsmyndagreiningu fyrir nefndina með þeirri lykilsurningunni hvort græn umskipti muni hafa stuðlað að kolefnishlutleysi Íslands árið 2040. Niðurstaða þeirrar vinnu verður kynnt haustið 2023.

3.3 Stjórnarráðið

Ítarlegum stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar eru skilgreind margvísleg og mikilvæg verkefni sem unnið skal að á kjörtímabilinu. Sjálfbærni er lykilhugtak og rauður þráður í sáttmálanum, eins og áður hefur komið fram, sem undirstrikar áherslur stjórnvalda á því sviði og forgangsroðun verkefna í þágu sjálfbærrar þróunar alls samfélagsins og réttláttra umskipta.

3.3.1 Forsætisráðuneytið

Verkefni forsætisráðuneytisins varða stjórnskipan lýðveldisins Íslands og Stjórnarráðið í heild, málefni ríkisstjórnar og ráðherranefnda, málefni ríkisráðs, þjóðhagsmál, löggjafarmálefni, stjórnarfar almennt, þjóðartákn, mannréttindamál, jafnréttismál og fleira. Forsætisráðuneytið fer auk þess með ýmis málefni og tilfallandi verkefni er tengjast stöðu og störfum forsætisráðherra sem oddvita ríkisstjórnarinnar og samhæfingu og samráð er lýtur að samstarfi ráðuneyta á ýmsum sviðum.

Í forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna, sem tók gildi 1. febrúar 2022, er forsætisráðuneytinu falið að fara með sérstök áherslumál á sviði **samhæfingar**, s.s. sjálfbæra þróun, réttlát umskipti og velsældaráherslur. Á þeim grundvelli hefur ráðuneytið unnið að því að móta skipulag þess samstarfs innan Stjórnarráðsins við sveitarfélögin, atvinnulífið og félagasamtök, sbr. það sem að framan greinir. Þá hefur ráðuneytið haldið utan um vinnu og samstarf er viðkemur heimsmarkmiðum SP í nánú samstarfi við utanríkisráðuneytið og önnur ráðuneyti, sveitarfélög og félagasamtök.

Önnur mikilvæg verkefni ráðuneytis sem varða sjálfbæra þróun samfélagsins eru í fyrsta lagi **jafnréttismál**. Þar undir eru m.a. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög um stjórnýslu jafnréttismála, lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og lög um kynrænt sjálfræði. Markmið jafnréttislaga er að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allar manneskjur skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Unnið er eftir aðgerðaáætlunum fyrir helstu viðfangsefni ráðuneytisins á þessu sviði, markmið og mælikvarðar skilgreindir og haldið utan um þá á vefsvæði ráðuneytisins. Jafnréttismál eru fimmta heimsmarkmiðið en afar mikilvægt er að tryggja aukna þátttöku og tækifæri allra. Kynjaójöfnuður heldur ekki einungis aftur af konum, heldur velsæld mannkyns í heild.

Í öðru lagi eru **mannréttindamál**, en unnið er að mótun stefnu fyrir Ísland í formi landsáætlunar sem tryggi gæði í framkvæmd og vernd mannréttinda. Nýleg grænbók liggur fyrir sem varpar ljósi á stöðu þessara mála hér á landi og kortleggur tækifæri og áskoranir hvað mannréttindamálin varðar. Meðal áforma stjórnvalda er að koma á fót sjálfstæðri innlendri mannréttindastofnun sem uppfyllir Parísarviðmið SP og hefur víðtækt umboð til að vinna að eflingu og vernd mannréttinda.

Í þriðja lagi má nefna málefni **hinsegin fólks** en lög um kynrænt sjálfræði voru sett árið 2019. Alþingi samþykkti fyrstu aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022-2023 í júní 2022 og er áætlunin sú fyrsta sem snýr eingöngu að málefnum hinsegin fólks.

Í fjórða lagi eru málefni **þjóðaröryggisráðs** viðfangsefni ráðuneytisins. Unnið er eftir þjóðaröryggisstefnu sem samþykkt hefur verið á Alþingi en markmið hennar eru að tryggja sjálfstæði, fullveldi, lýðræðislegt stjórnarfar og friðhelgi landamæra Íslands, öryggi borgaranna, varnir landsins og vernd stjórnkerfis og mikilvægra innviða samfélagsins.

Stjórnarskrármálefni eru viðfangsefni ráðuneytisins, en sett hefur verið af stað vinna við endurskoðun hennar. Við þá endurskoðun þarf að meta hvort og hvernig orðalag hennar styður við frekari þróun á sjálfbæru Íslandi.

Þá fer ráðuneytið með málefni þjóðlendna en enginn má hafa afnot þjóðlendu án leyfis. Stefna verður mörkuð um kolefnisbindingu og endurheimt vistkerfa á þjóðlendum og jörðum í opinberri eigu.

Almenn **hagstjórn** er viðfangsefni forsætisráðuneytisins. Á vettvangi þjóðhagsráðs er unnið að því að styrkja samhæfingu hagstjórnar og ákvarðana á vinnumarkaði með hliðsjón af efnahagslegum og félagslegum stöðugleika og áhrifum á loftslagsmál og segja má því að hlutverk ráðsins snerti allar hinar þrjár stoðir sjálfbærar þróunar. Hlutverk Seðlabanka Íslands lýtur m.a. að því að tryggja fjármálastöðugleika og stöðugt verðlag, sem hvort um sig er undirstaða efnahagslegrar sjálfbærni landsins. Hagstofa Íslands annast söfnun og útgáfu opinberra hagtalna, sem gegna afar mikilvægu hlutverki í því að meta framþróun á sviði velsældar og sjálfbærrar þróunar. Hagstofan heldur t.d. utan um mælingu á innlendri framvindu heimsmarkmiða og velsældarvísa.

3.3.2 Dómsmálaráðuneytið

Verkefni dómsmálaráðuneytisins ná til fjölmargra þátta þjóðfélagsins. Þau varða m.a. almannavarnir, ákærvald, dómstóla, réttarfar, mannréttindi, fullnustu dóma, landhelgisgæslu, löggæslu, persónurétt, sýslumenn og kosningar.

Kynbundið ofbeldi. Dómsmálaráðuneytið hefur unnið að því í samræmi við framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2020–2023 að sporna gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi. Það er forsenda fyrir bæði heilsu og velferð að almennir borgarar séu öruggir og að brugðist sé við ofbeldi og refsiverðri háttsemi. Í maí 2022 skilaði starfshópur um forvarnir og vitundarvakningu gegn kynferðisbrotum og kynbundnu ofbeldi og áreiti fyrstu stöðuskýrslu sinni sem hefur að geyma 10 megingtillögur og áhersluatriði. Ráðherra hefur falið embætti ríkislögreglustjóra að grípa til sérstakra aðgerða gegn stafrænu ofbeldi með áherslu á tryggðasvik, kynbundið ofbeldi á netinu og áframhaldandi úrbætur innan réttarvörslukerfisins í samræmi við tillögur starfshópsins. Áhersla verður lögð á miðlun upplýsinga til almennings og áframhaldandi endurskoðun á verklagi og þjálfun starfsmanna innan réttarvörslukerfisins.

Aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota fyrir árin 2023–2025 liggur nú fyrir og með henni er áfram unnið markvisst að úrbótum við meðferð kynferðisbrota í réttarkerfinu, auk þess að stuðla að bættri upplifun og betri þjónustu við þá sem í hlut eiga. Nú þegar hefur verið lagt í mikla vinnu hjá dómsmálaráðuneytinu og undirstofnunum þess á ýmsum sviðum sem aðgerðaáætlunin snýr að, til að mynda um bættan málshraða í réttarvörslukerfinu og forvarnir og vitundarvakningu gegn kynbundnu ofbeldi.

Mansal. Eitt af viðvarandi verkefnum stjórnvalda er að berjast gegn mansali en árið 2019 voru birtar áherslur stjórnvalda í aðgerðum gegn mansali og annars konar hagnýtingu. Árið 2021 var lagt fram frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 er varðar mansal. Í frumvarpinu voru lagðar til breytingar er lúta að refsínæmi mansals í þeim tilgangi að bæta enn frekar vernd þolenda og auðvelda málsókn á hendur þeim sem eru ábyrgir fyrir brotunum.

Vert er að minnast á þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021–2025, sem samþykkt var í júní 2020.

Varnir gegn **peningabætti** og fjármögnun hryðjuverka eru mikilvægur þáttur í að standa vörð um trúverðugleika og tiltrú á fjármálakerfið og hafa íslensk stjórnvöld unnið að því að efla enn frekar varnir gegn þessum þáttum. Birtist það m.a. í skýrri stefnu stjórnvalda í málaflokknum, bættri löggjöf, auknum mannafla og aukinni áherslu á málaflokkinn.

Á árinu 2021 voru kynntar viðamiklar aðgerðir gegn **stafrænu ofbeldi** gegn börnum og ungmennum. Úrbætur innan lögreglunnar, ákærvaldsins og dómkerfisins, fræðsla og forvarnir fyrir ólíka aldurshópa og aðstoð við að koma málum þolenda í skýran farveg eru helstu aðgerðirnar sem ráðist verður í. Tillögurnar voru lagðar fram af aðgerðateymi gegn ofbeldi sem sett var á fót í maí 2020 af félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra.

3.3.3 Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Verkefni félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins varða meðal annars félags- og fjölskyldumál, lífeyristryggingar, almannatryggingar og vinnumarkaðsmál. Flestir málaflokkar ráðuneytisins eiga tengingu við sjálfbæra þróun á einn eða annan hátt og er þar grunnstef sjálfbærrar þróunar haft að leiðarljósi um **að skilja engan eftir** (e. leave no one behind).

Í ljósi þróunar í nýgengi örorku og áherslna núverandi ríkisstjórnar á að fjölga tækifærum til vinnu og virkni er nú í framkvæmd **heildarendurskoðun á örorkulífeyriskerfinu** sem hefur það að markmiði að gera kerfið gagnsærra, einfaldara og réttlátara. Kerfisbreytingin er ekki síst undirbúin með það að markmiði að koma í veg fyrir heilsubrest og tryggja heilbrigðan vinnumarkað fyrir hópa með mismikla starfsgetu. Leiðarljós vinnunnar hefur sterka tengingu við sjálfbærni en hún er að blása til sóknar á íslenskum vinnumarkaði með áherslu á réttlát umskipti, jöfn tækifæri til vinnu og velferð fólks á vinnumarkaði.

Í mars 2023 var aðgerðaráætlun um þjónustu við eldra fólk árin 2024-2028 lögð fram á Alþingi en um er að ræða samstarfsverkefni félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins. Aðgerðaráætlunin sem fengið hefur heitið „**Gott að eldast**“ innifelur nítján aðgerðir er lúta m.a. að samþættingu þjónustu, virkni og upplýsingum. Hér er á ferð stefnumótun sem snertir öll þrjú svið sjálfbærrar hugsunar þ.e. efnahagslega, félagslega og umhverfislega þætti.

Mikil þróun hefur átt sér stað í málefnum fatlaðs fólks síðustu ár og nú er unnið að landsáætlun um **innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks**. Sú áætlun mun tryggja öllu fötluðu fólki grundvallar mannréttindi á öllum sviðum sjálfstæðs og sjálfbærs lífs.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið vinnur að **heildarstefnumótun í málefnum innflytjenda og flóttafólks** og er áætlað að sú vinna teygi sig inn á árið 2024. Málefni innflytjenda og flóttafólks er eitt stærsta sjálfbærni-verkefni samfélagsins í dag en það lýtur að því að við styðjum við og búum þannig um að innflytjendur og flóttafólk njóti mannúðar og eigi á Íslandi jöfn tækifæri til vinnu, náms, lífs og þjónustu. Framangreind vinna hefur hugmyndafræði inngildingar að leiðarljósi þar sem áherslan er á sjálfbær samfélög þar sem enginn er skilinn eftir og allir leggi sitt af mörkum.

Á sviði vinnumarkaðsmála er ráðuneytið að **endurskoða löggjöf um atvinnuleysistryggingar**, meðal annars til þess að móta atvinnuleysistryggingakerfið betur að breyttum aðstæðum og viðhorfum í samfélaginu. Framhaldsfræðsla verður sífellt mikilvægara verkfæri á síbreytilegum vinnumarkaði og vinnur ráðuneytið nú að því að endurskoða umgjörð framhaldsfræðslukerfisins, þ.m.t. löggjöf um framhaldsfræðslu, þannig að sá hluti menntakerfisins styðji betur við þá sem

hafa enga eða litla menntun. Fæðingarorlof hefur verið lengt í 12 mánuði og þar er sterk áhersla á jafnrétti og rétt beggja foreldra til samveru með barni sínu á fyrstu ævimánuðum barnsins. Jafnrétti er mikilvægur þáttur í sjálfbærri hugsun til framtíðar.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur unnið að aðgerðum til að sporna við ofbeldi í samfélaginu. Ráðuneytið hefur haft umsjón með framkvæmd og eftirfylgni þingsályktunar um aðgerðir gegn ofbeldi fyrir árin 2019-2022, sem unnin var í samstarfi fjögurra ráðuneyta undir forystu (þáv.) félagmálaráðuneytis. Gert er ráð fyrir að hafin verði vinna við gerð nýrrar aðgerðaáætlunar á árinu 2023. Í upphafi heimsfaraldurs veittu stjórnvöld sérstöku fjármagni til aðgerða gegn ofbeldi og skipuðu þáv. ráðherrar félags- og dómsmála sérstakt aðgerðateymi sem lagði til aðgerðir gegn ofbeldi, með áherslu á verkefni sem hægt væri að festa í sessi til framtíðar. Verkefnið var afar mikilvægt í heimsfaraldri og eftir heimsfaraldur enda er ofbeldi samfélagsmein sem getur haft miklar afleiðingar á marga aðra þætti í samfélaginu. Þá styður ráðuneytið árlega við félagasamtök og aðra aðila sem veita stuðning og þjónustu til bæði þolenda og gerenda ofbeldis.

Fyrir utan hina hefðbundnu málaflökka í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu þá ganga þrjár þverlægar áherslur í gegnum alla ákvarðanatöku, en þær eiga sterka tengingu við sjálfbæra hugsun. Þær áherslur eru **einmanaleiki, fátækt og réttlát græn umskipti**.

3.3.4 Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með mikilvæga málaflökka sem hafa mikla þýðingu fyrir sjálfbæra þróun, ekki síst er lýtur að efnahagsstoðinni, en inntak og eiginleikar viðfangsefnanna varða einnig hinar stoðirnar tvær með beinum og óbeinum hætti.

Nokkur helstu verkefni sem ráðuneytið fer með á sviði sjálfbærni:

- Stefnunótun í ríkisfjármálum, þ.m.t. undirbúningur fjármálastefnu, fjármálaáætlunar og fjárlagafrumvarps, samkvæmt ákvæðum laga um opinber fjármál.
- Gerð langtímaskýrslu um horfur í efnahagsmálum og opinberum fjármálum.
- Samvinna við sveitarfélög um stefnumótun í opinberum fjármálum.
- Samhæfing opinberrar hagstjórnar, þ.m.t. með greiningum á sviði efnahagsmála.
- Löggjöf á fjármálamarkaði og fjármálastöðugleiki.

Sjálfbærni er eitt af fimm grunngildum laga um **opinber fjármál**, en í því felst að opinberar skuldbindingar séu viðráðanlegar til skemmri og lengri tíma og leggi ekki ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir.

Sjálfbærni er kjarnaviðfangsefni **hagstjórnar**. Með umbótum á sviði efnahagsmála undanfarna áratugi hefur ábyrgð á því að tryggja sjálfbæra hagþróun í auknum mæli verið skilgreind og tilteknum aðilum veitt tæki til þess að tryggja hana. Stjórnvöld ríkisfjármála bera m.a. ábyrgð á því að rekstur hins opinbera sé sjálfbær og leggi ekki ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir. Ákvarðanir stjórnvalda geta haft grundvallaráhrif á vöxt framleiðslugetu hagkerfisins til skemmri og lengri tíma og þar með á þróun lífskjara til langrar framtíðar. Sjálfbær nýting náttúruauðlinda er forsenda sjálfbærrar efnahagsþróunar, ekki síst í auðlindadrifnu hagkerfi á borð við Ísland. Hér er auðvitað aðeins stiklað á stóru um það hvernig ákvarðanir þessara aðila geta haft áhrif á hagþróun með tilliti til sjálfbærni.

Sjálfbærni í efnahagsmálum er m.a. metin í greinargerðum með fjármálastefnu, fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, skýrslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins um langtímahorfur og ritum Seðlabanka Íslands en þessar greiningar undirbyggja þær hagstjórnarákvarðanir sem tryggja eiga sjálfbærni. Á þá mælikvarða sem hefðbundið er að meta sjálfbærni í efnahagsmálum eftir virðist staða Íslands í grundvallaratriðum vera sterk samkvæmt þessum greiningum:

- Skuldsetning heimila og fyrirtækja er hófleg á helstu mælikvarða. Svo virðist sem almennt séu ekki að byggjast upp verulegir áhættuþættir á efnahagsreikningum heimila og fyrirtækja sem geta leitt til efnahagslegrar niðursveiflu síðar meir.
- Staða fjármálakerfisins er sterk í sögulegum og alþjóðlegum samanburði. Bankar hafa mikinn viðnámsþrótt gagnvart óvæntum áföllum. Það birtist í því að viðbrögð banka við heimsfaraldri kórónuveiru voru frekar til þess fallin að milda en magna hagsveifluna. Má ekki síst þakka það umbótum undanfarins áratugar.
- Eignir lífeyrissjóða hafa aukist mikið og eru með þeim mestu í heimi í hlutfalli við landsframleiðslu. Aldurssamsetning landsmanna og vænt þróun hennar er hagstæðari en margra samanburðarlanda hvað varðar hlutfall fólks á vinnufærum aldri. Hvort tveggja undirbyggir lífskjör til langrar framtíðar.
- Fjárhagsstaða hins opinbera felur í sér viðnámsþrótt gagnvart ytri áföllum. Gert er ráð fyrir að halli á rekstri ríkissjóðs minnki á næstu árum og skuldir hins opinbera eru nægjanlega lágar til að unnt sé að bregðast við óvæntum áföllum án þess að stefna sjálfbærni ríkisfjármála í tvísýnu.

Nokkrar áskoranir eru þó til staðar, m.a. að vöxtur framleiðslu á hverja vinnustund hefur minnkað. Hann var að jafnaði um helmingi minni á árunum 2013-2022 en 1996-2010. Vöxtur framleiðni undirbyggir vöxt efnislegra lífsgæða og svigrúm samfélagsins til að bregðast við áskorunum á sviðum heilsu, menntunar, loftslagsmála o.fl. Að því leyti er hægari vöxtur framleiðni, sem er alþjóðlegt fyrirbæri, áhyggjuefni.

Af lýðfræðilegum ástæðum má búast við að tiltekin útgjöld hins opinbera aukist hraðar en landsframleiðslan á næstu áratugum, ekki síst útgjöld til heilbrigðis- og öldrunarmála. Ef ekki er brugðist við með ráðstöfunum í rekstri hins opinbera gæti þetta gæti leitt til versnandi afkomu og hækkandi skuldahlutfalls hins opinbera þegar líður á þessa öld.

Hér hefur einkum verið fjallað um efnahagslega stoð sjálfbærni en ráðuneytið fer einnig með verkefni sem varða sjálfbærni með breiðari hætti. Sem dæmi um slík verkefni má nefna skattalegar ívilnanir á sviði loftslagsmála, sjálfbæra fjármögnun og sjálfbær innkaup ríkissjóðs og innleiðingu á sjálfbærnilöggjöf á sviði fjármálamarkaðar í gegnum EES-samninginn. Útgjöld hins opinbera hafa að sjálfstöðu áhrif á aðrar stoðir sjálfbærni en þá efnahagslegu en meginstefnumótun á þeim sviðum tilheyrir yfirleitt öðrum ráðuneytum. Ríkisstjórnin hefur sett sér velsældaráherslur sem öll ráðuneyti styðjast við í markmiðasetningu á svo til öllum málefnasviðum í fjármálaáætlun ár hvert.

Þetta eru dæmi um verkefni, styrkleika og áskoranir á sviði sjálfbærni en ekki tæmandi upptalning. Hér hefur ekki verið fjallað um samband auðlindanýtingar og efnahagsstarfsemi sem er einnig mikilvægt viðfangsefni en er á sviði fleiri ráðuneyta en fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Eins og fram kemur í skýrslu um langtímahorfur í efnahagsmálum og opinberum fjármálum bendir ekkert til þess að helstu náttúruauðlindir landsins séu að svo

stöddu nýttar með ósjálfbærum hætti þótt stakar og staðbundnar áskoranir séu fyrir hendi. Ýmis starfsemi byggir þó á innfluttum, óendurnýjanlegum auðlindum, s.s. olíu.

3.3.5 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið vinnur stefnumótun að samþættingu háskóla, vísinda, rannsókna, iðnaðar, upplýsingasamfélags, hugverka, fjarskipta, netöryggis og nýsköpunar. Það skapar grundvöll fyrir markvissari stefnumótun og stjórnsýslu á þessum sviðum með aukinn vöxt, verðmætasköpun og velsæld að markmiði.

Háskólar og vísindastarf. Í háskólunum fer fram mikilvægt rannsóknar- og þróunarstarf sem leggur drjúgan skerf til samfélagslegra framfara sem varða allar stoðir sjálfbærni. Sérstaða Íslands hefur lagt grunninn að öflugum fræðasviðum vísinda, eins og í jarðvísindum og á sviði vistvænnar orkuöflunar, og umtalsverð þekking hefur myndast á mállefnum norðurslóða í samstarfi við önnur aðildarríki norðurslóðasamstarfs. Rannsóknarvirkni íslensks vísindafólks á sviði upplýsingatækni hefur veitt því dýrmæta alþjóðlega sérstöðu, þar á meðal skráningar heilbrigðisgagna og gott aðgengi að þeim. Háskóla- og vísindafólk hefur á undanförunum árum komið að stofnun og vexti fjölmargra nýsköpunarfyrirtækja og lagt til þeirra dýrmæta þekkingu og reynslu, til að mynda á sviði orkutækni, líftækni, lyfjaframleiðslu, matvælaframleiðslu og sjávarútvegs.

Stærstu sjóðir á sviði rannsókna og þróunar heyra undir ráðuneyti háskóla, iðnaðar og nýsköpunar, s.s. Rannsóknasjóður, Innviðasjóður, Markáætlun og Nýsköpunarsjóður námsmanna. Þessir sjóðir eiga það sammerkt að leggja mikla áherslu á sjálfbæra þróun og rannsóknir í samræmi við velsældaráherslu ríkisstjórnarinnar. Þá er Menntasjóður námsmanna mikilvægt tæki til að bæta aðgengi að námi fyrir sem flesta þjóðfélagshópa og styrkja faglega þróun fólks á vinnumarkaði um allt land.

Meðal stærstu áskorana sem háskólar standa frammi fyrir er að viðhalda samkeppnishæfni og auka gæði náms og rannsókna svo að háskólar hérlendis standi jafnfætis háskólum í samanburðarlöndum. Hæfni og færni menntaðs vinnuafns þarf að haldast í hendur við síkvikan vinnumarkað og háskólarnir þurfa að geta boðið upp á fjölbreytt framboð náms til starfsþróunar. Markvisst er unnið að auknu jafnrétti í sem víðustum skilningi í íslensku háskólasamfélagi með því að háskólarnir höfði til fjölbreytts hóps nemenda og starfsfólks, óháð kyni, búsetu, efnahag, kynhneigð og uppruna. Þá er unnið að því að sporna gegn þeirri þróun að hlutfall stráka í háskólum fer hratt minnkandi og að hlutfallslega færri ungir Íslendingar eru með háskólagráðu en í samanburðarlöndum.

Unnið er að því að fjölga leiðum til náms á háskólastigi fyrir einstaklinga sem farið hafa óhefðbundnar leiðir en búa yfir nægilega traustum undirbúningi fyrir háskólanám í samræmi við velsældaráherslu ríkisstjórnarinnar um virkni í námi og starfi. Í þessu felst m.a. þróun raunfærnimats, örnáms (e. micro-credentials) og þróun fagháskólanáms í átt að viðurkenndri háskólagráðu.

Í samræmi við stjórnarsáttmála hefur háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra sett ákveðin áherslumál á oddinn, í þeim tilgangi að háskóla- og vísindastarf mæti þörfum og áskorunum samfélags og atvinnulífs. Meðal þessara áherslumála má nefna:

- Fjölgun nemenda í heilbrigðistengdum greinum, í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið og Landspítalann, til að bregðast við þeim mönnunarvanda sem blasir við í heilbrigðiskerfinu.
- Áherslu á STEM-greinar til að búa íslenskt samfélag betur undir hraðar tæknibreytingar og áskoranir á sviði sjálfbærrar þróunar. Í þessu felst m.a. aukin þverfagleg nálgun í kennslu og samþættingu STEM-greina og skapandi greina (STEAM).
- Uppbyggingu starfsumhverfis og rannsóknainnviða á sviði landbúnaðar og matvælaframleiðslu.
- Stefnumótun um opin vísindi til að tryggja aðgengi sem flestra að þeim gögnum sem til verða fyrir opinbert fé og að niðurstöður rannsókna skili sér sem best til samfélagsins.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið fullgilti nýlega samning UNESCO um gagnkvæma viðurkenningu námsgráða á heimsvísu. Honum er ætlað að greiða fyrir hreyfanleika og auka gæði háskólanáms, sem og alþjóðasamvinnu á háskólastigi. Samningurinn er hluti af vinnu UNESCO við heimsmarkmið 4 um að tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum til náms alla ævi.

Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar. Á undanförunum árum hafa stjórnvöld lagt aukna áherslu á stuðning við nýsköpun, hugverk og þekkingargreinar hér landi. Þessar áherslur eru þegar farnar að skila sér í mælanlegum árangri á alþjóðlegum mælikvörðum og óhætt er að segja að fjölmargt hafi áunnist á þessu sviði á síðustu árum. Ísland mælist nú í 20. sæti af 132 þjóðum hvað varðar nýsköpunarvirkni samkvæmt alheimsnýsköpunarvísitölu. Helsti ábati samfélags af nýsköpun er annars vegar tækni- og þekkingarábati sem nýtist atvinnulífinu, stjórnkerfinu og samfélaginu í heild og hins vegar þau störf og verðmæti sem með því skapast. Tengsl rannsókna í háskólum og nýsköpunar í atvinnulífi eru að mörgu leyti góð og hefur sú samvinna t.d. leitt af sér mikilvægar lausnir í þágu loftslagsmála og sjálfbærni.

Heildarútgjöld til rannsókna og þróunarstarfs á árinu 2021 jafngiltu 2,8% af vergri landsframleiðslu (VLF) og hafa ekki áður mælst svo há. Þessi tala er til vitnis um mikla rannsókna- og nýsköpunarvirkni fyrirtækja hér á landi.

Opinber fjárstuðningur við frumkvöðla, sprotafyrirtæki og nýsköpunarfyrirtæki er veittur með ýmsum aðgerðum og á mismunandi stigum nýsköpunar. Lögð er áhersla á öflugt stuðningskerfi nýsköpunar á landsvísu með það að leiðarljósi að stuðningskerfið sé einfalt og skilvirkt og að fjármagni sé beint þangað sem mest er þörf fyrir opinbera aðkomu hverju sinni.

Tækniþróunarsjóður (TPS) er stærsti einstaki sjóðurinn sem veitir styrki til tækni- og nýsköpunarfyrirtækja. Í samræmi við stjórnarsáttmála er áhersla lögð á að efla sjóðinn frekar á komandi árum. Reglulega fer fram mat á áhrifum sjóðsins og mótuð stefna um áherslur hans, m.a. með tilliti til grænna tæknilausna.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NSA) hefur stutt við fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja frá árinu 1997. Unnið er að stefnumótun um hlutverk í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og m.a. kannað hvort sjóðurinn eigi að fá stærra hlutverk í fjármögnun verkefna á sviði loftslagsmarkmiða og sjálfbærni. Kría, sprota- og nýsköpunarsjóður, hefur verið starfræktur frá árinu 2021 og hefur hann einnig það markmið að styðja við fjármögnun sprota- og nýsköpunarfyrirtækja. Þá er lögð er áhersla á alþjóðlegt samstarf um fjármögnun sprota- og nýsköpunarfyrirtækja, m.a. í gegnum Evrópusamstarf.

Mörg samfélög á landsbyggðinni búa yfir sterkum grunni að öflugri nýsköpun, hvort sem er auðlindum, fjármagni, náttúru, samheldnu samfélagi eða hugarfari grósku. Hætta er á að skortur á leiðsögn, tengslaneti og stuðningi haldi aftur af tækifærum til að vinna hugmyndum og sprotum brautargengi. Unnið er að eflingu Lóu, nýsköpunarsjóðs landsbyggðarinnar, og fjölþættum stuðningi sem snýr að því að efla leiðsögn, tengslanet og aðgengi landsbyggðarinnar að stuðningsumhverfi stjórnvalda.

Ráðuneyti háskóla, iðnaðar og nýsköpunar vinnur að stefnu um sjálfbæran þekkingariðnað í samræmi við þingsályktun frá Alþingi þess efnis. Stefnan verður unnin í víðtæku samstarfi við aðila í atvinnulífi og iðnaði og aðra hagaðila. Við gerð stefnunnar verði sérstaklega litið til þess hvernig bæta megi framleiðni, fjölbreytni og sjálfbærni íslensks iðnaðar á tímum örra samfélagsbreytinga. Haft verði að leiðarljósi við stefnumótunina að iðnaðinum verði skapað stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi. Jafnframt þarf að móta heildstæða menntasýn fyrir iðnnám og m.a. skoða leiðir til að koma á þrepaskiptu iðnnámi. Innleiða þarf hugmyndir sjálfbærni í allt iðnnám og bæta verulega úr endurmenntun á þessu sviði.

Fjarskipti, netöryggi og stafræn þróun. Þrátt fyrir almennt góða stöðu og jákvæða þróun í fjarskiptum, netöryggi og stafrænni þróun standa stjórnvöld frammi fyrir ýmsum áskorunum á þessum sviðum. Þær byggja m.a. á hraðri tækniþróun sem og vaxandi kröfum um nýtingu stafrænna kerfa og þjónustu til sköpunar tækifæra og aukinna búsetugæða.

Helstu verkefni fjarskipta er að stuðlað sé að hagkvæmri uppbyggingu fjarskiptainnviða með aukinni samnýtingu, auknu öryggi fjarskipta, bættu aðgengi notenda að fjarskiptaþjónustu um allt land auk áherslu á virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. IRIS, fjórði fjarskiptasæstrengurinn við útlönd og sá þriðji til Evrópu, var tekinn í notkun í mars 2023 til að auka áreiðanleika í fjarskiptum við önnur lönd.

Stefna í netöryggi var sett fram árið 2022 ásamt aðgerðaáætlun sem samanstendur af 64 aðgerðum. Árangursrík framkvæmd aðgerðanna mun leiða til mikilla framfara til aukins netöryggis alls samfélagsins og færa Ísland framár í alþjóðlegum samanburði í þeim efnunum. Forgangsröðun aðgerða er byggð á stöðugu áhættumati og er þar sérstaklega horft til þess að auka hæfni og þekkingu hins almenna netnotanda og auka tækifæri til sérmenntunar á háskólastigi. Því til stuðnings er m.a. komið á fót samstarfsvettvangi fræðslu, menntunar og rannsókna í netöryggi sem mun einnig styðja við nýsköpun og þróun netöryggislausna. Meðal aðgerða í netöryggisáætlun er samstarf við ríkislögreglustjóra um aukið netöryggi og vernd barna. Þá verður m.a. skipulag netöryggisráðs endurskoðað og mótaður nýr samráðsvettvangur stjórnvalda og hagsmunaaðila atvinnulífsins.

Viðvarandi áhersla er á aukna stafræna þróun á öllum sviðum samfélagsins með meiri skilvirkni og aukin lífsgæði að leiðarljósi. Unnið er að því að móta skýra stefnu með markmiðum, mælikvörðum og markvissum aðgerðum til að skapa fullnægjandi umgjörð til að leiða fram tækifæri og takast á við áskoranir á sviði endurnýtingar opinberra upplýsinga, gervigreindar og rafrænnar auðkenningar.

3.3.6 Heilbrigðisráðuneytið

Verkefni heilbrigðisráðuneytisins varða heilbrigðisþjónustu, lýðheilsu, sjúkratryggingar almannatrygginga, lífvísindi og lífsiðfræði, líkt og nánar er tilgreint í forsetaúrskurði um skiptingu

stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Embætti landlæknis gegnir mikilvægu hlutverki er viðkemur lýðheilsu, heilsueflingu og forvörnum, sóttvörnum, smitsjúkdómum, tölfræði og rannsóknum.

Unnið er eftir fjölmörgum stefnum og aðgerðaáætlunum sem hafa mikilvæga þýðingu fyrir sjálfbæra þróun. Heilbrigðisstefna til ársins 2030 og lýðheilsustefna til ársins 2030 marka stefnu fyrir heilbrigðiskerfið og lýðheilsustarf á komandi árum. Þá hefur verið mörkuð framtíðarsýn í geðheilbrigðismálum til ársins 2030 og unnið er að aðgerðaáætlun til að vinna stefnunni brautargengi. Aðrar mikilvægar stefnur og aðgerðaáætlanir eru m.a.:

- Þingsályktun um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaáætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða til ársins 2030
- Krabbameinsáætlun til ársins 2030
- Stefna heilbrigðisráðherra í vísindarannsóknum á heilbrigðissviði til ársins 2030
- Stafræn heilbrigðisþjónusta til ársins 2030
- Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019-2030
- Aðgerðaáætlun um heilsueflingu aldraðra
- Aðgerðaáætlun um beitingu efnahagslegra hvata til eflingar lýðheilsu: Útfærslur starfshóps á innleiðingu

Áhrifaþættir heilbrigðis, sjálfbærni og velsældar. Fjölmargir þættir hafa áhrif á heilsu og líðan en sífellt kemur betur í ljós að heilsa fólks og heilbrigði jarðar helst í hendur. Góður samhljómur er þannig á milli heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og áhrifaþátta heilbrigðis. Sumum þáttum er ekki hægt að breyta, t.d. aldri og erfðum. Margir aðrir áhrifaþættir heilbrigðis eru hins vegar þess eðlis að hafa má áhrif á þá og stuðla þannig að bættri heilsu og vellíðan einstaklinga og minnka líkur á sjúkdómum. Má þar nefna lifnaðarhætti á borð við áfengis- og tóbaksneyslu, mataræði, hreyfingu og svefn og samskipti við fjölskyldu og vini. Þá geta lífsskilyrði eins og framboð, aðgengi og gæði menntunar, atvinnu, húsnæðis, heilbrigðis- og félagsþjónustu einnig haft mikil áhrif. Með því að hafa heilsu fólks og heilbrigði jarðar að leiðarljósi í allri stefnumótun og aðgerðum má skapa umhverfi og aðstæður, t.d. í skólum, á vinnustöðum og í samfélögum almennt, sem stuðla að betri heilsu og vellíðan allra.

Andleg líkamleg og félagsleg heilsa og líðan er afurð af samspili einstaklinga og þeirra nánasta umhverfis.

Heilbrigðisþjónusta. Sjálfbærni er víðtækt hugtak sem lýsir stefnum, verkefnum og fjárfestingum sem veita ávinning í dag án þess að fórna umhverfis-, félags- og persónulegri heilsu í framtíðinni. Þessum stefnum er oft lýst sem grænum vegna þess að þær leggja áherslu á að takmarka áhrif þróunar á umhverfið. Hins vegar má einnig merkja ávinning af sjálfbærri þróun á heilsu og vellíðan, s.s. með minni mengun og færri umhverfistengdum sjúkdómum, bættu heilsufari og minni streitu.

Umhverfissvænni starfsemi í heilbrigðisþjónustu getur til að mynda skapað heilsufarslegan ávinning fyrir sjúklinga og heilbrigðisstarfsfólk en jafnframt sparað orku, dregið úr loftslagsáhrifum og skapað ávinning til langs tíma.

Heilsueflandi samfélag er verkefni á vegum embættis landlæknis en því er ætlað að styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa. Ef vel tekst til við innleiðingu Heilsueflandi samfélags má vænta þess að andleg, líkamleg og félagsleg heilsa og vellíðan íbúa verði betri en annars, jöfnuður verði meiri sem og öryggi og lífsgæði almennt.

Fólk lifir lengur á meðan hlutfall fæðinga minnkar sem felur í sér tækifæri en einnig ýmsar áskoranir fyrir samfélög. Stjórnvöld verða að velja hagkvæmar leiðir til að viðhalda og bæta heilsu og færni fólks á öllum æviskeiðum. Markvisst lýðheilsustarf, sem byggir á bestu þekkingu á hverjum tíma hefur fjölþætt gildi fyrir ríki, sveitarfélög, einstaklinga og aðra hagsmunaaðila. Embætti landlæknis vinnur að heilsueflandi samfélagi, skólum og vinnustöðum.

Sýklalyfjaónæmi. Alþjóðastofnanir sem starfa á sviði heilbrigðismála, matvælaöryggis og umhverfismála telja sýklalyfjaónæmi (e. Antimicrobial resistance) eina helstu heilbrigðisógnina sem steðji að fólki í dag. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) telur að sýklalyfjaónæmi geti haft veruleg áhrif á fjölda sjálfbærnimarkmiða Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega þau sem leggja áherslu á heilsu og vellíðan, minnkun fátæktar, fæðuöryggi, umhverfi og hagvöxt.

Sýklalyfjaónæmi er það þegar bakteríur, veirur, sveppir og sníkjudýr bregðast ekki lengur við lyfjum á áhrifaríkan hátt, sem gerir það erfiðara að meðhöndla sýkingu og eykur hættuna á útbreiðslu sjúkdóma, alvarlegum veikindum og dauða.

Alþjóðastofnanir hafa hvatt þjóðir til að grípa til allra mögulegra ráða til að stemma stigu við útbreiðslu sýklalyfjaónæmis á grundvelli hugmyndafræði „Einnar heilsu“ (e. One Health) sem byggir á því að heilbrigði manna, dýra og umhverfis sé samtengt sem kalli á heildstæð og samræmd viðbrögð.

Heilbrigðisráðherra skipaði í nóvember 2022 þverfaglegan starfshóp til að móta framtíðarsýn og áætlun um aðgerðir til að sporna við útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería. Verkefnið er unnið með matvælaráðuneytinu og ráðuneyti umhverfis-, orku- og loftslagsmála. Starfshópurinn hefur það hlutverk að auka þverfaglegt samstarf til að sporna við útbreiðslu sýklalyfjaónæmis.

Samspil heilbrigðismála og annarra málefna. Ýmsar stefnur og áætlanir stjórnvalda geta haft áhrif á þróun í heilbrigði þjóðarinnar. Samgöngur hafa t.d. mikil áhrif á heilsu manna. Flutningskerfi hafa áhrif á heilsu fólks með því að móta aðgengi að þjónustu og tækifærum, hreyfingu, útsetningu fyrir loftmengun, hávaða og hættu á slysum á vegum. Öruggar göngu- og hjólréiðasamgöngur geta stutt við hreyfingu og dregið úr umferðarslysum. Verulegur heilsufarslegur ávinningur getur orðið ef samgöngur fela í sér hreyfingu eins og að hjóla í vinnuna. Samgöngur hafa áhrif á jöfnuð í heilsu með því að veita aðgang að atvinnu, menntun, heilbrigðisþjónustu, fæðuvali og afþreyingartækifærum.

Heilsa og velferð. Velferðarsamfélag byggist á öflugu heilbrigðiskerfi þar sem nauðsynlegt er að takast á við nýjar áskoranir á grunni þekkingar, rannsókna og nýsköpunar. Til þess að viðhalda heilbrigði verður að greina og meðhöndla sjúkdóma og áhrifaþætti þeirra. Ekki er síður mikilvægt að fylgjast með breytingum á lýðheilsu og fyrirbyggja sjúkdóma. Rannsaka þarf hvernig unnt er að gera fólki kleift að lifa sem best, sem lengst, og nýta þarf heilbrigðistækni til að efla lífsgæði. Þannig má stuðla að heilbrigðri öldrun og velferð fólks á öllum æviskeiðum.

Áskoranir sem samfélagið stendur frammi fyrir snúa m.a. að breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar og aukinni tíðni aldurstengdra sjúkdóma, s.s. heilabilunar, en einnig lífsstílstengdra sjúkdóma og offitu á öllum aldurstigum. Þá hefur geðræn röskun í auknum mæli áhrif á lífsgæði og atvinnuþátttöku landsmanna. Einnig hefur íbúum af erlendum uppruna fjölgað og mikilvægt er að huga að fjölmenningu og búsetuþróun þegar heilbrigðisþjónusta er skipulögð, m.a. til að stuðla að jöfnu aðgengi ólíkra hópa. Á Íslandi eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á heilbrigðisviði og eru vísindamenn við stofnanir hér á landi leiðandi á heimsvísu á mörgum sviðum heilbrigðisvísinda.

Í heilbrigðisstefnu heilbrigðisráðherra til ársins 2030 er lögð áhersla á gæði rannsókna og nýsköpunar. Gæði rannsókna á heilbrigðisviði byggjast á öfugum gagnagrunnum, rannsóknarinnviðum og góðu samstarf vísindamanna á sviði grunn- og klínískra rannsókna og lýðheilsuvísinda. Nauðsynlegt er að mæta áskorunum heilbrigðisþjónustu með nýsköpun og nýjum lausnum, til að auka skilvirkni, gæði og öryggi þjónustunnar á landsvísu. Einn liður í því er að efla samvinnu opinberra stofnana við sprotafyrirtæki með það að leiðarljósi að virkja sköpunarkraft ólíkra aðila við lausn vandamála (Vísinda- og tæknistefna 2020–2022).

3.3.7 Innviðaráðuneytið

Verkefni innviðaráðuneytisins ná til fjölmargra sviða þjóðfélagsins og varða m.a. samgöngur, sveitarstjórnar- og byggðamál, grunnskrár, húsnæðis- og mannvirkjamál og skipulagsmál. Allt eru það mikilvæg verkefni sem hafa verulega þýðingu fyrir sjálfbæra þróun, bæði er varðar innviði landsins en ekki síður umhverfi, samfélag og efnahag. Markviss stefnumótun fer fram á vettvangi ráðuneytisins fyrir alla þessa málaflokka. Byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036 liggur fyrir og hvítbækur í sveitarstjórnarmálum og samgöngumálum eru í samráðsgátt. Þá liggur fyrir grænbók um húsnæðisstefnu og endurskoðun á landsskipulagsstefnu sem samþykkt var á Alþingi 2016 er í vinnslu í ráðuneytinu.

Ráðuneytið hefur sett sér eftirfarandi framtíðarsýn og meginmarkmið fyrir alla málaflokka ráðuneytisins:

Að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tenging byggða og Íslands við umheiminn er í jafnvægi við umhverfið.

Meðal meginmarkmiða er að sjálfbærar byggðir og sveitarfélög séu um allt land. Þar undir fellur það markmið að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða þar sem hugað er að góðu aðgengi að þjónustu og gæðum í hinu byggða umhverfi og lifandi bæjarrýmum. Sjálfbærni er því eitt af meginmarkmiðum allra áætlana ráðuneytisins og í öllum þeirra eru settir fram mælikvarðar um árangur.

Í nýrri hvítbók að stefnu í **samgöngumálum** segir t.d. að markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur snúi að því að dregið sé úr óæskilegum umhverfisáhrifum samgangna. Þá verði samgöngukerfið undirbúið fyrir náttúrufarsbreytingar af völdum loftsláhrifa.

Helstu áherslur í því samhengi eru m.a.:

- Unnið verði samkvæmt markmiðum aðgerðaáætlunar Íslands í loftslagsmálum.

- Áfram verði stutt við orkuskipti í samgöngum um land allt, þ.m.t. í þungaflutningum, ferjum, höfnum og í flugi, og net hleðslustöðva þétt til stuðnings orkuskiptum í dreifðum byggðum og ferðapjónustu.
- Stuðlað verði að almenningsamgöngum með endurnýjanlegum orkugjöfum milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar í samvinnu við sveitarfélögin á svæðinu.
- Stefnt verði að því að hefja sjálfbæra lífolíuframleiðslu hér á landi til að flýta orkuskiptum í fiskiskipum og unnið að því að greiða götu verkefna á því sviði.
- Unnið verði að því að lágmarka kolefnisfótspor í mannvirkjagerð í samgönguinnviðum.
- Hönnun og uppbygging samgöngumannvirkja taki mið af spám um náttúrufarsbreytingar vegna loftslagsáhrifa.

Meðal mikilvægra verkefna sem unnið er að á grundvelli samgönguáætlunar eru:

- Loftbrú
- Uppbygging og fjármögnun jarðganga
- Þjóðhagslega arðsamar flýtiframkvæmdir
- Stuðningur við orkuskipti í samgöngum
- Framgangur samgöngusáttmála
- Umhverfissvænar almenningsamgöngur milli RVK og KEF

Eitt af markmiðum **byggðaáætlunar** er að stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt. Meðal mælikvarða sem nýttir eru til að meta þróunina á þessu sviði eru lýðfræðilegir veikleikar og mælikvarðar í loftslagsstefnum sveitarfélaga. Meðal verkefna sem hafa þýðingu fyrir sjálfbæra þróun má nefna:

- Mótun borgarstefnu – eflingu stærstu þéttbýlissvæða landsins, Reykjavík og Akureyri.
- Jafnt aðgengi að þjónustu – skilgreiningu opinberrar grunnþjónustu.
- Jöfn tækifæri til atvinnu – óstaðbundin störf.

Stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum **sveitarfélaga** setur fram leiðarljós í málefnum sveitarstjórnarstigsins með eflingu þess og sjálfbærni að markmiði og byggist m.a. á stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Þar er sett fram markmið um að sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær ásamt því að þau styrki lýðræðislega virkni íbúa og meðal mælikvarða er að ekkert sveitarfélag hafi færri en 1.000 íbúa og að skuldaviðmið A-hluta sveitarsjóða verði ekki hærra en sem nemur 100%. Nýlega voru birt á heimasíðu ráðuneytisins drög að nýrri stefnu í málefnum sveitarfélaga, sem byggir á víðtæku samráði um allt land. Þar er sjálfbærni lykilvarða fyrir áætlunina.

Meðal verkefna:

- Samvinna á sviði loftslags- og umhverfismála.
- Skilgreining viðmiða um sjálfbæra þróun sveitarfélaga.
- Heildstæð stefnumörkun um stafræna umbreytingu sveitarfélaga.
- Endurskoðun regluverks Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, m.a. í því skyni að stuðla að aukinni sjálfbærni sveitarfélaga.

Ráðuneytið hefur nýlega sett fram drög að grænbók um **húsnæðis- og mannvirkjamál** og því er markvisst unnið að stefnumótun í málaflokknum. Þá liggur fyrir vegvísir fyrir vistvæna mannvirkjagerð og gerður hefur verið rammisamningur um húsnæðisáætlun Íslands 2023–2032.

Áherslur ráðuneytisins á þessu sviði eru:

- Tryggja verður betri samhæfingu með sveitarfélögum og aukinn stöðugleika á húsnæðismarkaði.
- Stuðlað verður að vistvænni mannvirkjagerð á Íslandi og samdrætti í losun frá byggingariðnaði.
- Efla verður samstarf ríkis og sveitarfélaga á sviðum loftslags- og umhverfismála þar sem þau gegna lykilhlutverki, s.s. í innleiðingu hringrásarhagkerfisins, á sviði fráveitumála, mengunarvarna, vatnsverndar, náttúruverndar og verndunar líffræðilegs fölbreytileika.

Skipulag liggur til grundvallar stefnumörkun og ákvörðunum um flesta þætti sjálfbærrar þróunar. Samkvæmt markmiðum skipulagslaga skal í skipulagi stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Lög um skipulag haf- og strandsvæða voru samþykkt á Alþingi árið 2018 en þar er einnig kveðið á um að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi við gerð skipulags fyrir haf- og strandsvæði. Í landsskipulagsstefnu 2015–2026 eru sett fram fjögur leiðarljós til grundvallar stefnunnar og eitt af þeim er að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.

Í stjórnarsáttmála er lögð á það áhersla að samþætta stefnur í samgöngu-, húsnæðis- og skipulagsmálum til að tryggja samgöngur í þágu byggðar og loftslags til að uppfylla ferðapörf og skapa sjálfbær hverfi og sjálfbærar byggðir.

Landsskipulagsstefna var samþykkt á Alþingi 2016 og nú stendur yfir vinna við endurskoðun landsskipulagsstefnu í ráðuneytinu.

Af þessari upptalningu er ljóst að hlutverk innviðaráðuneytisins er viðamikil þegar kemur að sjálfbærri þróun hér á landi og í öllum stöðum hennar.

3.3.8 Matvælaráðuneytið

Matvælaráðuneytið fer með sjávarútvegsmál, fiskeldi, landbúnað og matvæli, auk skógræktar og landgræðslu.

Unnið er að gerð **matvælastefnu** sem tekur til þeirra málefna sem eru á málefnaviði matvælaráðuneytisins og er tillaga til þingsályktunar til umfjöllunar á Alþingi. Meginmarkmið samkvæmt tillögunni er að efla og styðja við íslenska matvælaframleiðslu þannig að Ísland verði leiðandi í framleiðslu á heilnæmum matvælum í sátt við umhverfi og samfélag. Matvælastefnu er ætlað að vera leiðarstef fyrir matvælaframleiðslu í landinu og þar með talið þá stefnumótun sem undir hana falla. Þessi stefna verður höfð til hliðsjónar við stefnumótun í landbúnaði, sjávarútvegi og fiskeldi.

Unnið er að gerð **landbúnaðarstefnu** og er tillaga til þingsályktunar til umfjöllunar á Alþingi. Meginmarkmið samkvæmt tillögunni að landbúnaðarstefnu er að efla og styðja við íslenskan

landbúnað þannig að Ísland verði leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Matvælaráðuneytið hefur tekið þátt í umfangsmiklu starfi neyðarbirgðahóps, sem m.a. snýr að **fæðuöryggi**, og er með tillögur þess hóps á sínu málefnasviði til vinnslu og frekari útfærslu.

Innan ráðuneytisins hefur verið unnið að undirbúningi endurskoðunar **búvörusamninga**. Við endurskoðunina hyggst matvælaráðherra leggja áherslu á að styrkja stóðir fæðuöryggis, á umhverfis- og loftslagsmál og einföldun á stuðningi og framkvæmd samninganna. Fyrir liggja drög að aðgerðaáætlun til að efla lífræna framleiðslu. Einnig hefur Landbúnaðarháskóli Íslands unnið fyrir ráðuneytið aðgerðaáætlun til eflingar kornrækt á Íslandi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipaði í samráði við matvælaráðherra starfshóp sem fékk það hlutverk að leggja til nýtt fyrirkomulag að eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum. Hópurinn er að störfum.

Fjórir starfshópar voru skipaðir í maí 2022 til að kortleggja áskoranir og tækifæri í sjávarútvegi og tengdum greinum og meta þjóðhagslegan ávinning fiskveiðistjórnunarkerfisins og munu þeir ljúka störfum fyrir mitt ár 2023. Samráðsnefnd um sjávarútvegsstefnu, skipuð fulltrúum stjórn málaflokka og hagsmunaaðila, var einnig skipuð á sama tíma. Starfshóparnir fjórir skiluðu 60 bráðabirgðatillögum 17. janúar 2023, sjá heimasíðu Auðlindarinnar okkar: <https://www.stjornarradid.is/audlindin-okkar/>

Unnið er að stefnumótun fyrir **fiskeldi** á og við Ísland. Fiskeldi hefur vaxið hratt síðustu ár og við mótun stefnunnar verður sjálfbær uppbygging greinarinnar höfð að leiðarljósi. Grundvallarforsenda uppbyggingarinnar er að ákvarðanir verði byggðar á traustri vísindalegri ráðgjöf og rannsóknum.

Í ágúst 2022 kom út heildstæð stefna í landgræðslu og skógrækt, byggð á tillögum að landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt. Stefnan er til 10 ára og henni fylgir tímasett aðgerðaáætlun til fimm ára. Í stefnunni er m.a. fjallað um sjálfbæra nýtingu lands, vernd og endurheimt vistkerfa, ekki síst birkiskóga og votlendis. <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2023/01/30/Land-og-lif/>

Markmið stjórnvalda í **landgræðslu** og **skógrækt** eru að:

- efla vernd, viðgang og heilleika vistkerfa á grunni vistkerfisnálgunar,
- efla náttúrumiðaðar lausnir í loftslagsmálum sem samræmast alþjóðlegum skuldbindingum,
- stuðla að sjálfbærri landnýtingu,
- efla þekkingu, samstarf og lýðheilsu,
- stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.

Unnið hefur verið að framleiðslu vottaðra kolefniseininga í **skógrækt** í samræmi við alþjóðlega og innlenda staðla. Fyrir liggur tækniforskrift frá Staðlaráði um kolefnisjöfnun. Landgræðslunni hefur verið falið að styrkja fræðilegan grunn endurheimtar votlendis til að auðvelda innleiðingu alþjóðlegra staðla um slík verkefni. Jafnframt hefur verið til skoðunar hvernig megi innleiða framleiðslu vottaðra kolefniseininga á þjóðlendum.

3.3.9 Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Málaflokkar menningar- og viðskiptaráðuneytis eru m.a. menningarmál og málefni íslenskrar tungu, neytenda- og samkeppnismál, ferðaþjónusta, fjölmiðlar og skapandi greinar, almenn viðskiptamál og ríkisaðstoð. Mótaðar hafa verið ýmsar stefnur um þessa málaflokka.

Ferðaþjónustan er ein af stærstu atvinnugreinunum á Íslandi. Í henni felast margvísleg tækifæri en á sama tíma verður að huga að jafnvægi og sjálfbærni og gæta að náttúrunni og menningarverðmætum. Árið 2019 var kynntur stefnuramma um framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030, með helstu áherslum. Þar kemur fram að ferðaþjónustan eigi að vera arðsöm og samkeppnishæf í sátt við land og þjóð og að Ísland eigi að vera leiðandi í sjálfbærri þróun. Leiðin að því marki er að setja arðsemi framar fjölda ferðamanna, vinna að ávinningi heimamanna af ferðaþjónustu um allt land, gæta jafnvægis milli verndar og hagnýtingar og miða að einstakri upplifun, gæðum og fagmennsku.

Áherslum hennar er skipt upp eftir stöðum sjálfbærrar þróunar. Dæmi um áherslur eru:

- Ábyrg ferðaþjónusta sem nýtir tækni, nýsköpun og vöruþróun (efnahagur).
- Jákvæð áhrif á samfélag og aukin lífsgæði (samfélag).
- Allir landshlutar njóti ávinnings af ferðaþjónustu (samfélag).
- Minnkandi kolefnisspor og forystuhlutverk í orkuskiptum og nýtingu vistvænna orkugjafa (umhverfi).
- Virðing fyrir þolmörkum og álagsstýring á áfangastöðum ferðamanna (umhverfi).

Nú stendur yfir vinna innan ráðuneytisins í samstarfi við lykilaðila að uppfærslu stefnurammans. Hún tekur mið af þróun frá árinu 2019, áherslum í stjórnarsáttmála, alþjóðlegum straumum ásamt áherslum í nýlegum stefnum stjórnsvalda, sbr. t.d. loftslagsstefnu, orkustefnu og nýsköpunarstefnu. Uppfærslunni verður fylgt eftir með ferðamálastefnu til 2030 og aðgerðaáætlun sem ráðgert er að leggja fyrir Alþingi sem tillögu til þingsályktunar á haustþingi 2023.

Menningarstefna lýsir, á breiðum grundvelli, aðkomu ríkisins að málefnum lista og menningararfs. Fjölbreytt menningarlíf er einnig þáttur í almennri velsæld samfélagsins og stuðlar að jöfnuði. Þátttaka í menningarlífi veitir lífsfyllingu og hvetur til jákvæðra samskipta hópa og kynslóða. Menningarlífið er einnig lykilþáttur í uppbyggingu ferðaþjónustu og ímynd landsins útávið. Aðgerðaáætlunin Menningarsókn frá árinu 2021 styður markmið menningarstefnunnar og lýsir áhersluverkefnum stjórnsvalda í menningarmálum til ársins 2030. Aðgerðirnar tengjast fimm meginmarkmiðum; aðgengi og þátttöku, traustri stöðu í síbreytilegum heimi, menntun, stjórnsýslu- og sjóðakerfi og alþjóðlegu menningarsamstarfi.

Aðferðafræði **hönnunar** er eitt besta verkfærið sem við höfum til þess að samþætta sköpunarkraft, tækni og vísindi í þágu fólks og umhverfis. Menningar- og viðskiptaráðherra hefur kynnt nýja stefnu í málefnum hönnunar og arkitektúrs til ársins 2030. Leiðir að meginmarkmiðum stefnunnar tengjast fimm áherslusviðum; verðmætasköpun, menntun framsækinn kynslóða, hagnýtingu hönnunar sem breytingaafli, sjálfbærri innviðaupbyggingu og kynningu á íslenski hönnun og arkitektúr. Sem aðferðafræði nýtist hönnun með bæði beinum og óbeinum hætti við framfylgd heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og taka aðgerðir til innleiðingar hennar mið af 14 undirmarkmiðum þeirra.

Nýlega var lögð fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um eflingu **barnamenningar** til ársins 2028. Menningarlæsi, menningarþátttaka og miðlun menningararfs varða veigamikil atriði í uppveiti og skólstarfi barna og ungmenna og starfsemi á þessu sviði endurspeglir fjölbreytta samsetningu þjóðarinnar og þá alþjóðlegu menningu sem býr í íslensku samfélagi.

Íslenska er opinbert mál á Íslandi, **þjóðtunga Íslendinga** og sameiginlegt mál landsmanna. Stjórnvöld eiga að sjá til þess að hægt sé að nota hana á öllum sviðum samfélagsins. Allir sem eru búsettir hér á Íslandi skulu eiga þess kost að læra og nota íslensku til almennrar þátttöku í íslensku þjóðlífi. Máltækni felur í sér alla þá tækni sem gerir hugbúnaði kleift að fást við tungumál og er því grunnþáttur í framtíð tölvunotkunar og þróun tungumála. Með aukinni notkun gervigreindar opnast áður óþekktir möguleikar til þess að hagnýta gríðarstór texta-, mál- og upplýsingasöfn. Máltækniáætlunin miðar að því að íslenska sé notuð á öllum sviðum tölvu- og upplýsingatækni sem varða daglegt líf almennings.

Í mars 2023 var íslenska valin fyrst tungumála, utan ensku, í þróunarfasa nýjustu útgáfu tæknifyrirtækisins OpenAI á gervigreindarmállíkaninu GPT-4, sem samtalsgreindin ChatGPT byggir á. Samstarf Íslands við OpenAI gengur út á að auka færni gervigreindarmállíkansins GPT-4 í íslensku. Eitt markmiða samstarfsins er að finna leiðir til varðveislu smærri tungumála heimsins, svo tryggja megum að öll tungumál og öll menning eigi sinn stað í stafrænni tækni.

Tillaga til þingsályktunar um málstefnu íslensks tákn máls hefur verið kynnt í samráðsgátt stjórnvalda. Stefnudrögin voru unnin af starfshópi skipuðum fulltrúum Málnefndar um íslenskt tákn mála, Félags heyrnarlausra og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra með viðtæku samstarfi við sérfræðinga í málaflöknum. Samkvæmt stefnunni skulu íslenska ríkið og sveitarfélög stuðla að þróun, rannsókn, kennslu og útbreiðslu íslensks tákn máls og styðja að öðru leyti við menningu, menntun og fræðslu tákn málsfólks.

Menningar- og viðskiptaráðherra hefur mælt fyrir þingsályktunartillögu um **myndlistarstefnu** til ársins 2030 á Alþingi. Tillagan felur í sér bæði stefnu og aðgerðaáætlun í myndlist sem miði að því að efla myndlistarmenningu á Íslandi. Þá hefur verið mælt fyrir frumvarpi að tónlistarlögum og þingsályktunartillögu um tónlistarstefnu fyrir árin 2023-2030. Um er að ræða bæði fyrstu heildarlög um tónlist í landinu og fyrstu opinberu stefnu í málefnum tónlistar á Íslandi.

Starfshópi hefur verið falið að skoða leiðir til að skapa eftirliti **samkeppnis- og neytendamála** nýja stjórnýslulega stöðu innan stofnanakerfis ríkisins. Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna er kveðið á um að stefnt verði að sameiningu Samkeppniseftirlitsins og Neytendastofu. Þá er einnig stefnt að því að kannaðir verði eftir atvikum kostir á sameiningu við aðrar stofnanir, þar með talda fyrirtækjaskrá, ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá, sem aukið geti samlegðaráhrif og skilvirkni í opinberu eftirliti. Meginmarkmiðið með því er að styrkja samkeppni innanlands, tryggja stöðu neytenda betur í nýju umhverfi viðskipta og efla alþjóðlega samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Stjórnvöld hafa í samvinnu helstu hagsmunaaðila mótað heildstæða stefnu fyrir **kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu** á Íslandi, sem gilda á til ársins 2030. Markmiðið með kvikmyndastefnunni er að 1) skapa auðuga kvikmyndamenningu, sem styrkir sjálfmynd þjóðarinnar og eflir íslenska tungu, 2) bjóða fjölbreyttari og metnaðarfullri kvikmyndamenntun, 3) styrkja samkeppnisstöðu greinarinnar og 4) Ísland verði þekkt alþjóðlegt vörumerki á sviði

kvikmyndagerðar. Einn liður í aðgerðaáætluninni er sjálfbær kvikmyndagerð sem styðji við orðspor og samkeppnishæfni. Þessi aðgerð felur í sér að fyrirtæki geti undirritað yfirlýsingu um sjálfbæra þróun sem taki til umhverfisþróunar, félagslegrar þróunar og góðra stjórnarháttanna. Fyrirtæki geti skráð markmið og árangur í mælaborði kvikmyndagerðar á hverju ári. Þannig styður kvikmyndagerðin við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og um leið markaðssetningu Íslands undir merkjum sjálfbærni. Lagt er til að komið verði á starfshópi sem þrói „Yfirlýsingu um sjálfbæra kvikmyndagerð“ sem verði leiðarljós fyrirtækja og stofnana á því sviði.

3.3.10 Mennta- og barnamálaráðuneytið

Meginhlutverk mennta- og barnamálaráðuneytis er að tryggja að menntun, aðbúnaður og réttindi barna á Íslandi séu ávallt í fyrirrúmi. Meðal málefna sem ráðuneytið fer með eru málefni leik-, grunn- og framhaldsskóla, listaskóla og lýðskóla og málefni sem snerta þjónustu við börn og ungmenni, s.s. barnavernd og samþætting þjónustu í þeirra þágu. Mennta- og barnamálaráðuneytið fer einnig með íþróttá- og æskulýðsmál. Menntun á framhaldsskólastigi, hvort heldur bók-, verk- eða listnám, heyrir undir ráðuneytið. Hér er um að ræða svið sem varðar ekki síst samfélagslega stöð sjálfbærrar þróunar.

Ráðuneytið setur leik-, grunn- og framhaldsskólum **aðalnámskrá** sem endurskoðuð er reglulega. Í gildandi aðalnámskrá þessara skólastiga er sjálfbærni einn sex grunnþátta menntunar og leiðarljós í öllu starfi og starfsháttum skóla. Ráðuneytið setur einnig tónlistarskólum aðalnámskrá. Yfirstandandi er endurskoðun á greinasviðum aðalnámskrár grunnskóla sem unnin er af Menntamálastofnun. Í þeirri vinnu er skerpt á ýmsum þáttum, þar á meðal tengslum greinasviða við grunnþætti menntunar og þar á meðal sjálfbærni. Ráðuneytið lítur á verkefnið *Skólar á grænni grein* sem eitt meginverkefna við innleiðingu menntunar til sjálfbærni í menntakerfinu öllu, einnig á háskólastigi. Þá hefur UNESCO nýlega lýst því yfir að það verkefni sé lykiltæki á heimsvísu til að efla menntun til sjálfbærni og hefur sett upp tengslanet meðal þjóða til að styðja við þróun og innleiðingu. Hafin er vinna á vegum ráðuneytis um að taka virkan þátt í þessu verkefni með lykilhagsmunaaðilum.

Ráðuneytið vinnur á grundvelli **menntastefnu** til ársins 2030 sem samþykkt var á Alþingi sem þingsályktun árið 2021 og eru einkunnarorð hennar: „Framúrskarandi menntun alla ævi.“ Eitt af gildum stefnunnar er sjálfbærni. Í greinargerð með þingsályktuninni segir að framtíðarhorfur íslensku þjóðarinnar velti á samkeppnishæfni og sjálfbærni íslenska menntakerfisins. Í fyrstu aðgerðaáætluninni fyrir árin 2021-2024 eru níu megináðgerðir tilgreindar en þær snúa að jöfnum tækifærum fyrir alla, kennslu í fremstu röð, hæfni fyrir framtíðina, vellíðan í öndvegi og gæðum í forgrunni. Við útfærslu menntastefnunnar er lögð áhersla á að tengja aðgerðir við stefnuna um barnvænt Ísland, innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og aðrar stefnur og aðgerðir er snúa að málefnum barna almennt.

Meðal meginverkefna sem nú er unnið að innan ráðuneytis er mótun nýrrar þjónustustofnunar á sviði menntamála, í stað Menntamálastofnunar, og löggjafar um heildstæða skólaþjónustu fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Við þessar breytingar skapast aukin tækifæri til að styðja við menntun til sjálfbærni og svigrúm til innleiðingar sjálfbærni menntunar og stuðnings við starfsþróun kennara.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og stefna um barnvænt Ísland hafa mikla skírskotun til sjálfbærnimarkmiða er tengist tækifærum barna og réttindum þeirra sem og virkri þátttöku við ákvarðanatöku og útfærslu stefnu.

3.3.11 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Meginviðfangsefni umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins eru á sviði loftslags- og orkumála, hringrásarhagkerfis og umhverfisgæða, náttúruverndar og menningarminja og rannsókna, varna og vöktunar náttúruvár. Ráðuneytið hefur því yfirumsjón með lykilviðfangsefnum þegar kemur að sjálfbærri þróun í umhverfisstöðinni, sem einnig hefur mikla þýðingu fyrir efnahagsmálin og samfélagslegu þróunina.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er sett fram sjálfstætt markmið um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda á beinni ábyrgð Íslands. Það þýðir að draga þarf úr losun sem er á beinni ábyrgð Íslands um sem nemur 1,3 milljón tonnum af CO₂-ígildum á ári, fyrir árslok 2030. Á síðasta kjörtímabili var lögfest markmið um kolefnishlutlaust Ísland eigi síðar en árið 2040 og markmið um full orkuskipti 2040. Til þess að ná þeim metnaðarfullu markmiðum er nauðsynlegt að draga enn frekar úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu kolefnis.

Hert markmið Íslands um samdrátt í losun og markmið um kolefnishlutleysi og full orkuskipti kalla á skýrari sýn og nýja nálgun sem mun byggja á markmiðum fyrir einstaka geira atvinnulífisins, aukinni áherslu á loftslagshagstjórn og forgangsröðun í þágu loftslagsmarkmiða á öllum sviðum samfélagsins.

Gildandi aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum kom út árið 2020. Þar er safn 50 aðgerða – vinna er hafin við þær allar og eru 49 þeirra komnar vel á veg eða í framkvæmd. Samkvæmt stöðuskýrslu aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum 2022 voru aðgerðir í áætluninni taldar ná allt að 35% samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda miðað við losun ársins 2005. Til viðbótar voru aðgerðir í mótun taldar geta skilað 5-11% samdrætti til viðbótar. Ljóst er að meira þarf til að ná nýju markmiði upp á 55% samdrátt í losun.

Unnið er að endurskoðaðri aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum og stefnt að útgáfu hennar á þessu ári. Áætlunin mun standa saman af aðgerðum sem leiða af samtali ráðuneytisins við Samtök atvinnulífisins, sveitarfélögin, samtök í landbúnaði o.fl. um gerð loftslagsvísa atvinnulífisins en niðurstaða þess samtals verður kynnt í júní. Þá verða styrktar aðgerðir í áætluninni sem varða sérstaklega hringrásarhagkerfið og orkuskipti.

Loftslagsvegvísar atvinnulífisins munu innihalda atvinnugreinaskipta vegvísa með mælanlegum markmiðum að því marki sem unnt er, sértækum aðgerðum og úrbótatillögum sem stuðla að samdrætti í losun. Þá munu vegvísarnir ramma inn aðgerðir sem snúa að atvinnulífinu og stjórnvöldum til að koma á umbótum í loftslagsmálum.

Brýnt er að upplýsingar um loftslagsmál, losunartölur og spár um þróun losunar, bindingar og orkuþarfar til orkuskipta séu skýrt fram settar þannig að staða gagnvart markmiðum Íslands sé aðgengileg og augljós. Jafnframt er mikilvægt að setja fram eins og kostur er orkutölfræði samhliða loftslagsupplýsingum. Hafinn er undirbúningur að gerð mælaborðs umhverfis-, orku- og loftslagsmála sem skiptir miklu máli fyrir mat á framvindu og árangri á sviði umhverfismála.

Ráðuneytið telur mikilvægt að auka áherslu á svonefnda loftslagshagstjórn en slík hagstjórn snýst um að tryggja samhæfingu milli ákvarðana stjórnvalda í opinberum fjármálum og markmiða í loftslagsmálum. Gerð er krafa um að það fjármagn sem notað er í hin ýmsu verkefni skili sér í samdrætti í losun eða aukinni bindingu. Aukin áhersla á forgangsörðun í þágu loftslagsmarkmiða felur í sér að mikilvægt sé að stjórnvöld meti áhrif verkefna á loftslagsbókhald Íslands áður en ákvörðun er tekin um að ráðast í verkefni, þannig að metið sé hvort það dragi úr losun og hversu mikið. Það mat verði því ávallt hluti af forsendum við ákvarðanatöku á öllum málefnasviðum.

Græn fjármálastjórn, s.s. útgáfa á grænum skuldabréfaramma ríkissjóðs og notkun hagstjórnartækja eins og skatta og ýmiss konar ívilnana, er gríðarlega mikilvæg í loftslagsmálum.

Orkustefna hefur verið mótuð til ársins 2050 og ber heitið „Sjálfbær orkuframtíð“. Í henni er fjallað um orkuskipti og loftslagsmál, endurnýjanlega orku, orkunýtni, ávinning samfélags og neytenda, náttúruvernd og lágmörkun umhverfisáhrifa, samkeppnishæfni og verðmætasköpun, trausta og örugga innviði um land allt og öruggt orkuframboð. Í orkustefnu kemur fram að öll nýting orkuauðlinda til framleiðslu raforku, varma eða eldsneytis þurfi að vera með sjálfbærum hætti. Við ákvarðanir um verndun landsvæða eða virkjun orkuauðlinda, sem og uppbyggingu orkukerfisins, verði gætt að jafnvægi milli hinna þriggja vídda sjálfbærrar þróunar; umhverfis, samfélags og efnahags.

Þá kemur fram að eitt af meginmarkmiðum orkustefnu sé að tryggja jafnvægi framboðs og eftirspurnar á orkumarkaði og þar með orkuöryggi. Framboð orku þurfi að geta annað vaxandi eftirspurn vegna orkuskipta, tækniþróunar og fólksfjölgunar, sem og eðlilegrar þróunar fjölbreyttrar starfsemi um land allt, enda er aðgengi að orku grundvöllur að verðmætasköpun í atvinnulífinu og forsenda jákvæðrar byggðapróunar og búsetuskilyrða. Þegar leitast er við að uppfylla markmið um orkuöryggi eru sjálfbær þróun og önnur gildi lögð til grundvallar.

Áherslur ráðuneytisins varðandi orku- og loftslagsmál:

- Ný nálgun verður viðhöfð varðandi samstarf stjórnvalda og atvinnulífs, sveitarfélaga og annara hagsmunaaðila í umhverfis- og loftslagsmálum. Markmiðið verði að ná betri og öflugri samskiptum og þannig meiri árangri á skemmri tíma. Afrakstur þess verður m.a. áfangaskipt losunarmarkmið fyrir hvern geira.
- Að tryggja framgang þriðju orkuskiptanna. Full orkuskipti eigi sér stað eigi síðar en 2040 og Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti fyrst þjóða.
- Áhersla verður á græna atvinnuuppbyggingu og grænar fjárfestingar ásamt því að greiða götu verkefna, m.a. á sviði föngunar, geymslu og förgunar kolefnis, uppbyggingar hringrásarhagkerfis með fjölnýtingu orkustrauma og orkuskipta. Ísland á að verða vaggá nýrra lausna á grunni auðlinda, þekkingar og staðsetningar.
- Áhersla verður á að efla og þróa rannsóknir og þekkingu á sviði grænna lausna í þágu atvinnulífs og alþjóðlegra verkefna í samstarfi við alþjóðlega aðila.
- Unnið verði að einföldun regluverks með hliðsjón af markmiðum Íslands í loftslagsmálum og tryggt að allar atvinnugreinar geti tekið þátt í nauðsynlegum loftslagsverkefnum.
- Stjórnsýsla loftslagsmála verður styrkt og hlutverk loftslagsráðs tekið til endurskoðunar með aukinni áherslu á ráðgefandi hlutverk og vísindastarf, auk aðhalds- og eftirlitshlutverks gagnvart stjórnvöldum.

- Áhersla er lögð á að efla náttúrumiðaðar lausnir, m.a. með hvötum til aukinnar skógræktar, landgræðslu og endurheimtar votlendis. Efla þarf rannsóknir á losun og bindingu kolefnis vegna samspils landnýtingar og loftslagsmála.
- Gætt er að náttúruvernd við orkunýtingu og nýting orkuauðlinda er sjálfbær.
- Áhersla er á að íbúar landsins njóti ávinnings af orkuauðlindunum.
- Áhersla er á að tryggja orkuöryggi fyrir alla landsmenn og aðgengi að grænni orku sem aflað er á sjálfbæran hátt. Traustir innviðir fyrir raforku og varma eru grundvöllur að ásættanlegu orkuöryggi fyrir almenning og atvinnustarfsemi hér á landi.
- Ríkisstjórnin mun ekki gefa út leyfi til olíuleitar í efnahagslögsögu Íslands.
- Tölfræðiupplýsingar verði bættar, fræðsla eflid sem og miðlun um loftslagsmál.
- Framlög verða áfram tryggð til jöfnunar húshitunar- og raforkukostnaðar heimila milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Fleiri áætlanir á sviði loftslagsmála:

- Umbótaáætlun vegna landnotkunar 2020-2023. Unnið er að uppfærslu í samræmi við uppfærðar kröfur um gæði gagna í losunarbókhaldi Íslands um mat á losun og bindingu vegna landnotkunar.
- Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum: „Í ljósi loftslagsvár“. Unnið er að gerð landsáætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum.

Virkt hringrásarhagkerfi er ein lykilforsenda þess að árangur náist í loftslagsmálum. Markmiðið með hringrásarhagkerfi er að draga úr auðlindanotkun, auka líftíma auðlinda jarðar og koma í veg fyrir að efni og hlutir hverfi úr hagkerfinu sem úrgangur. Þannig má auka hagsæld og lífsgæði en um leið standa vörð um takmarkaðar auðlindir jarðar, stuðla að sjálfbærni og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Draga þarf verulega úr myndun úrgangs, auka endurvinnslu og hætta urðun.

Unnið er eftir ýmsum stefnum og aðgerðaáætlunum til að ná þessum markmiðum:

- Stefna um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 miðar að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá meðhöndlun úrgangs og stuðlar að sjálfbærri auðlindanýtingu með því að auka endurvinnslu og aðra endurnýtingu úrgangs og draga úr urðun, auk þess að hafa að markmiði að úrgangur sem til fellur fái viðeigandi meðhöndlun svo hann skapi ekki hættu fyrir heilbrigði manna og dýra eða valdi skaða á umhverfinu. Stefnan felur í sér aðgerðaáætlun með 27 aðgerðum.
- Saman gegn sóun, stefna um úrgangsforvarnir 2016-2027, hefur það að markmiði að draga úr myndun úrgangs, að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, að bæta nýtingu auðlinda, m.a. með áherslu á græna nýsköpun, að draga úr hráefnisnotkun samhliða minni umhverfisáhrifum og að minnka dreifingu á eignum sem eru skaðleg heilsu og umhverfi. Úr viðjum plastsins, aðgerðaáætlun í plastmálefnum frá september 2020, felur í sér 18 aðgerðir sem skipt er í þrjá hluta eftir eðli þeirra, í fyrsta lagi markmið um að draga úr notkun plasts, markmið um aukna endurvinnslu plasts og markmið er tengjast plasti í hafi.
- Minni matarsóun, aðgerðaáætlun gegn matarsóun frá september 2021, er heildstæð aðgerðaáætlun gegn matarsóun á Íslandi og þeim umhverfisáhrifum sem af henni hljótask. Um er að ræða 24 aðgerðir.

Land og vatn. Verndun hafsins í kringum landið, sjálfbær landnýting, landgræðsla og skógrækt eru mikilvæg viðfangsefni og á því sviði er unnið að ýmsum stefnum og áætlunum.

Átak í friðlýsingum 2018-2021. Átakið fól m.a. í sér vinnu að friðlýsingum svæða á náttúruverndaráætlunum, svæða í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar, svæða undir álagi ferðamanna og stækkun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Að auki bárust tillögur að friðlýsingum frá heimafólki og sveitastjórnnum. 14 ný svæði voru friðlýst, átta svæði voru friðlýst gegn orkuvinnslu á grundvelli rammaáætlunar og fimm friðlýst svæði voru stækkuð.

Vöktun náttúru á ferðamannastöðum. Skipulögð vöktun á tugum náttúruverndarsvæða vítt og breitt um landið hófst 2019. Þar eru könnuð áhrif ferðamanna á vistgerðir og plöntur, fugla, spendýr og jarðminjar.

Ástandsmat. Árlegt sameiginlegt mat Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum á áfangastöðum ferðamanna innan friðlýstra svæða á Íslandi.

Framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár. Á fimm ára fresti á ráðherra skv. náttúruverndarlögum að gefa út náttúruminjaskrá og leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Þær náttúruminjar sem samþykktar eru sem þingsályktun eru þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Nú er unnið að tillögum um svæði sem verða í þingsályktunartillögu ráðherra.

Grænbók um líffræðilega fjölbreytni. Grænbókin var kynnt haustið 2022. Þar er gerð grein fyrir tengslum og áhrifaþáttum stefnu fyrir líffræðilega fjölbreytni við aðra alþjóðlega samninga, lög og stefnur hér á landi. Eru þar settar fram 14 áherslur til umræðu sem snúa að verndun og endurheimt tegunda og vistkerfa, líffræðilegri fjölbreytni í annarri stefnumörkun, ágengum framandi tegundum, þekkingu og mótun, innleiðingu og eftirfylgni stefnu. Fjallað er um stöðu líffræðilegrar fjölbreytni og helstu beinu og óbeinu þætti sem hafa áhrif á verndun og þróun hennar alþjóðlega og hér á landi. Einnig er fjallað um drög að markmiðum samningsins og stefnu, sem og valkosti, framtíðarsýn og áherslur við stefnumótun fyrir Ísland um líffræðilega fjölbreytni.

Landsáætlun um innviði. Stefnumarkandi tólf ára áætlun sem fjallar um stefnumótun vegna uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum, leiðum og svæðum. Í henni eru sett fram markmið um stýringu og sjálfbæra þróun, vernd náttúru og menningarsögulegra minja, öryggismál, skipulag og hönnun og ferðamannaleiðir.

Helstu áherslur ráðuneytisins á þessu sviði:

- Að bæta ástand áfangastaða innan náttúruverndarsvæða með það að markmiði að 95% áfangastaða innan náttúruverndarsvæða séu innan þolmarka fyrir árslok 2027.
- Að vinna að gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði.
- Að efla líffræðilega fjölbreytni.

3.3.12 Utanríkisráðuneytið

Utanríkisráðuneytið sinnir samskiptum Íslands við erlend ríki og á vettvangi alþjóðastofnana sem varða allt frá mannréttindum til öryggis- og varnarmála og utanríkisviðskipta. Það gætir hagsmuna íslenskra ríkisborgara, fyrirtækja og neytenda með því að tryggja aðgang að

alþjóðamörkuðum og efla fríverslun. Það styður við íslensk fyrirtæki sem vilja hasla sér völl erlendis og kynnir menningu og listir um víða veröld.

Ráðuneytið er virkur þátttakandi með öðrum ráðuneytum í því að kynna og miðla upplýsingum um málefni sjálfbærrar þróunar á alþjóðavettvangi og í alþjóðasamstarfi. Má þar telja alþjóðlegt samstarf um málefni hafsins, kynjajafnrétti og endurnýjanlega orku. Sem dæmi í þessu samhengi þá styður Ísland fjárhagslega við Græna loftslagssjóðinn sem er stærsti einstaki sjóðurinn fyrir loftslagsaðgerðir.

Ráðuneytið er ábyrgt fyrir framlögum til þróunar- og mannúðarsamstarfs og vinnur eftir stefnu um **alþjóðlega þróunarsamvinnu** fyrir árin 2019-2023. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós stefnunnar og varðar allt starf Íslands á sviði sjálfbærni. Unnið er að endurnýjun stefnunnar sem mun taka til árána 2024-2028.

Yfirmarkmið stefnunnar er að draga úr fátækt og hungri, sem er í samræmi við heimsmarkmið 1 og 2. Meginmarkmiðin varða annars vegar uppbyggingu félagslegra innviða og störf í þágu friðar og verndun jarðarinnar og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.

Helstu áherslur utanríkisráðuneytisins á þessum sviðum eru m.a.:

- Friðsamlegar lausnir, sjálfbær þróun, jafnrétti, lýðræði, mannréttindi.
- Staða Íslands á norðurslóðum.
- Framkvæmd og þróun EES, auk fríverslunarsamninga.
- Samstarf á vettvangi velsældarríkja og forysta um velsældarmælikvarða.
- Kynjajafnrétti og valdefling kvenna í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð, sem grunnur að framförum og sjálfbærri þróun.
- Þróunarsamvinna um loftslagsmál og grænar lausnir með sérstaka áherslu á nýtingu hreinna orkugjafa sem stuðla að minnkun orkufátæktar og efnahagslegri valdeflingu kvenna í tekjulágum ríkjum.

Ísland er aðili að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Loftslagssamningnum) og öll útfærsla markmiða í loftslagsmálum hér á landi tekur mið af alþjóðlegu og evrópsku regluverki. Það tryggir að markmið Íslands séu skýr, skiljanleg og samanburðarhæf á alþjóðavettvangi.

3.4 Sveitarfélögin

Sveitarfélögin gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að sjálfbærri þróun. Þau fara með framkvæmdarvald ásamt ríkinu og eru grundvallareining í stjórnskipan landsins, og líkt og hjá ríkinu varðar starfsemi þeirra allar stöðir sjálfbærrar þróunar. Um þriðjungur af opinberum útgjöldum er á þeirra ábyrgð. Fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónusta, þ.m.t. þjónusta við fólk með fötlun, og æskulýðs- og íþróttamál eru samanlagt á milli 70 og 80% rekstrarkostnaðar.

Sveitarfélögin eru það stjórnvald sem standa næst íbúum og eru því í góðri stöðu til að ná til íbúa og annarra hagaðila, s.s. fyrirtækja og félagasamtaka í sveitarfélaginu, bæði til að tryggja að enginn sé skilinn út undan en einnig til að tryggja eignarhlutdeild og þátttöku íbúa og annarra hagaðila í aðgerðum til að stuðla að sjálfbærni. Því er til mikils að vinna að sveitarfélög fái stuðning til að byggja upp þekkingu á því hvernig hægt er að virkja íbúa, fyrirtæki og félagasamtök

í sveitarfélögum til þátttöku og samsköpunar (e. Co-creation) um grænar og samfélagslegar aðgerðir.

Verkefni á sviði umhverfis-, loftslags- og skipulagsmála eru vaxandi fyrir sveitarfélögin. Loftslagsmál færast sífellt ofar í forgangsroð sveitarfélaga. Samkvæmt núgildandi lögum er öllum sveitarfélögum skylt að setja sér loftslagsstefnu en stefnan á að fela í sér skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Verkferakista loftslagsvænni sveitarfélaga sem Umhverfisstofnun heldur utan um styður sveitarfélög í þessari vinnu. Aðgerðir í loftslags-, orku- og fráveitumálum og bætt úrgangsméðhöndlun í anda hringrásarhagkerfis verða í forgrunni í samskiptum ríkis og sveitarfélaga á næstu árum. Sveitarfélög gegna lykilhlutverki, m.a. í gegnum skipulag byggðar, í því að draga úr samfélagslosun Íslands, þ.e. þeirri losun sem er á ábyrgð stjórnvalda. Auka þarf þekkingu sveitarstjórna á helstu áskorunum og stjórnækjum sem stuðlað geta að loftslagsvænum samfélögum, m.a. með áherslu á orkuskipti, vishæfar samgöngur, landnotkun og aðlögun að loftslagsbreytingum. Styðja þarf sveitarfélög til að vinna markvisst að markmiðum hringrásarhagkerfisins og tryggja, með framlengdri framleiðendaábyrgð, þátttöku Úrvinnslusjóðs, í kostnaði sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs. Tækifæri eru til að veita sveitarfélögum styrki til grænnar innviðaupbyggingar en ljóst er að mikil þörf er fyrir innviðaupbyggingu í þessu samhengi, s.s. í fráveitu- og úrgangsmálum.

Samband íslenskra sveitarfélaga samræmir aðkomu sveitarfélaga að umræðu um sjálfbæra þróun og hefur verið í forsvari fyrir þau varðandi stuðning við vinnu sveitarfélaga að innleiðingu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Bent hefur verið á að um 65% af alls 169 undirmarkmiðum heimsmarkmiðanna verði ekki náð án aðkomu sveitarfélaga. Samkvæmt meginmarkmiði 1.12 í stefnumörkun landsþings sambandsins fyrir 2022-2026 skulu heimsmarkmiðin verða leiðarljós við framkvæmd stefnumörkunar, ásamt því að unnið verði markvisst að innleiðingu þeirra á sveitarstjórnarstigi. Þá er í markmiði 9.11 kveðið á um að sambandið skuli styðja sveitarfélögin í innleiðingu markmiðanna og eiga gott samstarf við forsætisráðuneytið um frekari eftirfylgni og þróun verkferakistu og mælikvarða um framgang markmiðanna.

Til að vinna að framgangi þessara mála var samstarfsvettvangur sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun settur á laggirnar þann 19. júní 2019. Samstarfsvettvangnum er ætlað að efla og styrkja sveitarfélögin til samstöðu og samtals um þessa málaflokka. Sambandið hefur í samstarfi við forsætisráðuneytið unnið verkferakistu fyrir sveitarfélögin til stuðnings við innleiðingu markmiðanna í sveitarfélögum.

Þá fékk sambandið styrk frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að fara í sex mánaða stuðningsverkefni vegna innleiðingar sveitarfélaga á heimsmarkmiðunum fyrir sveitarstjórnarkosningar 2022. Öllum sveitarfélögum bauðst að taka þátt og tæplega helmingur þeirra þáði það boð.

Mörg sveitarfélög hafa tekið gott frumkvæði til þess að stuðla að sjálfbærri þróun og mörg hver eru þegar farin að vinna markvisst að því að innleiða heimsmarkmiðin í sína stefnumótun og áætlanagerð. Mikilvægt er að þróa sameiginlega mælikvarða fyrir sveitarfélögin til að meta árangur og framvindu þeirra markmiða sem skilgreind eru og tengjast starfsemi sveitarfélaga. Samstarfshópur ríkis og sveitarfélaga hefur lagt fram tillögur að mælikvarðasettum fyrir sveitarfélög en fjármögnun er ekki í höfn.

Nokkur dæmi af fjölmörgum um starf einstakra sveitarfélaga:

Kópavogur hefur komið sér upp gagnasafni sem samanstendur af mælaborðum og árangursmælikvörðum sem munu nýtast við stefnumarkandi ákvarðanatöku og ráðstöfun fjármuna. Þannig er innleiðing Kópavogs á heimsmarkmiðunum gagnadrifin, eins og bent er á í skýrslu OECD. Kópavogsbær var einnig fyrsta sveitarfélag landsins til þess að innleiða alþjóðlega viðurkenndan ISO-mælikvarða fyrir sjálfbærar borgir og samfélög og hefur náð miklum árangri í því að innleiða sjálfbærni í sína stefnumótun. Reykjavíkurborg hefur einnig innleitt staðalinn.

Reykjavíkurborg hefur dregið upp sína framtíðarsýn til ársins 2030 með heildarstefnunni Græna planið sem tengir lykilstefnur og áætlanir borgarinnar við þá sýn. Hún snýr að þróun á þjónustu og stjórnkerfi borgarinnar, auk þess að draga fram forgangs röðun í fjárfestingum borgarinnar og tengdra fyrirtækja. Græna planið dregur saman þrjár stoðir sjálfbærni með áherslu á vaxandi borg með framtíðarsýn í efnahagsmálum, græna borg í umhverfis- og loftslagsmálum og borg fyrir fólk í samfélagsmálum. Árangri verður fylgt eftir með alþjóðlegum mælikvörðum um sjálfbærar borgir og samfélög. Græna planið gengur þvert á svið borgarinnar þar sem málefni sjálfbærrar þróunar koma öllum sviðum við, en eru ekki staðsett hjá ákveðinni sjálfbærnieiningu.

Reykjavíkurborg tekur einnig þátt í ýmsu alþjóðlegu samstarfi um kolefnishlutlausar og snjallar borgir 2030 sem nefnist Loftslagssamningur Reykjavíkur, en með því stefnir borgin að því að flýta markmiði um kolefnishlutleysi um 10 ár, eða til ársins 2030. Samband íslenskra sveitarfélaga er þátttakandi í öðrum Evrópuleiðangri um aðlögun sveitarfélaga að loftslagsbreytingum. Þá vinnur sambandið að framkvæmd aðgerðar C3 í gildandi byggðaáætlun um Grænt og snjallt Ísland.

Í sameiningarvinnu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, „Nýsköpun í norðri“, voru heimsmarkmiðin lögð til grundvallar. Áhersluverkefni fólu m.a. í sér rannsókn- og nýsköpunarklasa, kolefnisbindingu með skógrækt og landgræðslu, sameiginlegt vörumerki í uppbyggingu hringrásarhagkerfis og samstöðu íbúa.

Í lok ársins 2019 ákvað sveitarstjórn Flóahrepps að hefja stefnumótun til næstu ára hjá sveitarfélaginu og móta framtíðarsýn, hlutverk, gildi og nýja samfélagsstefnu. Tilgangurinn var að innleiða sjálfbæra þróun í sveitarfélaginu og auka umhverfisvitund og jafnframt bæta líðan íbúa svæðisins. Í stefnunni er tekið mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Niðurstaðan er vinna íbúa og stjórnenda að nýrri framtíðarsýn, hlutverkum og gildum. Gildin sem íbúar völdu eru sjálfbærni, framsækni og samvinna. Stefnuáherslur sveitarfélagsins skiptast í fjóra flokka; framsækið atvinnulíf, öflugt heilsueflandi samfélag, virkt íbúalýðræði og sjálfbært samfélag. Markmið verkefnisins er að móta nýja stefnu sem varði leið sveitarfélagsins í átt að sjálfbærri framtíð þar sem heimsmarkmiðin verði leiðarljósið í sjálfbærri þróun í sveitarfélaginu.

Heildarstefna Reykjanesbæjar, sem ber yfirheitið „Í krafti fjölbreytileikans“, hefur tengt 12 heimsmarkmið við stefnuáherslur sínar. Stefnan samanstendur af framtíðarsýn, sex stefnuáherslum og þremur gildum. Heimsmarkmiðin eru síðan tengd hverri stefnuáherslu en þær eru: börnin mikilvægust, vellíðan íbúa, vistvænt samfélag, fjölbreytt störf, kraftur fjölbreytileikans og skilvirk þjónusta. Markmiðið með nýrri stefnu var að setja niður skýra sýn fyrir sveitarfélagið í heild að teknu tilliti til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Sóknaráætlanir

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim koma fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í sóknaráætlunum landshluta er mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af meginmarkmiðum byggðaaætlunar, landsskipulagsstefnu, skipulagsáætlunum, menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál styður landshlutasamtök sveitarfélaga við gerð sóknaráætlana og samninga milli landshlutasamtaka sveitarfélaga og ráðuneyta. Í gildandi samningum ráðuneytanna við landshlutasamtökin er kveðið á um að landshlutarnir eigi að setja sér leiðarljós sem taki mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Sóknaráætlanir eru unnar í samvinnu við samráðsvettvang viðkomandi landshluta sem er samstarfsvettvangur sveitarfélaga, ríkisstofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í hverjum landshluta. Á þessum vettvangi gefst tækifæri til að móta áherslur um sjálfbæra þróun einstakra byggðarlaga.

3.5 Atvinnulífið

3.5.1 Íslenskt atvinnulíf og sjálfbær þróun

Efnahagur, umhverfi og samfélag eru órjúfanleg heild. Auðlindir eru takmarkaðar og jafnvægi á milli samfélags, náttúru og efnahags er forsenda fyrir áframhaldandi hagsæld. Aðkoma atvinnulífsins skiptir hér sköpum þar sem horfa þarf til nýsköpunar og fjárfestingatækifæra. Mörg íslensk fyrirtæki hafa á síðustu árum sett sér sérstaka sjálfbærnistefnu þar sem lögð er áhersla á sjálfbær gildi í stjórnun, rekstri og starfsemi.

Til þess að lifa af og vaxa í sífelld samkeppnishæfara og ábyrgara viðskiptaumhverfi er ekki lengur valkostur að hunsa sjálfbærni, umhverfis-, heilsu- og öryggisáhættu, loftslagsbreytingar og áhyggjur / væntingar hagsmunaaðila um þessi mál. Ljóst er að mikil tækifæri felast í lágkolefnis- eða kolefnishlutlausu hagkerfi sem mun koma til með að skapa ný störf, þekkingu og tækifæri fyrir komandi kynslóðir. Ísland er með kjöraðstæður til að skapa sjálfbært og blómstrandi efnahagslíf og getur orðið leiðandi í þeim efnunum á heimsvísu.

3.5.2 Samfélagsábyrgð fyrirtækja í lögum um ársreikninga

Lög um ársreikninga fyrirtækja hafa frá árinu 2016 falið í sér þá skyldu fyrir fyrirtæki með fleiri en 250 starfsmenn að þau geri grein fyrir samfélagsábyrgð. Í ársreikningi skal leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif fyrirtækisins á umhverfi þess ásamt framvindu félags- og starfsmannamála. Þá þurfa fyrirtækin í ársreikningi að gera grein fyrir stefnu sinni í mannréttindamálum og hvernig þau sporna við spillingar- og mútumálum.

Sams konar breytingar eiga sér nú stað víðs vegar um heim sem hafa áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Ábyrg félög eru þau sem með markvissum hætti skipuleggja starfsemi sína þannig að þau skili fjárhagslegum ávinningi og hafi á sama tíma jákvæð áhrif á samfélagið og umhverfið.

3.5.3 Flokkunarkerfi Evrópusambandsins

Evrópusambandið (ESB) hefur innleitt flokkunarkerfi (EU Taxonomy) til að skilgreina sjálfbæra atvinnustarfsemi. Því er ætlað að koma á sameiginlegum skilningi allra hagaðila á umhverfislega sjálfbærri starfsemi, sem styðji við loftslags- og umhverfismarkmið ESB.

Flokkunarkerfið byggir á sex umhverfismarkmiðum, sem eru:

1. Að draga úr loftslagsbreytingum
2. Aðlögun að loftslagsbreytingum
3. Sjálfbær nýting og verndun vatns- og sjávarauðlinda
4. Umskipti í hringrásarhagkerfi
5. Mengunarvarnir og -eftirlit
6. Verndun og endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika og vistkerfa

Til þess að geta talist umhverfislega sjálfbær samkvæmt flokkunarkerfi ESB verða verkefni að styðja verulega við a.m.k. eitt þessara markmiða, án þess að skaða neitt hinna að ráði.

Flokkunarkerfinu er ætlað að beina fjárfestingum í átt að sjálfbærri starfsemi og að styðja við markmið ESB um að ná hlutleysi í loftslagsmálum árið 2050.

Reglurnar hafa þýðingu fyrir evrópska efnahagssvæðið og þar með íslenskt atvinnulíf.

3.5.4 Loftslagsvegvisir atvinnulífsins

Aðildarfélag SA, Bændasamtökin og Grænvangur birtu sérstakan loftslagsvegvisi í júní árið 2021 til að styðja markmið íslenskra stjórnvalda um kolefnishlutlaust Ísland eigi síðar en árið 2040 og að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti fyrir 2050. Þar kemur fram að atvinnulífið muni styðja þá viðleitni af ábyrgð og festu.

Íslensk fyrirtæki hafi fjölmargar grænar lausnir fram að færa sem nýst geta gegn loftslagsvandnum og að sjálfbærri þróun. Stjórnvöld þurfi hins vegar að ryðja hindrunum úr vegi og hlúa að jákvæðum hvötum eins og starfsskiptyrðum, örva fjárhagslega hvata til nýsköpunar og tækni framfarir sem og að hvetja til fjárfestinga, til að ná sem mestum og bestum árangri.

Í loftslagsvegvisi atvinnulífsins er einnig að finna ýmis hagnýt ráð og leiðir sem geta hjálpað til við að ná árangri við að uppfylla markmið stjórnvalda um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040.

3.5.5 Loftslagsvegvisar atvinnulífsins

Loftslagsvegvisar atvinnulífsins (LVA) eru samstarfsverkefni atvinnulífs og stjórnvalda. Vinnan er unnin á forsendum fyrirtækja í íslensku atvinnulífi og viðeigandi aðildarsamtaka með stuðningi frá vinnuteymi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.

Íslenskt atvinnulíf gegnir mikilvægu hlutverki í þeim umskiptum sem nauðsynleg eru til að metnaðarfull loftslagsmarkmið Íslands um 55% samdrátt í losun fyrir 2030 (miðað við 2005) og kolefnishlutleysi 2040 náist. Atvinnulífið hefur þegar stigið stór skref í að ná fram nauðsynlegum umbreytingum í sinni starfsemi en ljóst er að mikið verk er enn eftir óunnið.

Að sama skapi er aðkoma stjórnvalda nauðsynleg, til að mynda hvað varðar lög og reglugerðir, með hvötum til grænna fjárfestinga, stuðningi við umhverfi nýsköpunar, tækniþróunar og orkuskipta.

Loftslagsvegvisar atvinnulífsins munu innihalda atvinnugreinaskipta vegvísa með mælanlegum markmiðum og úrbótatillögum sem stuðla að samdrætti í losun. Þá munu vegvisarnir ramma inn aðgerðir sem snúa að atvinnulífinu og stjórnvöldum til að koma á umbótum í loftslagsmálum.

Síðastliðna þrjá mánuði hefur atvinnulífið lagt mikinn metnað og vinnu í undirbúning vegvísa og söfnun aðgerða. Haldnar voru tólf vinnustofur þar sem flestar atvinnugreinar boðuðu fjölbreytta hagsmunaaðila sína eftir hagaðilagreiningu. Tilgangurinn var að ná aukinni breidd og dýpt í hugmyndasöfnun aðgerða, styrkja tengsl og efla umræðuna um viðfangsefnið innan sinnar greinar.

Stefnt er að útgáfu vegvísa í byrjun júní á sameiginlegum vettvangi atvinnulífsins og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins – Grænþingi. Vegvísar atvinnugreina eru lifandi skjöl en hægt verður að bæta atvinnugreinum við eftir því sem verkefninu vindur fram.

3.5.6 Samtök atvinnulífsins (SA)

Starfsemi fyrirtækja hefur áhrif á umhverfið. Samtök atvinnulífsins og aðildarsamtök þeirra hafa um árabíl hvatt fyrirtæki til þess að lágmarka þau áhrif. Sjálfbær nýting auðlinda er lykillinn að farsælum rekstri á mörgum sviðum og fyrirtæki leggja sífellt meiri áherslu á umhverfismál. Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda, betri nýting aðfanga og átak til að draga úr myndun úrgangs skiptir miklu fyrir umhverfið og okkur öll, en dregur auk þess úr kostnaði og stuðlar að góðri afkomu.

Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á mikilvægi þess að skoða heildrænt þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar, vernd umhverfisins, félagslega velferð og efnahagsvöxt, og að tengja saman grunnstarfsemi fyrirtækja og þá hugsun að auka virði til langs tíma.

Auðlindir jarðar eru takmarkaðar og aðkoma atvinnulífsins skiptir sköpum þar sem horfa þarf til nýsköpunar, tæknibreytinga og fjárfestingatækifæra en sjálfbærni er nauðsynlegur lykilkáttur í sterku hagkerfi sem stendur undir sér. Tenging árangurs í umhverfis- og sjálfbærnimálum við lækkun kostnaðar mun leiða til aukinnar verðmætasköpunar, sem er undirstaða bættra lífskjara. Tækifærin eru til staðar og miklir hagsmunir eru fólgnir í því að vera leiðandi á sviði grænna atvinnuvega og nýsköpunar.

Samtök atvinnulífsins beita sér fyrir einföldun á regluverki, innleiðingu á hagrænum hvötum, takmörkunum á íþyngjandi kvöðum og að stjórnvöld skapi umhverfi sem leyfir nýsköpun, þá sérstaklega í umhverfis- og loftslagsmálum, að blómstra.

Áhersluatriði SA:

- Hlúa þarf að stoðum sjálfbærrar þróunar þar sem jafnvægi ríkir milli verndar umhverfisins, félagslegrar velferðar og efnahagslegra sjónarmiða til að velferð og áframhaldandi hagsæld sé tryggð í landinu.
- Tryggja þarf samkeppnishæf starfsskilyrði fyrirtækja þegar horft er til skemmri tíma án þess þó að missa sjónar á langtímahagsmunum þjóðarinnar.
- Endurskoða skal eftirlit og leyfisveitingar á þessu sviði og mikilvægt er að samfara auknu innra gæðastarfi fyrirtækjanna verði dregið úr opinberu eftirliti.
- Mikilvægt er að ekki séu gerðar meiri kröfur til fyrirtækja en umfang og eðli starfsemi þeirra gefur tilefni til.

- Samræma þarf notkun ábyrgra og samanburðarhæfra mælikvarða og staðla svo fyrirtækin geti fylgt eftir metnaðarfullum markmiðum stjórnvalda.
- Mengunarvaldar beri ábyrgð á því tjóni sem þeir valda.
- Skortur á grænni orku mun koma niður á tækifærum til vaxtar.
- Tryggja þarf uppbyggingu grænna innviða um allt land.
- Grænir skattar hvetja til breyttrar hegðunar en ættu ekki að vera tekjuöflun fyrir hið opinbera.
- Íþyngjandi kvaðir og samkeppnishamlandi regluverk draga úr grænni fjárfestingu.

Meðal verkefna SA eru Umhverfismánuður atvinnulífsins í október ár hvert, Sjálfbærnidagur atvinnulífsins og þátttaka í fjölda nefnda og ráða á vegum stjórnvalda.

3.5.7 Samorka

Samorka er samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforkuframléiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingarfyrirtæki raforku.

Samorka telur að brýnustu verkefni sjálfbærrar þróunar á Íslandi séu að tryggja að grunnþörfum samfélagsins um hreint vatn, varma til húshitunar, raforku og fráveitu verði áfram mætt með sjálfbærri nýtingu auðlindanna. Vel hefur gengið hingað til en með aukinni fólksfjölgun og loftslagsbreytingum eykst álagið á þær auðlindir sem við nýtum í dag.

Skerpa þarf á lögum um vatnsverndarsvæði og tryggja þarf nánara samráð við veitufyrirtæki og stofnanir í skipulagsferlum. Afleiðing loftslagsbreytinga veldur auknu álagi á veitukerfi og sem dæmi má nefna að aukin tíðni skógarelda á vatnsverndarsvæðum er stórt verkefni þegar kemur að því að tryggja gæði neysluvatns.

Stækkandi samfélag gerir auknar kröfur á grunninnviði sína og tryggja þarf að orku- og veitufyrirtæki fái nægt svigrúm til að halda áfram að byggja upp starfsemi sína á sjálfbæran hátt.

Nýting náttúruauðlinda á sjálfbæran hátt er megináhersla aðildarfyrirtækja Samorku og fjöldi verkefna hefur verið unninn á því sviði á vettvangi Samorku. Sem dæmi um nokkur nýleg verkefni má nefna gerð á áhættumati vegna áhrifa loftslagsbreytinga á veitunnviði, greiningu á áhættu vegna gróðurelda á vatnsverndarsvæðum og mat á mengunarhættu vegna umferðar um vatnsverndarsvæði.

Samorka hefur verið leiðandi þegar kemur að greiningum og verkefnum tengdum orkuskiptunum. Samtökin urðu fyrst til að setja fram útreikninga á orkuþörf vegna orkuskipta árið 2020. Útreikningarnir voru uppfærðir árið 2022 og voru innlegg geirans í grænbók stjórnvalda, Staða og áskoranir í orkumálum. Greiningar á orkuþörf vegna orkuskipta hafa einnig verið birtar á vefnum orkuskipti.is.

Einnig hefur Samorka staðið að öðrum greiningum til að styðja við orkuskipti, s.s. á áhrifum og fjárfestingarþörf vegna orkuskipta í dreifi- og flutningskerfinu, og greiningu á orku- og aflþörf vegna orkuskipta í þungaflutningum.

Þá vinna Samorka og aðildarfyrirtæki samtakanna að gerð sérstaks loftslagsvegvísis fyrir orku- og veitugeirann á grundvelli loftslagsvegvísa Samtaka atvinnulífsins.

3.5.8 Samtök ferðaþjónustunnar (SAF)

Ferðaþjónusta á Íslandi byggir á þeirri auðlind sem einstæð náttúra landsins er. Því er mikilvægt að við sameinumst öll um að vernda náttúruna og viðhalda henni með sjálfbærni og ábyrgð í umhverfismálum að leiðarljósi.

Umhverfisstaðlar eru einn liður í því að tryggja ábyrga umgengni við umhverfi okkar. Þeir geta einnig verið öflugt tæki í markaðssetningu á ferðaþjónustu. Fjöldmargir umhverfisstaðlar eru í notkun í heiminum en þeir geta verið frá því að vera einfaldar leiðbeiningar yfir í að vera yfirgripsmikil vottunarkerfi.

Ferðaþjónustan hefur stækkað ört á undanförunum árum en þar með hafa neikvæð umhverfisáhrif hennar einnig aukist. Erlendir ferðamenn hafa mestan áhuga á að upplifa hreina íslenska náttúru. Þetta endurspeglast einnig í auknum kröfum til ferðaþjónustuaðila um góða frammistöðu í umhverfismálum. Flest bendir til að þessi þróun haldi áfram og að umhverfisvitund ferðamanna vaxi jafnt og þétt. Það felur í senn í sér ógnun og tækifæri fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu.

Markmið umhverfisstarfs í fyrirtækjum er að draga úr neikvæðum áhrifum starfseminnar á umhverfið og samfélagið, innanlands og utan. Þannig geta þau axlað hluta af sameiginlegri ábyrgð á verndun umhverfisgæða og jákvæðri samfélagsþróun, um leið og fjárhagslegur grundvöllur er styrktur til lengri tíma litið.

Oft er besta leiðin til að ná árangri í umhverfismálum í ferðaþjónustu sú að byggja upp og starfrækja umhverfisstjórnunarkerfi og fá það vottað af óháðum aðila. Þegar kemur að því að velja hvaða umhverfisstaðall hentar hefur það reynst í sumum tilfellum erfitt þar sem staðlarnir eru margir og ólíkir. Flest ferðaþjónustufyrirtæki á Íslandi eru lítil eða meðalstór. Slík fyrirtæki þurfa gæðakerfi sem er einfalt og auðvelt í notkun, ódýrt, krefst ekki mikils tíma í innleiðingu og rekstri, leiðir til sparnaðar og minnkar neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar.

3.5.9 Samtök fjármálafyrirtækja (SFF)

Bein losun gróðurhúsalofttegunda af völdum starfsemi aðildarfélaga SFF telst óveruleg og áhrif þeirra því ekki mikil þegar kemur að aðgerðum í að draga úr beinni losun. Þau gegna hins vegar lykilhlutverki í loftslagsmálum út frá óbeinum áhrifum, m.a. með því að mæla óbeina losun vegna útlána og fjárfestinga og bjóða græn lán og sparnaðarkosti, og er það í takt við erlenda þróun og auknar kröfur tengdar loftslagsmálum.

Í sérfræðingahópi SFF um innleiðingu ESB-löggjafar um sjálfbærni sitja sérfræðingar úr aðildarfélögum SFF, sem hafa það hlutverk að skoða helstu áhrif ESB-sjálfbærnilöggjafar sem innleidd verður hér á landi 1. júní 2023 og gildir m.a. um fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög. Sjálfbærnilöggjöfin byggir á flokkunarreglugerð ESB (Taxonomy - 2020/85) og reglugerð ESB um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR – 2019/2088). Hlutverk SFF í þessu samhengi er að vera sameiginlegur vettvangur sérfræðingahópsins fyrir upplýsingar um gang mála á innleiðingu löggjafarinnar, m.a. með reglulegum upplýsingafundum með fjármálaráðuneytinu og samtali við Seðlabankann.

SFF taka þátt í þróun Loftslagsvegvísa atvinnulífsins, samstarfi við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið um aðlögun að loftslagsbreytingum og í Grænvangi.

3.5.10 Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS)

Undanfarin ár hefur verið unnið við að endurskipuleggja móttökukerfi fyrir veiðarfæraúrgang og uppfæra samning milli SFS og Úrvinnslusjóðs sem endurspeglar ný lög um hringrásarhagkerfið. Framleiðendur og eigendur veiðarfæra taka sameiginlega ábyrgð á endurvinnslu á þeim. Kerfið byggir á framleiðendaábyrgð og nýjum lögum um hringrásarhagkerfi sem er eðli máls samkvæmt að fullu á ábyrgð atvinnulífsins. Þótt markmið Evrópusambandsins miði að 50% söfnunarhlutfalli og 15% endurvinnsluhlutfalli árið 2025 miðað við innflutning hefur greinin og úrvinnslusjóður lagt til markmið um 80% söfnun og af því er endurvinnslumarkmið 80%. SFS hefur hafið fræðslu og kynningu á nýju kerfi og óskað eftir góðu samstarfi við hafnir. Árið 2022 var fyrsta árið sem keyrt var á endurskipulögðu kerfi þar sem móttökustöðvum var fjölgað úr einni í 15 í öllum landshlutum. Niðurstaðan var að markmið náðist og gott betur en það. Rúmlega tvöfaldur útflutningur veiðarfæra miðað við fyrri ár var sendur til endurvinnslu, þ.e. tæp 1.700 tonn af veiðarfærum, sem bendir til þess að kerfið sé að virka.

Það er stórt efnahagslegt og félagslegt hagsmunamál fyrir íslenska þjóð að ástand fiskistofna sé gott og að upplýsingar um veiðar og umgengni við vistkerfi hafsins séu traustar og gagnsæjar. Ábyrg og góð umgengni í náttúrunni er skilyrði fyrir því að fiskistofnar við Ísland verði áfram nýttir með sjálfbærum hætti. Því þarf að efla rannsóknir á vistfræði og efnafræði sjávar og efla skilning á áhrifum hlýnunar, súrnunar sjávar og plastmengunar á lífríki hafsins. Vandaðar rannsóknir eru forsenda þess að auðlindin í hafinu verði nýtt á ábyrgan og sjálfbæran hátt. Fiskveiðistjórnunarkerfið hvílir á vísindalegri nálgun við nýtingu og útgjöld til hafrannsóknna geta því skilað margföldum ávinningi, en um það eru mörg dæmi. Það er mat samtakanna að það sé sérstaklega mikilvægt að efla og bæta verulega vöktun og rannsóknir á lífríki sjávar og að Hafrannsóknastofnun fái til þess fullnægjandi fjármagn. Samdráttur í vöktun leiðir til meiri óvissu, sem almennt veldur lægri veiðiráðgjöf og þar með minni útflutningstekjum.

Sjávarútvegurinn á fjölþætt samstarf við stjórnvöld um leiðir til að ná grænum skrefum í sjávarútvegi og til að draga úr kolefnisspori íslensks sjávarútvegs. SFS vinna m.a. að loftslagsvegvísun atvinnulífsins fyrir hönd sjávarútvegs og fiskeldis.

Sjálfseignarstofnunin Ábyrgar fiskveiðar annast rekstur vörumerkja um ábyrgar fiskveiðar, gerð og viðhald samninga um vottun ábyrgra fiskveiða, miðlun upplýsinga um fiskveiðar Íslendinga með sérstaka áherslu á kaupendur og neytendur íslenskra sjávarafurða og önnur skyld verkefni. Markmið félagsins er að stuðla að og viðhalda ábyrgum fiskveiðum til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir. Stofnendur félagsins eru SFS og Landssamband smábátæigenda og sitja fulltrúar þeirra jafnframt í stjórn.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og víðar hefur á undanförunum árum verið aukin áhersla á verndarsvæði í hafi (e. Marine Protected Areas, MPA). SFS hafa bent á að töluleg markmið um verndarsvæði er að finna í samningi um líffræðilega fjölbreytni (e. Convention on Biological Diversity, CBD). Þar er hins vegar ekki talið nauðsynlegt að loka svæðum fyrir allri nýtingu heldur getur þar verið annars konar stjórnun (OECM: Other effective area-based conservation measures). Það er því mikilvægt að hafa í huga að ef stjórnvöld hafa í hyggju að loka svæðum á grundvelli samningsins um líffræðilega fjölbreytni þurfa slíkar lokanir ekki að vera algjörar, líkt og þær sem kynntar eru hér með tilliti til botnveiðarfæra.

Ætíð ber að tryggja það að stofnar séu nýttir með forsvaranlegum og sjálfbærum hætti. Brottkast er óheimilt og ýmsar leiðir eru útfærðar í lögum til að koma í veg fyrir það. Samtökin telja að sýna beri traust og efla fræðslu um afleiðingar brottkasts og annarra frávíka frá góðri umgengni. Efla beri metnað fyrirtækja og starfsmanna þeirra í þessum efnum. Hér hefur atvinnugreinin sem heild og samtök hennar mikilvægu hlutverki að gegna. SFS hafa tekið þetta hlutverk alvarlega, m.a. með stefnu um samfélagsábyrgð sem byggir á heimsmarkmiðum Sp. Þá hafa samtökin tekið þátt í átaki gegn brottkasti með öðrum félögum í sjávarútvegi. Loks hafa SFS ekki sett sig upp á móti notkun dróna eða tilraunum með eftirlitmyndavélar í þessu skyni.

Það er krafa samfélagsins að gagnsæi í sjávarútvegi verði aukið með birtingu á ófjárhagslegum upplýsingum. Með samfélagsstefnu vonast sjávarútvegsfyrirtæki til þess að koma megi til móts við þessa eðlilegu kröfu. Það er von SFS að fleiri fyrirtæki, helst öll, innan vébanda samtakanna muni á endanum skrifa undir skuldbindingu um að birta ófjárhagslegar upplýsingar. Með stefnunni skuldbinda fyrirtækin sig m.a. til að birta árlega ófjárhagslegar upplýsingar um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti, þar sem stuðst er við alþjóðlega viðurkennd viðmið. Fjöldi fyrirtækja hefur nú þegar birt samfélagsskýrslu.

Hlýnun jarðar vegna losunar gróðurhúsalofttegunda (GHL) veldur hlýnun sjávar. Sjórinn dregur einnig í sig stóran hluta af koldíoxíði sem losnar og leiðir það til súrnunar sjávar. Staða loftslagsmála er því ógn við sjávarútveg á norðurslóðum og um heim allan. Tækni til orkuskipta í fiskiskipum er þó ekki tilbúin, en nýsköpun og fjárfestingar eru forsenda árangurs. Hins vegar er kolefnisspor sjávarútvegs vegna fiskveiða lítið í samanburði við aðra framleiðslu á próteini.

SFS leggja mikla áherslu á öryggi starfsmanna aðildarfyrirtækja, heilbrigði og vinnuvernd. Samtökin hafa að leiðarljósi að fækka slysum og óhöppum í atvinnugreininni. Innan SFS starfar öryggisráð þar sem öryggisstjórar og fulltrúar aðildarfyrirtækja sitja, auk fulltrúa SFS. Ráðið fundar reglulega um öryggismál. Til að stuðla að bættu öryggi starfsfólks í sjávarútvegi og styðja aðildarfyrirtæki í þeirri viðleitni var ráðist í gerð öryggishandbókar. Í henni er lögð áhersla á öryggi, heilbrigði og vinnuvernd fyrir starfsfólk í fiskvinnslu.

Íslenskur sjávarútvegur byggir á tveimur auðlindum, fiskinum í sjónum og mannaúðnum sem í greininni starfar. Það er því mikilvægt að innan greinarinnar starfi menntað og hæft fólk á ýmsum sviðum og stigum, bæði á sjó og í landi. Stefna samtakanna er að laða að besta fólkið til starfa í greininni, tryggja gæði menntunar, ýta undir nýsköpun, bæta námsframboð og auka möguleika á endurmenntun.

3.5.11 Samtök iðnaðarins (SI)

Samtök iðnaðarins hafa undanfarin ár beitt sér af auknum þunga á málefnasviði orku og umhverfis, með áherslu á að bæta starfsskilyrði fyrirtækja og efla samtal atvinnulífs og stjórnvalda til að ná sameiginlega markmiðum í umhverfis- og loftslagsmálum. Framtíðarsýn samtakanna er skýr í þessum málum og felst í því að Ísland sé og verði áfram fyrirmynd annarra þjóða í umhverfis- og orkumálum sem mun skapa íslenskum iðnaði samkeppnisforskot. Sú sýn er einnig í samræmi við áherslur aðildarfyrirtækja að SI verði leiðandi afl á þessu sviði og í opinberri umræðu.

Árið 2022 var helgað grænni iðnbyltingu þar sem áhersla var lögð á umhverfis- og loftslagsmál. Í samræmi við nýja stefnu samtakanna verður lögð áhersla á græna iðnbyltingu á næstu árum.

Fram undan eru verkefni sem kalla á að starfsumhverfi fyrirtækja verði bætt á þessu sviði þannig að markmiðum stjórnvalda um kolefnishlutlaust og jarðefnaeldsneytislaut Ísland verði náð fyrir árið 2040.

Helstu verkefni sem samtökin hafa staðið að og verið í samstarfi með og styðja stefnu samtakanna eru:

- SI stóðu, ásamt öðrum atvinnugreinasamtökum, að útgáfu loftslagsvegvisis atvinnulífsins sem gefinn var út í júní 2021 og verður niðurstaða kynnt síðar á þessu ári. Á vettvangi SI er áhersla lögð á starfsemi álvera og kísilvera ásamt mannvirkjageira.
- Vegvisirinn Byggjum grænni framtíð var gefinn út árið 2022. Hátt í 200 einstaklingar innan allrar virðisæðju mannvirkjageirans komu að vinnunni og voru niðurstöður hennar birtar í vegvisinum. Á grundvelli þeirrar vinnu voru sett markmið og aðgerðir til ársins 2030 um samdrátt, eða alls 74 aðgerðir. Þegar er komin í gang vinna við næsta áfanga sem felur í sér endurskoðun og eftirfylgni með aðgerðum.
- SI eru meðal bakhjarla Grænvangs sem er samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda og tók til starfa 2019. Á árinu var undirritað samkomulag um starfsemi og fjármögnun Grænvangs til ársins 2026. Framkvæmdastjóri SI er formaður Grænvangs.
- SI, Landsvirkjun, Samorka og EFLA stóðu að upplýsingavef um orkuskipti, þ.e. www.orkuskipti.is, sem var opnaður í október 2022 með aðgengilegum upplýsingum fyrir almenning um orkunotkun Íslands, orkuskipti og efnahagslegan ávinning af orkuskiptunum sem fram undan eru.

3.5.12 Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ)

Leiðin til sjálfbærni er eitt þriggja meginviðfangsefna SVÞ um þessar mundir. Aðildarfyrirtæki SVÞ kalla eftir auknum upplýsingum á sviði sjálfbærnimála og munu samtökin beita sér fyrir því að þeirri þörf verði fullnægt. Þjónustufyrirtæki innan SVÞ hafa í ríkum mæli áttað sig á mikilvægi sjálfbærnimála og hefur ráðgjafarstarfsemi á því sviði vaxið umtalsvert að undanförunu. Allar líkur virðast því á að bæði eftirspurn eftir þekkingu og framboð fræðslu séu raunverulega til staðar.

Stjórnendur fyrirtækja sjá nú að sjálfbærniáherslur geta ekki aðeins aukið tekjur heldur einnig dregið úr rekstrarkostnaði. Að mati SVÞ hefur í því ljósi t.d. orðið jákvæð þróun í viðhorfum og aðgerðum sem snúa að matarsóun. Ríkrar tilhneigingar hefur þannig gætt innan smásöluverslana í að tryggja að matvöru sé ekki hent heldur rati á borð neytenda. Hafa stórar dagvöruverslanir þannig komið upp því fyrirkomulagi að smásöluverð lækkar eftir því sem nær dregur lokum líftíma vörunnar. Þá hefur aukin áhersla á birgðastýringu og þróun í átt til rafrænna innkaupa jafnframt stuðlað að bættum innkaupum og minni sóun.

Innleiðing hringrásarhagkerfisins stendur yfir og fara fyrirtæki á sviði verslunar og þjónustu ekki varhluta af því. Verulegar breytingar hafa verið gerðar á fyrirkomulagi Úrvinnslusjóðs en innflytjendur og framleiðendur fjármagna starfsemi hans. Um síðustu áramót jókst fjárhagslegt umfang sjóðsins verulega samfara aukinni þátttöku greiðenda úrvinnslugjalds sem m.a. mun standa undir sérstakri söfnun heimilisúrgangs. Innlendir framleiðendur hafa jafnframt leitað leiða til að draga úr umfangi vöruumbúða þótt alltaf megi gera betur. Þar sem Ísland er mikið innflutningsríki erum við þó að miklu leyti háð erlendri þróun. Í ljósi smæðar landsins reynist oft erfiðleikum bundið að hafa áhrif á vöruframleiðslu og hönnun vara og umbúða.

Nokkur hluti losunar á Íslandi á rót sína að rekja til kælikerfa í verslunum. Hár skattur er lagður á innflutning F-gasa sem nýtt hafa verið á slík kerfi og hefur innflutningur þeirra dregist verulega saman. Fjárhagslegir hvatar styðja þannig við aðrar lausnir við endurnýjun eldri kerfa.

Stafvæðing og menntun starfsfólks eru hinir tveir áherslupættir fyrirtækja á sviði verslunar og þjónustu. Samhliða stafvæðingu eykst þörf fyrir starfsfólk með tækni- og hugbúnaðarþekkingu en á sama tíma má gera ráð fyrir að dragi úr þörf fyrir annað starfsfólk. Fyrirtæki munu þurfa að keppa um hæft starfsfólk. Þótt gera megi ráð fyrir því til lengri tíma litið að hefðbundnum verslunar- og þjónustustörfum muni fækka munu á móti verða til önnur störf sem krefjast annarrar þekkingar.

Bílgreinin tekst nú á við áskoranir í tengslum við rafvæðingu bílaflota landsmanna. Á þeim vettvangi hafa menn staðið framarlega í að tileinka sér hugsunarhátt sjálfbærni.

3.5.13 Bændasamtök Íslands (BÍ)

Sjálfbær nýting lands og annarra auðlinda er lykilþáttur í umhverfisstefnu landbúnaðar. Í landnýtingarmálum eiga bændur að leiða umræðuna og stefna að því að öll landnýting til landbúnaðar sé sjálfbær til lengri tíma. Til þess að ná slíkum markmiðum getur þurft að ráðast í umfangsmikil landbótaverkefni á einhverjum svæðum og jafnvel friða önnur. Náttúruvernd og endurheimt landgæða á að vera sjálfsagður hluti landnýtingar. Miklir möguleikar geta falist í því að vernda eða friðlýsa ákveðin svæði og endurheimta vistkerfi. Þannig geta t.d. skógrækt og endurheimt votlendissvæða orðið aðdráttarafl í ferðaþjónustu, auk þess að leggja lóð á vogarskál loftslagsverndar.

Ótal dæmi er hægt að nefna þar sem bændur geta verið leiðandi í umhverfismálum. Lífrænan úrgang er hægt að nýta sem áburð, hliðarafurðir er hægt að nýta sem fôður og miklir möguleikar eru í vistvænni orkuframleiðslu á bændabýlum.

Með umhverfisstefnu sem sett hefur verið fram til ársins 2030 vilja BÍ skerpa á áherslum íslensks landbúnaðar í umhverfismálum og hvetja bændur og landbúnaðinn í heild til að huga að vistbætandi verkefnum. Umhverfisstefnan á að vera leiðarljós, hvatning og verkfæri til jákvæðrar ímyndarsköpunar og grunnur sem framtíðarsamstarf bænda og stjórnvalda í umhverfismálum byggir á.

3.5.14 Samtök fyrirtækja í landbúnaði (SAFL)

SAFL fagna mótun stefnu um sjálfbæra þróun og vilja koma eftirfarandi á framfæri:

- Mikilvægt er að líta til allra stöða sjálfbærni, þ.e. efnahagslegrar, félagslegrar og umhverfislegrar.
- Mikilvægt er að tryggja að grunnframleiðsla í landbúnaði búi við góð rekstrarskilyrði svo að framþróun og nýsköpun megi njóta sín og hægt verði að ráðast í fjárfestingar og verkefni með það að markmiði að auka verðmætasköpun með sjálfbærni og lágmarkskolefnislausun íslenskrar matvælaframleiðslu að leiðarljósi.
- Með því að auka hagræðingu í slátrun og vinnslu kjötafurða yrði framleiðsla arðbærari og starfsemin myndi færast nær efnahagslegri sjálfbærni. Þannig yrði bæði efnahagsleg og félagsleg sjálfbærni byggðarlag, þar sem kjötframleiðsla er stunduð, mun traustari en ella.

- Raforkukostnaður spilar mikilvægt hlutverk í uppbyggingu sjálfbærrar matvælaframleiðslu. Mikilvægt er að tryggja frekari jöfnun kostnaðar til að styðja við það markmið stjórnvalda að byggja upp græna matvælaframleiðslu um land allt.
- Þjóða þarf upp á skilvirkari lausnir á sviði úrgangsmála og efla þannig möguleika úrgangs til að fara inn í hringrásarhagkerfi.

3.6 Samtök launafólks

3.6.1 Sameiginlegur kafli ASÍ, BSRB, BHM og KÍ

Heildarsamtök launafólks á Íslandi (ASÍ, BSRB, BHM og KÍ) styðja markmið um sjálfbæra þróun og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda með réttlát umskipti að leiðarljósi. Þær umbætur sem eru nauðsynlegar til að uppfylla þessi markmið krefjast fordæmalausra kerfisbreytinga á sviði umhverfis- samfélags- og efnahagsmála. Uppbygging sjálfbærs samfélags krefst þess að réttlæti, jöfnuður og velferð séu í forgrunni og að tekist sé á við umhverfislegar, félagslegar og efnahagslegar áskoranir samtímis.

Réttlát umskipti. Til að yfirstandandi og yfirvofandi kerfisbreytingar verði til góðs og þjóni hagsmunum launafólks og almennings verða þær að grundvallast á hugmyndafræðinni um réttlát umskipti (e. just transition). Réttlát umskipti snúast um að tryggja réttindi og lífsviðurværi launafólks og almennings í gegnum þær breytingar sem óhjákvæmilega verða á samfélaginu með breyttum atvinnuháttum og tæknibreytingum sem ráðast þarf í til að vinna gegn áhrifum loftslagsbreytinga og skapa sjálfbært samfélag. Til að sátt náist um nauðsynlegar kerfisbreytingar þarf að tryggja að enginn verði skilinn eftir í umskiptaferlinu og að þeim tækifærum og byrðum sem felast í breytingunum verði dreift með réttlátum og sanngjörnum hætti. Lykilatriði er að nálgast breytingarnar með heildrænum hætti þar sem horft er til allra sviða samfélagsins við mótun og framkvæmd aðgerða; meta þarf á öllum stigum félagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif. Í hnotskurn má segja að réttlát umskipti gangi út á að tryggja jafnan ávinning lykilkáttanna í sjálfbærri þróun, þess efnahagslega, samfélagslega og umhverfislega. Þannig verður best dregið úr neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga á almenning og launafólk.

Til að dýpkunar má skipta réttlátum umskiptum niður í fjórar víddir:

- **Málsmeðferðarréttlæti** (e. procedural justice): Samráð sé haft við þá aðila og hópa sem verða fyrir áhrifum af breytingunum. Felst í að tryggja lýðræðislega aðkomu að stefnumótun í loftslagsmálum og samráð við almenning um loftslagsaðgerðir.
- **Dreifingarréttlæti** (e. distributive justice): Að efnahagslegum kostnaði og ávinningi af áhrifum loftslagsbreytinga og aðgerðum til að stemma stigu við þeim sé skipt á réttlátan hátt.
- **Viðurkenningarréttlæti** (e. recognition justice): Felst í að viðurkenna núverandi efnahagslegt, menningarlegt og félagslegt óréttlæti og ójöfnuð sem felst í misskiptingu gæða og áhrifa í samfélaginu.
- **Endurreisnarréttlæti** (e. restorative justice): Felur í sér að bæta úr því tjóni sem fyrri og núverandi ójöfnuður hefur leitt af sér og að komið sé í veg fyrir frekara tjón fyrir framtíðarkynslóðir.

Aðgerðir tengdar loftslagsbreytingum og breytingar á samfélagi sem er ætlað að stuðla að sjálfbærni hafa mismunandi áhrif á ólíka hópa og stefnumótun og framkvæmd þeirra verður að miða að því að leiðrétta núverandi efnahagslegan og félagslegan ójöfnuð og óréttlæti.

Ójöfnuður og umhverfismál. Birtingarmyndir ójöfnuðar og óréttlætis í samhengi við umhverfis- og loftslagsmál eru margvíslegar. Ljóst er að þeir efnameiri í heiminum eru ábyrgir fyrir margfalt meiri mengun en þeir efnaminni en ríkasta 1% jarðarbúa er ábyrgt fyrir tvöfalt meiri losun gróðurhúsalofttegunda en fátækustu 50% jarðarbúa. Loftslagsbreytingar munu einnig koma til með að bitna verst á fátækari ríkjum heimsins þrátt fyrir að auðugri ríki heims beri mesta ábyrgð á vandanum. Sambærilegar tölur um kolefnisspor frá mismunandi tekjuhópum er ekki að finna fyrir Ísland en rannsóknir sýna þó að kolefnisfótspor þeirra efnameiri er almennt mun hærra en kolefnisspor tekjulægri hópa sem má m.a. rekja til tíðari flugferða, meiri neyslu, fjölda bíla og stærðar húsnæðis. Ef horft er til uppsprettna gróðurhúsalofttegunda frá íslensku hagkerfi (AEA bókhald) stafar 90% losunar gróðurhúsalofttegunda árið 2020 frá atvinnulífi en 10% frá íslenskum heimilum. Þrátt fyrir að atvinnulífið beri ábyrgð á stærstum hluta útlosunar gróðurhúsalofttegunda hér á landi greiddu íslensk heimili 59% allra umhverfisskatta árið 2020 en atvinnulífið, fyrirtæki og þjónusta 38%. Margar af þeim loftslagsaðgerðum sem stjórnvöld hafa sett í framkvæmd fela í sér íþyngjandi álögur sem koma verst niður á tekjulægri heimilum á meðan fyrirtæki og efnameiri hópar njóta hvata í formi styrkja og ívilnana. Tryggja þarf að aðgerðir sem ráðist er í til að stemma stigu við loftslagsvandanum taki mið af því hvar ábyrgðin á vandanum liggur.

Félagslegar áherslur. Þær aðgerðir sem liggur fyrir að ráðast þurfi í til að stemma stigu við loftslagsbreytingum og stuðla að sjálfbærara samfélagi munu hafa ýmis hliðaráhrif í för með sér sem geta verið bæði jákvæð og neikvæð og munu hafa ólík áhrif á mismunandi samfélagshópa. Þættir eins og tekjur, félagsleg staða, menntun og búseta eru meðal þess sem þarf að horfa til í því samhengi. Við stefnumótun og val á aðgerðum þarf að horfa til þess hvernig kostnaði og ávinningi af breytingunum er skipt á milli mismunandi hópa, og horfa til þess hverjir bera ábyrgð á vandanum og hverjir eru best í stakk búnir til þess að takast á við vandann.

Aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og skapa sjálfbærara samfélag þurfa að vera með þeim hætti að þær ýti undir velferð og bæti lífskjör almennings í landinu. Til að svo megi verða er mikilvægt að nýta öll tæki heilbrigðs vinnumarkaðar, þ.m.t. kjarasamninga, sem byggja á réttlæti og jöfnuði um leið og þeir taka mið af markmiðum hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Tryggja þarf að við mótun loftslagsstefnu sé ávallt hugað að sköpun starfa, réttindum launafólks, félagsvernd og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Þá verður að tryggja aðgang að nauðsynlegri menntun, starfsþjálfun og símenntun til að undirbúa launafólk fyrir breytingar á vinnumarkaði og tengja atvinnu- og endurmenntun við stefnu í loftslagsmálum. Einnig þarf að tryggja að fjárfestingar og tekjutilfærslur t.d. í formi skatta og ívilnana taki mið af áhrifum á ólíka samfélagshópa og á velferð og lífskjör. Kerfisbreytingarnar munu koma til með að hafa mikil áhrif á launafólk og því þurfa stéttarfélög og heildarsamtök launafólks að vera virkir þátttakendur í undirbúningi, eftirliti og uppfærslu á áætlunum og opinberri stefnumótun í sjálfbærni-, orku- og loftslagsmálum. Í dag hafa fulltrúar launafólks takmarkaða aðkomu að stefnumótun í þessum málaflokkum og er nauðsynlegt að gera bragarbót þar á til að stuðla að því að umskiptin og yfirstandandi breytingar á íslensku samfélagi með sjálfbærni og kolefnishlutleysi að markmiði, verði réttlát og að samstaða náist um nauðsynlegar kerfisbreytingar.

Grænir kjarasamningar. Kjarasamningar eru grundvöllur samskipta á vinnumarkaði, þeir styðjast við flókið lagaumhverfi og litríka stofnanaflóru. Þeir gefa fyrirmæli um réttindi og skyldur aðila, á báða bóga, auk þess sem þeir kveða á um kaup og kjör ólíkra hópa launafólks á sundurleitum

jafnt sem samræmdum vinnumarkaði. Kjarasamningar ganga út á sameiginlega hagsmuni og fela í sér lýðræðislega nálgun tveggja eða fleiri jafn réttihárra aðila. Það liggur því nokkuð beint við, þegar innleiddar eru grundvallandi breytingar á umgengni okkar við lífríki, loftslag og náttúru, að horfa til kjarasamninga sem eins þeirra tækja og tóla sem hægt væri að beita til að ná árangri í þessum brýnu hagsmunamálum alls mannkyns. Það er einmitt það sem heildarsamtök launafólks hafa verið að skoða sín á milli upp á síðkastið. Kjarasamningar fela í sér tækifæri til að ná fram breytingum sem fela í sér aukin réttindi og bætt lífskjör og stuðla á sama tíma að aukinni sjálfbærni og samdrætti í útlosun gróðurhúsalofttegunda. Slíkar breytingar geta m.a. falist í styttingu vinnuviku, auknum möguleikum á fjarvinnu, samgöngustyrkjum, og sveigjanlegri mætingu vegna ferða til og frá vinnu.

Alþjóðlegt samstarf. Þrenn heildarsamtök launafólks, ASÍ, BSRB og BHM, hafa þegar lagt nokkuð af mörkum hvað þetta varðar með því að vinna skýrsluna Réttlát umskipti – leiðin að kolefnislausu samfélagi, sem út kom í mars 2021. Skýrslan var unnin í nánu í samstarfi við heildarsamtök launafólks á Norðurlöndunum og Þýskalandi og er hún gagnlegt framlag til þeirrar stefnumótunar sem nú er unnið að. Þá hafa samtökin haldið áfram samstarfi við systursamtök sín á Norðurlöndunum um þessi markmið, með áherslu á réttlát græn umskipti. Meðal þess sem rætt hefur verið á þeim vettvangi er þróun grænna kjarasamninga, sem lýst er hér að framan og gætu orðið afgerandi þáttur á vegferðinni til kolefnishlutleysis.

3.6.2 ASÍ

Loftslagsbreytingar af mannavöldum eru ein stærsta áskorun samtímans og sú sem hefur neytt okkur til að horfast í augu við að áfram verði ekki haldið án samfélagslegra umbóta með sjálfbærni að markmiði. Atvinnulíf og vinnumarkaður standa frammi fyrir umfangsmiklum kerfisbreytingum sem eru nauðsynlegar til að ná fram markmiðum um samdrátt í útlosun gróðurhúsalofttegunda og sjálfbærni. Ljóst er að aukin áhersla á sjálfbærni og loftslags- og tækni-breytingar mun koma til með að hafa áhrif á atvinnuvegi, vinnumarkað og samsetningu starfa á vinnumarkaði. Þessar umbreytingar fela þó einnig í sér tækifæri til að endurhugsa og endurskilgreina samfélagsgerðina og ná fram umbótum sem geta haft í för með sér þjóðhagslegan ávinning. Slík tækifæri verða þó ekki nýtt nema með skýrri stefnumótun og hnitmiðuðum aðgerðum hins opinbera í samstarfi við verkalýðshreyfinguna. Hvort yfirstandandi kerfisbreytingar feli í sér umbætur fyrir umhverfi og samfélag veltur á því hvaða markmið verða höfð að leiðarljósi. Þau lönd sem bregðast hratt við verða í betri stöðu til að nýta breytingar til bættra lífskjara almennings og samkeppnishæfni.

Umhverfismál vega sífellt þyngra í starfi Alþýðusambands Íslands enda er náttúra og umhverfi ein af öðrum velferðar. Ísland er ríkt af náttúruauðlindum og sjálfbær nýting og verndun þeirra er hornsteinn öflug og fjölbreytt atvinnulífs. Sjálfbærni verður þó aldrei náð nema jafnvægi sé á milli þeirra þriggja meginstoða sem sjálfbær þróun felur í sér; náttúru, samfélags og efnahags. Lengi vel var aðaláherslan á efnahag á meðan umhverfi og samfélag sátu eftir. Okkur er nú loks orðið ljóst að núverandi samfélagsgerð veldur skaða á náttúru og vistkerfum sem eru undirstöður alls lífs og að aðgerða er þörf ef ekki á að fara illa. Áherslur stjórnvalda um allan heim bera þess greinilega merki sem endurspeglast m.a. í breyttri markmiðasetningu, stefnumótun og skuldbindingum til að draga úr útlosun gróðurhúsalofttegunda. Það er því loks orðið viðurkennt að umhverfismál og sjálfbærni séu grundvallarforsendur hagsældar og velferðar.

Árangurinn hefur þó látið á sér standa. Stjórnvöld hér á landi og um allan heim þurfa að gera mun meira ef settum markmiðum um samdrátt í útlosun gróðurhúsalofttegunda, kolefnishlutleysi, og sjálfbærni eiga að nást. Þá hefur ekki verið hugað nægilega vel að þeirri grunnstoð sjálfberrar þróunar sem snýr að félagslegum áherslum. Nauðsynlegt er að takast samtímis á við félagslegar, efnahagslegar og umhverfislegar áskoranir og er sjálfbær samfélagsuppbygging í anda réttláttra umskipta því lykillinn að sjálfbærri þróun.

Það er því mikilvægt að;

- Réttlát umskipti verði leiðarljós í allri stefnumótun og ákvarðanatöku í yfirstandandi samfélagsbreytingum.
- Verkalýðshreyfingin komi að ákvarðanatöku og stefnumótun sem varðar aðgerðir tengdar loftslags- og tæknibreytingum og að launafólk og almenningur sé hafður með í ráðum.
- Þjóðhagslegar greiningar á áhrifum loftslags- og tæknibreytinga á mismunandi hópa samfélagsins, svæði og atvinnugreinar liggi til grundvallar opinberri stefnumótun.
- Ráðist verði í gerð atvinnu- og fjárfestingarstefnu um uppbyggingu atvinnulífs og sköpun fjölbreyttra, góðra, grænna starfa sem standa undir góðum lífskjörum.
- Að greining fari fram á áhrifum stefnumótunar og aðgerða á ólík svæði, atvinnugreinar, störf og hópa þannig að hægt sé að bregðast við fyrirséðum breytingum með aðgerðum í vinnumarkaðs-, atvinnu-, mennta- og velferðarmálum.
- Ný tækni og breytingar á atvinnuháttum verði á forsendum launafólks og tækifæri sem í þeim felast verði nýtt til að bæta lífskjör, stytta vinnutíma og samræma betur atvinnuþátttöku og einkalíf.
- Fjárfesting í grunnþjónustu verði stórefld og innviðir samfélagsþjónustu, samgangna, fjarskipta og raforku verði í fremstu röð um allt land. Innviðaupbygging styðji við græna atvinnusköpun, velferð og lífsgæði.
- Orkuskiptum og uppbyggingu almenningssamgangna og innviða fyrir virka ferðamáta verði hraðað. Almenningsamgöngur verði bættar til muna þannig að þær verði raunhæfur og hagkvæmur valkostur fyrir almenning.
- Framboð sí- og endurmenntunar verði aukið með þarfir einstaklinga og framtíðar vinnumarkaðar í huga og það styðji við þróun vinnumarkaðar í átt að sjálfbærara hagkerfi.
- Heimildir til nýtingar á auðlindum í eigu þjóðarinnar séu veittar á grundvelli stefnu um nýtingu og verndun náttúruauðlinda, gegn gjaldi og að því tilskyldu að nýtingarrétturinn sé tímabundinn eða að honum megi breyta.
- Við útgáfu nýtingarleyfa á auðlindum sem eru í eigu þjóðarinnar sé horft til þess að auðlindagjöld taki mið af þeirri rentu sem til verður við nýtingu auðlinda. Tryggt sé að eðlilegt gjald sé greitt fyrir nýtingu auðlinda, hvort sem er í fiskveiðum, fiskeldi eða orkunýtingu.
- Ströng skilyrði séu sett fyrir veitingu leyfa til auðlindanýtingar sem fela í sér að áætlanir um rannsóknir og nýtingu séu í samræmi við stefnu um nýtingu og vernd auðlinda, að þær uppfylli kröfur um umhverfismat og skipulag og gangi ekki gegn reglum um réttindi launafólks, laun og vinnuvernd.

3.6.3 BSRB

BSRB eru stærstu heildarsamtök stéttarféлага launafólks sem starfar hjá hinu opinbera. Bandalagið leggur áherslu á að bæta kjör launafólks, standa vörð um og efla réttindi þeirra, gott og öruggt starfsumhverfi, öfluga almannaðjónustu, fullnægjandi fjármögnun hins opinbera,

jafnrétti, jöfnuð, sí- og endurmenntun og réttlát umskipti. Þessar áherslur BSRB á almenna velsæld skapa nauðsynlegt mótvægi við áherslur atvinnulífsins sem horfa fyrst og fremst til þröngra hagsmuna með áherslu á arðsemi fyrirtækja fyrir eigendur þeirra. Starf BSRB og stefna eru því í anda sjálfbærrar þróunar.

Á undanförunum árum hafa megináherslur BSRB verið á eflingu almannaþjónustunnar, styttingu vinnuvikunnar, endurmat á virði kvennastarfa, jafnrétti, húsnæðisöryggi og réttlát umskipti. BSRB beitir sér fyrir þessum áherslum með þátttöku í ýmsum nefndum á vegum stjórnvalda, umsögnum um þingmál og í samtali við stjórnvöld.

Öflug almannaþjónusta myndar hina félagslegu innviði sem tryggja jafnræði og aðgengi að heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og menntun sem og opinberar fjárfestingar sem tryggja efnislega innviði eins og mannvirki, samgöngur, fjarskipti og aðra þá innviði sem nauðsynlegir eru hverju samfélagi. Þannig skilar almannaþjónustan og opinberar fjárfestingar samfélagslegum arði með því að mynda þann grunn sem nauðsynlegur er fyrir öflugt atvinnulíf og nýsköpun. Þess vegna er mikilvægt að skattkerfið sé þannig sniðið að það tryggi nægar tekjur til að standa undir mikilvægum verkefnum hins opinbera.

Launakjör og starfsumhverfi í almannaþjónustunni verða að vera þannig að þau laði að starfsfólk. Í dag er viðvarandi mannekla vandamál víða. Félagfólk í aðildarfélögum BSRB er faglegt og býr yfir mikilli þekkingu og reynslu af flóknum störfum almannaþjónustunnar. Atgervisflótti er því dýrkeyptur og ógnar öryggi og heilsu notendanna en einnig starfsfólksins. Mikill meirihluti starfsfólksins eru konur sem búa við starfsálag sem fer vaxandi. Auk þess dregur mannekla og fjárskortur úr þjónustunni. Þörfin fer þó vaxandi og lendir þá í auknum mæli á aðstandendum, oftast konum, með alvarlegum afleiðingum fyrir heilsu þeirra og fjárhaga.

BSRB hefur verið í fararbroddi við styttingu vinnuvikunnar sem er mikilvægur liður í því að búa til fjölskylduvænna samfélag sem grundvallast á samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Styttri vinnuvika leiðir til bættrar starfsánægju og aukinna afkasta, minni streitu bættrar heilsu og aukinnar vellíðanar. Hún stuðlar einnig að auknu jafnræði í ábyrgð á heimilis- og umönnunarstörfum, aukningu á starfshlutfalli kvenna og atvinnuþátttöku.

BSRB átti einnig frumkvæði að þeirri vinnu sem nú er að hefjast hjá stjórnvöldum við að leiðrétta skakkt virðismat á störfum kvenna. Konur búa enn við launamisrétti 60 árum eftir að launajafnrétti var leitt í lög en íslenskar og erlendar rannsóknir sýna að kynskiptur vinnumarkaður er ein helsta skýringin á kynbundnum launamun. BSRB tekur þátt í víðtæku starfi til að stuðla að jafnréttismálum. Megináhersla er á efnahagslegt sjálfstæði kvenna, aðgerðir til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi og áreiti á vinnustöðum, jafna skiptingu foreldra á fæðingarorlofi og leikskóla fyrir öll börn frá 12 mánaða aldri.

BSRB stofnaði ásamt ASÍ húsnæðisfélagið Bjarg. Það er öflugasta félagið í almenna íbúðakerfinu og hefur tryggt hundruðum fjölskyldna húsnæðisöryggi. Húsnæðisöryggi er mannréttindi en allt of mörg á íslenskum húsnæðismarkaði búa við íþyngjandi byrði húsnæðiskostnaðar og óöryggi í búsetu. BSRB beitir sér því af krafti í húsnæðismálum til að stuðla að aukinni velsæld tekjulægri heimila.

Fyrirsjáanlegum áhrifum loftslagsbreytinga má líkja við gríðarlegar hamfarir. BSRB hefur því, ásamt öðrum heildarsamtökum launafólks á Íslandi, lýst yfir stuðningi við markmið og aðgerðir

stjórnvalda í samdrætti á losun gróðurhúslofttegunda til að vinna gegn loftslagbreytingum. Aðgerðirnar verða þó að byggja á hugmyndafræðinni um réttlát umskipti. Í því felst m.a. að sköpuð verði græn og góð störf sem eru launuð með sanngjörnum hætti og tryggð vinnumarkaðstengd réttindi, að afkomaöryggi sé tryggt þegar breytingar verða á atvinnuháttum og að byrðum og mögulegum ávinningi af loftslagsaðgerðunum verði dreift með sanngjörnum hætti. Breytingar á vinnumarkaði vegna tæknibreytinga, loftslagsaðgerða, neysluháttanna og fjölgunar aldraðra krefjast líka markvissari stefnumótunar á sviði sí- og endurmenntunar. Heildarsamtök launafólks hafa því lagt áherslu á að aðilar vinnumarkaðarins myndi samstarfsvettvang um réttlát umskipti svo að réttindi, kjör og færni launafólks séu tryggð, ekki síður en hagur atvinnulífsins. Mikilvægt er að slíkur vettvangur verði skapaður sem fyrst enda nást markmið um sjálfbæra þróun og réttlát umskipti ekki nema með náinni samvinnu og sameiginlegum markmiðum um velsæld og jöfnuð.

3.6.4 BHM

Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar er leiðarstef í stefnu BHM og er hennar getið bæði með beinum og óbeinum hætti. Í inngangi segir að menntun og þekking séu ein helsta undirstaða hagsældar í nútímasamfélagi og að störf háskólamenntaðra grundvallist á fagmennsku, með áherslu á rannsóknir, nýsköpun, gagnreyndar aðferðir og viðurkennt verklag. Lögð er áhersla á mikilvægi vísinda og nýsköpunar sem hvetur okkur til að auka fjölbreytni atvinnulífs með áherslu á velsæld til framtíðar. Einnig er hvatt er til þess að mannauður og þekking verði virkjuð í þágu verðmætasköpunar, með bættum framleiðsluferlum og að dregið verði úr hvers konar sóun. Þá er í stefnunni sérstakur kafli um umhverfis- og loftslagsmál þar sem fjallað er um mikilvægi þess að við breytum neyslumynstri okkar og lífsháttum og eflum rannsóknir og þróun á sviði sjálfbærni. Áskorunum þeim sem vinnumarkaður og atvinnulíf standa nú frammi fyrir verður ekki mætt öðru vísi en með víðtæku samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, þar sem hið sameiginlega markmið hlýtur að byggjast á réttlátum umskiptum á vegferðinni til þekkingarsamfélags þar sem sjálfbærni er leiðarstefið.

Sameiginleg ábyrgð. Íslensk stjórnvöld gegna um þessar mundir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og í formennskuáætlun Íslands stendur eftirfarandi:

Á formennskuári Íslands verða [...] viðbrögð vinnumarkaðarins við loftslagsbreytingum og grænum umskiptum í brennidepli. Mikilvægt er að samtal yfirvalda og fulltrúa aðila vinnumarkaðarins leiði til sameiginlegra viðbragða til þess að umskiptin geti orðið réttlát og stuðli að auknum jöfnuði.

Þrenn heildarsamtök launafólks, ASÍ, BSRB og BHM, hafa þegar lagt nokkuð af mörkum hvað þetta varðar með því að vinna skýrsluna Réttlát umskipti – leiðin að kolefnislausu samfélagi, sem út kom í mars 2021. Skýrslan var unnin í nánun í samstarfi við heildarsamtök launafólks á Norðurlöndunum og Þýskalandi og er hún gagnlegt framlag til þeirrar stefnumótunar sem nú er unnið að. Þá hafa samtökin haldið áfram samstarfi við systursamtök sín á Norðurlöndunum um þessi markmið, með áherslu á réttlát græn umskipti, þar sem grænir kjarasamningar eru meðal áhersluatriða sem fært geta okkur nær markinu um kolefnishlutleysi.

Ábyrgð vinnumarkaðarins er fólgin í breyttu verklagi varðandi allt er lýtur að áhrifum atvinnustarfsemi á lífríki, loftslag og náttúru. Hana þarf að axla með ýmsum hætti, t.d. með stórauðinni skráningu tölulegra upplýsinga um þessi áhrif, með mótun stefnu um að draga úr óæskilegum áhrifum allrar atvinnustarfsemi með aðgerðaáætlunum, tölulegum og tímasettum

markmiðum og ekki síst með áætlun um stóraukna fræðslu og þjálfun allra sem koma að málum. Til að standa undir þessari ábyrgð þarf öflugt og vel skipulagt samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, sem fer m.a. fram við samningaborðið þegar samið er um kaup og kjör. Þar opnast kjörið tækifæri til að innleiða nýja hugmyndafræði á borð við grænar áherslur og einboðið að nýta það í tengslum við yfirstandandi vinnu að úrbótum í kjaramálum.

Sameiginlegt áttak. ILO – Alþjóðleg samtök/hreyfing launafólks, hefur gefið út fjölbreytt viðmið um réttlát umskipti þar sem tekið er tillit til eðlisólíkra starfa og mismunandi áhrifa atvinnustarfsemi á náttúru og samfélag. Meginstefið í þeim viðmiðum fjallar um tengsl náttúru og lífríkis við þau störf sem stunduð eru á vinnumarkaði um allan heim og hvernig öll atvinnustarfsemi er háð heilbrigði móður Jarðar. Með því að huga að heilbrigði vistkerfa við atvinnuuppbyggingu eru líkur á að þau nýju störf sem verða til uppfylli einnig kröfur um heilsusamlega vinnustaði. Þau störf sem sköpuð eru undir slíkum formerkjum myndu teljast uppfylla skilyrði sanngjarnra og réttláttra umskipta. ILO leggur mikla áherslu á að til að efla atvinnulífið og bæta gæði þess beri að horfa til Parísarsamkomulagsins um loftslagsbreytingar í allri lagasetningu aðildarríkjanna.

Margt hefur breyst til batnaðar á síðustu árum hvað varðar löggjöf hér á landi, þar sem mið hefur verið tekið af meginreglum umhverfisréttar og þeim alþjóðlegu samningum sem við höfum skuldbundið okkur til að fylgja. Þó er talsvert verk óunnið í þeim efnum sem kallar á sameiginlegt áttak í stjórnkerfinu, á vinnumarkaði og raunar um allt samfélagið. En þó nauðsynlegt sé og áriðandi að færa löggjöf okkar nær meginreglum Parísarsamningsins og markmiðum ILO um mannsæmandi störf er jafnvel enn brýnna að grípa til allra þeirra aðgerða sem núgildandi löggjöf mælir fyrir um og er til þess fallin að færa okkur nær markinu um sanngjörn og réttlát umskipti. Við látum stundum glepjust af áformum um nýtt og betra lagaumhverfi, nýja stefnu eða nýja aðgerðaáætlun, en horfum framhjá því að neikvæð umhverfisáhrif taka sér ekki hvíld meðan við sitjum fundi í fjölbreyttum starfshópum og ræðum málin. Mikilvægt er að finna leiðir til að brúa bilið milli ólíkra sjónarmiða í samfélaginu, beina sjónum að sameiginlegum markmiðum og draga úr skautun umræðunnar. Snjöll og skapandi leiðsögn hjálpar til við að greina hina sameiginlegu hagsmuni, greina kjarnann frá hisminu og koma auga á þau gildi sem í raun og sann færa okkur nær því marki sem við höfum komið okkur saman um með samstarfi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, á vettvangi Evrópuríkja og ekki síst með samstarfi Norðurlandanna um öflugt velferðar- og vinnumarkaðslíkan.

Sameiginleg framtíð okkar. Í Brundtland-skýrslunni „Sameiginleg framtíð okkar“ frá 1987 er fjallað um hvernig við þurfum að skapa og venja okkur við ný hugtök sem taka þurfa mið af breyttum skilyrðum fyrir lífi mannkyns í dag og til framtíðar. Í þeim skilningi er viðfangsefnið að ákveðnu marki menningarlegs eðlis. Í fyrsta kafla skýrslunnar er að finna fjölda tilvitnana í orð vísinda- og fræðimanna um viðfangsefnið sem blasti við á þeim tíma og blasir við okkur enn í dag. Þar er m.a. að finna tilvitnun í rússneska heimspekinginn og fræðimanninn Ivan T. Frolov (1929-1999) sem lýsir þessu nokkuð vel:

„Ef okkur á að lánast að finna lausnir hinna hnattrænu vandamála þurfum við að þróa nýjar aðferðir til að hugleiða vandann, útfæra nýtt gildismat, bæði siðferðilegt og veraldlegt, auk þess sem við þurfum að temja okkur nýtt hegðunarmynstur.“

Mannkynið stendur á þröskuldi nýs áfanga í eigin þróun. Við ættum ekki að láta okkur nægja að vika út hinn efnislega, vísindalega eða tæknilega grundvöll þekkingar okkar, heldur þurfum við að sinna því sem er allra mikilvægast, nefnilega myndun nýrra gilda og mannúðlegra væntinga sem búa í mannsálinni, í ljósi þess að víska og mannkærleikur eru „eilíf sannindi“ sem framtíð mannkyns byggir á. Til þess að slík breyting geti orðið að veruleika þurfum við ný félagsleg, siðferðileg, vísindaleg og vistfræðileg hugtök, sem taka þurfa mið af hinum nýju skilyrðum fyrir lífi mannkyns í dag og í framtíðinni.“

3.7 Lífeyrissjóðir, félagasamtök og samstarfsvettvangar

3.7.1 Íslenskir lífeyrissjóðir og grænar fjárfestingar

Íslensku lífeyrissjóðirnir hafa staðfest vilja sinn til að vera virkir þátttakendur í að auka hlut grænna fjárfestinga og að vinna að því markmiði að minnka losun gróðurhúsalofttegunda til samræmis við ákvæði Parísarsáttmálans. Við lok árs 2022 endurnýjuðu 14 íslenskir lífeyrissjóðir markmið sitt um auknar grænar fjárfestingar. Sjóðirnir hafa sett sér markmið um að fjárfesta um 660 milljörðum króna í verkefnum sem tengjast hreinni orku og umhverfisvænum lausnum fram til ársins 2030. Sjóðirnir vinna að þessu markmiði í samstarfi við alþjóðlegu samtökin Climate Investment Coalition en auk íslensku sjóðanna hafa fjölmargir aðrir norrænir sjóðir gefið út svipaðar yfirlýsingar. [heimild: <https://www.lifeyrismal.is/is/frettir-og-greinar/ahersla-lifeyrissjoda-a-graenar-fjarfestingar>]

Grænar fjárfestingar sjóðanna geta t.d. verið með beinum hætti í hlutabréfum, grænum skuldabréfum eða grænvottuðum fasteignum, eða með óbeinum hætti í margs konar sjóðum.

3.7.2 Festa

Festa - miðstöð um sjálfbærni hefur það hlutverk að efla þekkingu á sjálfbærum rekstri meðal fyrirtækja, stofnana og hvers kyns skipulagsheilda. Með fjölbreyttri starfsemi stuðlar Festa að því að hraða þróun í átt að hringrásarhagkerfi og sjálfbæru atvinnulífinu og eykur vitund í samfélaginu. Festa er brúarsmiður og leiðarljós og sinnir því hlutverki með því að stuðla að breiðu samtali og samstarfi þvert á geira og miðla því áfram sem leiðir þróunina alþjóðlega og héraendis. Með sjálfbærni í rekstri er átt við að fyrirtæki, stofnanir og hvers kyns skipulagsheildir axli ábyrgð og hafi uppbyggileg áhrif á umhverfið, stjórnarhætti og samfélagið og að sjálfbærni sé innleidd í kjarnastarfsemi rekstrareininga. Sjálfbærni sé þannig einnig aflgjafi og uppspretta nýrra viðskiptatækifæra sem veita fyrirtækjum og stofnunum innblástur og kraft til að bæta seiglu sína og áhættustjórnun og vera samkeppnishæfari á innlendum og erlendum mörkuðum.

Festa var stofnuð árið 2011 af sex fyrirtækjum, opnað var fyrir félagsaðild fyrirtækja og stofnana árið 2013 og í dag eru aðildarfélög hátt í 200 talsins, tengiliðir við Festu eru um 250 talsins og starfsfólk aðildarféлага í kringum 51.000 manns. Meðal aðildarféлага eru stærstu og minnstu fyrirtækin á Íslandi úr öllum geirum, háskólar, sveitarfélög, Umhverfisstofnun og Seðlabanki Íslands. Festa er í dag einstakt hagaðilasamfélag í Evrópu með mjög breiða skírskotun. Festa hefur því bein áhrif á sjálfbærni mörg hundruð íslenskra fyrirtækja, einstaklinga og nema með störfum sínum og öflugri fræðslu á samfélagsmiðlum, leiðarvísi Festu á heimasíðu og fréttabréfi Festu.

3.7.3 Landvernd

Landvernd vill að stefnt sé að jafnvægi í hagkerfinu, þar sem aukin hringrás og nýtni dragi úr álagi á náttúru og umhverfi. Það nægi ekki að mæla verga þjóðhagsframleiðslu heldur þurfi að setja markmið um bætta mælingu á velsældarvísunum og eflingu hringrásarhagkerfisins. Til þess þarf að hafa skýra mælikvarða og skýra sýn á árangur. Landvernd leggur áherslu á að bæta almenningssamgöngur og virka ferðamáta, bæði fyrir umhverfi og heilsu. Þar sem loftslagsváin sé stærsta verkefni þessarar kynslóðar telur Landvernd liggja beint við að auka fjármagn til rannsókna á loftslagstengdum málefnum, bæði grunnrannsóknum sem hagnýtum rannsóknum og verkefnum. Þá þurfi að auka sérstaklega fjármagn í rannsóknir á líffræðilegri fjölbreytni á Íslandi og á hringrásarhagkerfinu. Mikilvægt sé að innleiða mengunarbótaregluna en jafnframt þurfi að aðstoða fyrirtæki til þess að breyta hönnun og framleiðslu á vörum og þjónustu með tilliti til hringrásar og nýtni, sem skili sér með sjálfbærari velsæld. Lykilatriði í því sé að leggja fram markmið og aðgerðaáætlun um minnkandi losun gróðurhúsalofttegunda fyrir sérhverja atvinnugrein fyrir sig.

Landvernd telur mikilvægt að auka grænmetisframleiðslu á Íslandi þar sem grænmeti sé fæða sem hafi minna sótspor en til að mynda fiskur og kjöt. Bæta þurfi hreinsun á fráveitu og auka hlutfall verndarsvæða í hafi og við strendur. Landvernd styður stofnun miðhálandisþjóðgarðs og vill auka orkusparnað og nýtni til að draga úr þörf fyrir frekari orkuöflun. Orkuöryggi fyrir almannaþjónustu og orkuskipti verði sett í algjöran forgang en orkufrek verkefni mæti afgangi. Landvernd telur að vindorkuver eigi heima í rammaáætlun en jafnframt þurfi að bæta lög og reglur um vindorku til að tryggja að ef nauðsynlegt reynist að afla raforku með vindorkuverum verði vel að því staðið. Brýnt sé að klára orkuskipti í samgöngum á landi, m.a. með því að skylda bílaleigur til að kaupa einungis rafbíla og bæta hleðsluinnviði um allt land.

3.7.4 Ungir umhverfissinnar (UU)

Ungir umhverfissinnar eru samtök fólks á aldrinum 15-30 ára sem vill láta gott af sér leiða í umhverfismálum. Markmið UU er að hvetja til upplýstrar umræðu um umhverfismál og berjast fyrir sjálfbærri þróun, náttúruvernd og grænu hagkerfi. Félagið er óháð öllum stjórn málaöflum en beitir stjórnvöld þrýstingi. Jafningjafræðsla og aukinn áhugi ungs fólks á umhverfismálum eru leiðarljós ungra umhverfissinna.

3.7.5 Félag Sameinuðu þjóðanna

Hlutverk Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi er að fjalla um starfsemi SP með samstarfi og samvinnu og vera leiðbeinandi afl í þjóðfélaginu með áherslu á heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun. Þannig styður félagið við þekkingu og hvatningu á alþjóðastarfi SP, og stuðlar að samstarfi og tengslamyndun innan samtakanna. Meðal verkefna þess er að auka þekkingu, áhuga og eiga umræður um SP og stofnanir, fjalla um alþjóðlega þróunarsamvinnu og að auka vitund um mannréttindi, frið og heimsmarkmið SP, á öllum skólastigum t.d. í gegnum UNESCO-skólaverkefnið. Með hliðsjón af sýn SP sem öflugt afl til að takast á við sameiginlegar alþjóðlegar áskoranir og tækifæri, vinnur Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi að því að styrkja SP með því að virkja hnattrænt borgarasamfélag.

Samtökin eru sjálfstæð, óhagnaðardrífín og óháð félagasamtök sem eru hluti af heimssamtökunum World Federation of United Nations Associations sem stofnuð voru árið 1946.

Íslenska félagið er eitt það elsta í heiminum en það var stofnað árið 1948 og var fyrsti forseti þess Ásgeir Ásgeirsson, annar forseti Lýðveldisins.

3.8 Háskólasamfélagið

Til stendur að stofna ráðgjafarhóp Sjálfbærs Íslands með fulltrúum úr háskólasamfélaginu í samvinnu við Vísinda- og nýsköpunarráð.

Stofnun Sæmundar fróða við Háskóla Íslands er rannsókn- og kennslustofnun á sviði sjálfbærrar þróunar og þverfræðilegra viðfangsefna. Umhverfi, samfélag og efnahagur eru þrjár meginstoðir sjálfbærrar þróunar og rannsóknir á þessu sviði ná því til margra fræðigreina. Stofnuninni er ætlað að efla þverfræðilegar rannsóknir innan Háskóla Íslands og í samstarfi við aðra aðila innanlands og utan. Stofnunin stendur einnig fyrir málþingum og fyrirlestrum á sviði umhverfismála og starfsfólk hennar kemur að kennslu á ýmsum sviðum háskólans.

Rannsóknarmiðstöðin CLoCCS (Centre for Law on Climate Change and Sustainability) á vegum Háskólans í Reykjavík hefur það markmið að stuðla að þróun löggjafar og stefnu á sviði loftslagsbreytinga og sjálfbærni í því skyni að hraða loftslagsaðgerðum og auka skilning hagsmunaaðila á lagalegum áskorunum sem fylgja loftslagsbreytingum og sjálfbærni. Miðstöðin miðar að því að brúa bilið milli fræðimanna og áhrifamikilla hagsmunaaðila eins og fyrirtækja og stjórnvalda til að hjálpa til við að móta lagaumbætur.

Sameinuðu þjóðirnar hafa frá árinu 2007 staðið fyrir átaki í samstarfi við fjöldamargar menntastofnanir um að leggja áherslu á að mennta ábyrga leiðtoga með tilliti til samfélagsábyrgðar og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Háskólinn á Bifröst gekk árið 2011 inn í samstarfið „Principles for responsible management education – PRIME“ (Viðmið um ábyrga stjórnunarmenntun).

„GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu“ rekur Sjávarútvegsskólann, Jafnréttisskólann, Jarðhitaskólann og Landgræðsluskólann í samvinnu við UNESCO og sem þátt í þróunarsamstarfi Íslands.

4. Valkostir, framtíðarsýn og áherslur til umræðu

4.1 Valkostir – leiðir

Ljóst er að aðkoma opinberra aðila að verkefnum getur verið með ýmsu móti og mætti í því sambandi ræða um að helstu verkfærin sem við höfum við mótun og framkvæmd opinberrar stefnu séu:

- Upplýsingar, menntun og ráðgjöf, t.d. að koma á framfæri fræðslu til almennings, fyrirtækja og stjórnvalda um viðfangsefni sem eru til umfjöllunar, afla og miðla upplýsingum. Upplýsingar og fræðsla geta bætt grundvöll ákvarðana sem teknar eru af einstaklingum, fyrirtækjum og stjórnvöldum og því mjög mikilvæg í samhengi við mannréttindi.
- Bein íhlutun hins opinbera, t.d. að stofnanir vinni með beinum hætti að ákveðnum verkefnum.
- Hagrænar aðgerðir og hvatar. Stjórnvöld geta beitt hagrænum hvötum til að ná fram markmiðum stefnu. Dæmi um slíkt eru skattlagning eða fjárhagslegar ívilnanir.
- Lagasetning.
- Hnippingar eru aðgerð sem viðhalda frelsi til athafna en leiðbeina fólki í tilteknar áttir, t.d. með upplýsingum um hvernig einstaklingur eða fyrirtæki stendur sig í samanburði við aðra á tilteknu sviði. Með hnippingum getur því myndast hvati til æskilegrar hegðunar.

Við val á leiðum þarf að horfa til þeirrar vegferðar sem fram undan er, móta þarf framtíðarsýn og áherslur og meta hvaða leiðir eru fýsilegar til að ná að komast í æskilega stöðu. Á næstu síðum eru kynnt drög að framtíðarsýn og áherslum til frekari umræðu og útfærslu með almenningi og hagsmunaaðilum.

4.2 Drög að framtíðarsýn

Við mótun á framtíðarsýn fyrir sjálfbæra þróun á Íslandi er horft til 10 ára.

Ísland hefur metnað og möguleika til að vera í fararbroddi landa sem leggja áherslu á sjálfbæra þróun. Samstarf og samleið með Norðurlöndunum sýnir að mögulegt er að vera meðal efstu þjóða á alþjóðlegum mælikvörðum. Stjórnvöld hafa nú þegar sett metnaðarfull markmið í loftslagsmálum, sem eru ein stærsta áskorun nútímans, og það markmið verður að nást. Sams konar nálgun má beita á önnur viðfangsefni.

Framtíðarárangur okkar veltur á því að ná breiðri samvinnu og samhæfingu um lykilviðfangsefni á milli stjórnvalda og allra annarra þátttakenda í samfélaginu. Hornsteinar þeirrar samvinnu verða sjálfbær þróun, velsæld og réttlát umskipti.

Nánari skilgreining á framtíðarsýn verður unnin í vinnu við hvítbók og stefnu í framhaldi af þeirri grænbók, sem hér liggur fyrir.

4.3 Lykilviðfangsefni

Sjálfbærni tengist á margvíslegan hátt öllum viðfangsefnum stjórnvalda og annarra aðila þjóðfélagsins. Í stefnumótunarvinnunni getur því verið gagnlegt að flokka lykilviðfangsefni saman til að auka skýrleika og skilvirkni. Við gerð þessarar grænbókar hefur lykilviðfangsefnum verið skipt upp á eftirfarandi hátt:

4.3.1 Hringrás og efnahagur

Sjálfbærni er kjarnaviðfangsefni hagstjórnar. Markmið hins opinbera er að rekstur þess sé sjálfbær og að ekki séu lagðar ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir. Sjálfbær auðlindanýting og bætt framleiðni er forsenda sjálfbærrar efnahagsþróunar, sérstaklega á Íslandi. Lykillinn að sjálfbæru efnahagskerfi felst m.a. í því að koma í veg fyrir sóun og að auðlindir verði að úrgangi.

Hringrásarhugsun þarf að lita alla virðiskeðjuna frá hugmynd til hönnunar, framleiðslu, dreifingar, notkunar og lokaráðstöfunar, í stað förgunar.

Áherslur til umræðu:

- Efla hringrásarhagkerfi enn frekar og auka þar með líftíma auðlinda jarðar og koma í veg fyrir að efni og hlutir hverfi úr hagkerfinu sem úrgangur.
- Komið á virku hringrásarhagkerfi þar sem dregið verði verulega úr myndun úrgangs, endurvinnsla aukin og urðun hætt.
- Tryggja nýtingu á lífrænum úrgang sem hægt er að nýta sem áburð, hliðarafurðir er hægt að nýta sem fóður og nýta möguleika sem eru í vistvænni orkuframleiðslu á bændabýlum.
- Tryggja sjálfbærni í rekstri opinberra fjármála (ríkis og sveitarfélaga) til skemmri og lengri tíma, og að ekki séu lagðar ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir í því sambandi, t.d. með óhóflegri skuldsetningu.
- Tryggja sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda sem m.a. er forsenda sjálfbærrar efnahagsþróunar ekki síst fyrir land eins og Ísland.
- Takast á við samspil annars vegar aukinnar útgjaldaparfar vegna lýðfræðilegra umbreytinga, m.a. öldrunar þjóðar og aukins kostnaðar við heilbrigðisþjónustu, og hins vegar jafnvægis í opinberum rekstri.
- Þróa áfram skattalegar ívilnanir á sviði loftslagsmála, sjálfbæra fjármögnun og sjálfbær opinber innkaup og innleiðingu á sjálfbærnilöggjöf á sviði fjármálamarkaðar í gegnum EES-samninginn.
- Styðja þarf við umbreytingu atvinnulífsins í átt að grænni lausnum og minnkandi kolefnisspori, umhverfisstaðlar geta verið liður í því að tryggja ábyrga umgengni við umhverfið.
- Skoða hvernig bæta megi framleiðni, fjölbreytni og sjálfbærni íslensks iðnaðar á tímum örra samfélagsbreytinga.
- Tryggja sjálfbærni í ferðaþjónustan sem er arðsöm og samkeppnishæf í sátt við land og þjóð, fyrirmynd þegar kemur að sjálfbærri þróun.
- Styðja við og þróa rannsóknir og þekkingu á sviði grænna lausna í þágu atvinnulífs og tryggt að allar atvinnugreinar geti tekið þátt í nauðsynlegum loftslagsverkefnum.
- Að sjálfbær kvikmyndagerð styðji við orðspor og samkeppnishæfni, sem taki til umhverfisþróunar.

4.3.2 Jafnrétti, heilsa og velferð

Íslensk stjórnvöld hafa lagt mikla áherslu á jafnrétti og mannréttindi, jafnt í innlendri vinnu sem í alþjóðlegu samstarfi.

Meðal grunnstoða velsældar eru heilbrigði, lýðheilsa og forvarnir; félagslegir innviðir og húsnæðisöryggi; félagsleg vernd og afkomuöryggi; öryggi gegn ofbeldi og mismunun; og réttlátur vinnumarkaður.

Áherslur til umræðu:

- Koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.
- Koma á fót sjálfstæðri innlendri mannréttindastofnun sem uppfyllir Parísarviðmið SB og hefur víðtækt umboð til að vinna að eflingu og vernd mannréttinda.
- Tryggja öryggi borgaranna og réttarvernd, m.a. að sporna við ofbeldi í samfélaginu.
- Blása til sóknar á íslenskum vinnumarkaði með áherslu á réttlát umskipti, jöfn tækifæri til vinnu og velferð fólks á vinnumarkaði.
- Samþætta betur félags- og heilbrigðisþjónustu við eldra fólk þannig að það upplifi aukna möguleika til virkni í lífi og starf.
- Tryggja fötluðu fólki grundvallar mannréttindi á öllum sviðum sjálfstæðs og sjálfbærs lífs.
- Andleg líkamleg og félagsleg heilsa og líðan er afurð af samspili einstaklinga og þeirra nánasta umhverfis. Stefnumörkun og aðgerðir á sviði geðheilbrigðismála taki mið af því.
- Áhersla á barnvænt Íslandi, m.a. með því að framfylgja stefnumörkun um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og aðrar stefnur og aðgerðir er snúa að málefnum barna almennt.
- Huga þarf að tækifærum barna og réttindum þeirra sem og virkri þátttöku við ákvarðanatöku og útfærslu stefnu sem varða þau og framtíðina.
- Tryggja markvisst lýðheilsustarf, sem byggi á bestu þekkingu á hverjum tíma og hefur fjölþætt gildi fyrir ríki, sveitarfélög, einstaklinga og aðra hagsmunaaðila.

4.3.3 Menntun, menning og vísindi

Í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna er fjallað um menntun fyrir öll. Aðgengi að menningu og listum er einn grunnþáttur velsældar.

Fjórða iðnbyltingin, gervigreind og nýsköpun skapa nýjar lausnir á mörgum sviðum sjálfbærrar þróunar, en fela líka í sér áskoranir. Forsenda árangurs er öflugt og óháð rannsókn- og vísindastarf og miðlun þess efnis.

Áherslur til umræðu:

- Að menntastefna stuðli að jöfnum tækifærum fyrir alla, kennsla verði í fremstu röð, vellíðan í öndvegi og hugað verði að hæfni fyrir framtíðina.
- Verkefni líkt og *Skólar á grænni grein* verði eitt meginverkefna við innleiðingu menntunar til sjálfbærni í menntakerfinu öllu.
- Styðja betur við þá sem hafa litla menntun og eru í hættu á því að missa störf sín í ljósi tæknibreytinga og þróunar á vinnumarkaði.

- Viðhalda samkeppnishæfni háskólastigsins og auka gæði náms og rannsókna svo að háskólar hérlandis standi jafnfætis háskólum í samanburðarlöndum.
- Tryggja hæfni og færni menntaðs vinnuafls sem helst í hendur við síkvikan vinnumarkað.
- Koma í veg fyrir mönnunarvanda í mikilvægum greinum samfélagsins, t.d. í heilbrigðiskerfinu.
- Að nýta vel menntakerfið til að búa íslenskt samfélag betur undir hraðar tækniþróun og áskoranir á sviði sjálfbærrar þróunar.
- Að breytingar á vinnumarkaði vegna tækniþrótinga, loftslagsaðgerða, neysluháttá og fjölgunar aldraðra krefjast markvissari stefnumótunar á sviði sí- og endurmenntunar.
- Undirbúa stefnumótun um opin vísindi sem tryggir aðgengi sem flestra að þeim gögnum sem til verða fyrir opinbert fé og að niðurstöður rannsókna skili sér til samfélagsins.
- Að stuðningskerfi nýsköpunar á landsvísu sé einfalt og skilvirkt og að fjármagni sé beint þangað sem mest er þörf fyrir opinbera aðkomu hverju sinni, ekki síst er viðkemur sjálfbærri þróun.
- Skoða hvernig umhverfissvænni starfsemi í heilbrigðisþjónustu gæti skapað heilsufarslegan ávinning fyrir sjúklunga og heilbrigðisstarfsfólk en jafnframt sparað orku, dregið úr loftslagsáhrifum og skapað ávinning til langs tíma.
- Tryggja öflugt heilbrigðis- og velferðarkerfi þar sem nauðsynlegt er að takast á við áskoranir á grunni þekkingar, rannsókna og nýsköpunar.
- Að mæta nýjum áskorunum t.d. í heilbrigðisþjónustu með nýsköpun og nýjum lausnum, til að auka skilvirkni, gæði og öryggi þjónustunnar á landsvísu.
- Að vinna áfram að framgangi menningarstefnu sem eykur skilning á menningarsögu þjóðarinnar er ein af forsendum fyrir virkri þátttöku í samfélaginu. Fjölbreytt menningarlíf er einnig þáttur í almennri velsæld samfélagsins og stuðlar að jöfnuði.
- Að styðja við barnamenningu sem tryggi menningarlæsi, menningarþátttöku og miðlun menningararfs til barna.
- Að allir sem eru búsettir hér á landi skulu eiga þess kost að læra og nota íslensku sem auðveldar þátttöku í íslensku þjóðlífi.

4.3.4 Innviðir og byggðamál

Ísland er strjálbýlt land og því þurfa innviðir þess að vera góðir og áreiðanlegir. Samgöngur eru því eitt af lykilviðfangsefnum sjálfbærrar þróunar á Íslandi. Þær tengja saman landshluta, eru forsenda öflugs atvinnulífs og gera fólki kleift að ferðast, en eru jafnframt ein helsta uppspretta loftmengunar og losunar gróðurhúsalofttegunda.

Orkuskipti í samgöngum þurfa að ganga hratt fyrir sig og til þess að allar stoðir sjálfbærrar þróunar haldist í jafnvægi þurfa ferðavenjur að taka breytingum.

Áherslur til umræðu:

- Auka samhæfingu og samstarf um sjálfbæra þróun, innan stjórnsýslu hins opinbera, og við almenning, atvinnulíf og félagasamtök.
- Að tryggja öryggi í fjarskiptum og netöryggi á tímum hraðrar tækniþróunar sem og vaxandi kröfum um nýtingu stafrænna kerfa og þjónustu til sköpunar tækifæra og aukinna búsetugæða.

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða þar sem hugað er að góðu aðgengi að þjónustu og gæðum í hinu byggða umhverfi og lifandi bæjarrýmum.
- Að tryggja umhverfislega sjálfbærar samgöngur sem feli í sér að dregið verði úr óæskilegum umhverfisáhrifum samgangna.
- Að samgöngukerfið verði undirbúið fyrir náttúrufarsbreytingar af völdum loftsáhrifa.
- Að unnið verði að því að lágmarka kolefnisfótspor í mannvirkjagerð í samgönguinnviðum.
- Að stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt og jafna búsetuskilyrði, og styrkja sveitarstjórnarstigið í því sambandi.
- Að samþætta betur stefnur í samgöngu-, húsnæðis- og skipulagsmálum til að tryggja samgöngur í þágu byggðar og loftslags til að uppfylla ferðapörf, skapa sjálfbær hverfi og sjálfbærar byggðir.
- Tryggja verður betri samhæfingu á milli ríkis og sveitarfélaga um stefnu og aðgerðir á sviði húsnæðismála, sem stuðli að auknum stöðugleika og fjölbreyttu framboði húsnæðis, ekki síst vistvæns.
- Tryggja virka aðkomu sveitarfélaga að sjálfbærri þróun og auka starf ríkis og sveitarfélaga á öllum sviðum þar viðkomandi. Mörg sveitarfélög hafa tekið gott frumkvæði til þess að stuðla að sjálfbærri þróun og mörg hver eru þegar farin að vinna markvisst að því að innleiða heimsmarkmiðin í sína stefnumótun og áætlanagerð.
- Bæta almenningssamgöngur og virka ferðamáta, bæði fyrir umhverfi og heilsu.

4.3.5 Matvæli, land og vatn

Verndun líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbær nýting auðlinda er forgangsmál Íslands. Öryggi og aðgengi ferskvatns er jafnan tekið sem sjálfsögðum lífsgæðum hérlendis, en þau eru víða um heim fágæt verðmæti.

Matvælaöryggi snýst um að tryggja heilnæmi og gæði matvæla, en fæðuöryggi felast í að tryggja aðgengi að nægum, öruggum og næringarríkum matvælum. Það er í þágu sjálfbærni að huga að matarvenjum og draga úr matarsóun.

Áherslur til umræðu:

- Að tryggja uppbyggingu starfsumhverfis og rannsóknainnviða á sviði landbúnaðar og matvælaframleiðslu.
- Efla og styðja við íslenska matvælaframleiðslu þannig að Ísland verði leiðandi í framleiðslu á heilnæmum matvælum í sátt við umhverfi og samfélag.
- Efla og styðja við íslenskan landbúnað sem stuðli að heilnæmum landbúnaðarafurðum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
- Vinna að sjálfbærri nýtingu lands, vernd og endurheimt vistkerfa, t.d. votlendis.
- Hugsa að skýrum markmiðum um samdrátt í losun vegna landnotkunar og áhersla lögð á að efla náttúrumiðaðar lausnir, m.a. með hvötum til aukinnar skógræktar, landgræðslu og endurheimtar votlendis.
- Stuðla að minni matarsóun og þeim umhverfisáhrifum sem af matarsóun hljóttast.
- Efla og vernda líffræðilega fjölbreytni.
- Að hugað sé að grunnþörfum samfélagsins varðandi hreint vatn, varma til húshitunar, raforku og fráveitu og þeim þáttum verði mætt með sjálfbærri nýtingu auðlinda.

- Tryggja að ástand fiskistofna sé gott og að upplýsingar um veiðar og umgengni við vistkerfi hafsins séu traustar og gagnsæjar.
- Að efla rannsóknir á vistfræði og efnafræði sjávar og efla skilning á áhrifum hlýnunar, súrnunar sjávar og plastmengunar á lífríki hafsins.
- Að auka grænmetisframleiðslu á Íslandi sem hafi minna sótspor en til að mynda framleiðsla fisks og kjöts.
- Bæta hreinsun á fráveitu og auka hlutfall verndarsvæða í hafi og við strendur.

4.3.6 Orka og loftslag

Þjóðir heims hafa sammælt um nauðsyn þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) og auka bindingu losunar sem ekki tekst að draga úr. Ísland hefur lögfest markmið um kolefnishlutleysi eigi síðar en árið 2040. Mikilvægt er að ljúka orkuskiptum á allra næstu árum, en samgöngur á lofti, landi og legi vega þar þyngst. Þá hafa stjórnvöld sett markmið um jarðefnaeldsneytislaut Ísland árið 2040.

Sérstaða Íslands og sterk samkeppnisstaða á þessum vettvangi eru grænar lausnir, einkum jarðvarmi og vatnsafl.

Áherslur til umræðu:

- Á Íslandi verði lágkolefnishagkerfi.
- Áhersla verði á orkuskipti og útfösun jarðefnaeldsneytis, að full orkuskipti fari fram eigi síðar en 2040 og Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti fyrst þjóða.
- Unnið verði markvisst að landsmarkmiði um 55% samdrátt í losun á beinni ábyrgð Íslands fyrir 2030 miðað við árið 2005.
- Áhersla verður á græna atvinnuuppbyggingu og grænar fjárfestingar ásamt því að greiða götu verkefna, m.a. á sviði föngunar, geymslu og förgunar kolefnis, uppbyggingar hringrásarhagkerfis með fjölnýtingu orkustrauma og orkuskipta. Ísland á að verða vaggja nýrra lausna á grunni auðlinda, þekkingar og staðsetningar.
- Áhersla verður á að efla og þróa rannsóknir og þekkingu á sviði grænna lausna í þágu atvinnulífs og alþjóðlegra verkefna í samstarfi við alþjóðlega aðila.
- Unnið verði að einföldun regluverks með hliðsjón af markmiðum Íslands í loftslagsmálum og tryggt að allar atvinnugreinar geti tekið þátt í nauðsynlegum loftslagsverkefnum.
- Tryggja uppbyggingu grænna orkuinnviða um allt land.
- Tryggja þátttöku, þekkingu og áhrif ungs fólks á umhverfismálum þáttum er viðkemur sjálfbærri þróun.
- Bæta tölfræðiupplýsingar, efla fræðslu og miðlun þekkingar um loftslags- og orkumál.
- Að spár um þróun losunar gróðurhúsalofttegunda og bindingar kolefnis séu unnar reglulega og tímanlega og að þær endurspegli vel aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.
- Upplýsingar um loftslagsmál, losunartölur og spár um þróun losunar, bindingar og orkuþarfar vegna orkuskipta séu skýrt fram settar þannig að staða gagnvart markmiðum Íslands sé aðgengileg og augljós.
- Aukin áhersla á loftslagshagstjórn sem tryggi samhæfingu milli ákvarðana stjórnvalda í opinberum fjármálum og markmiða í loftslagsmálum. Gerð verði krafa um að það fjármagn sem notað er í hin ýmsu verkefni skili sér í samdrætti í losun eða aukinni bindingu.
- Efla rannsóknir á losun og bindingu kolefnis vegna samspils landnýtingar og loftslagsmála.

- Við búum að sterku loftslagsráði með aukinni áherslu á ráðgefandi hlutverk og vísindastarf, auk aðhalds- og eftirlitshlutverks gagnvart stjórnvöldum.
- Áhersla er lögð á að efla náttúrumiðaðar lausnir, m.a. með hvötum til aukinnar skógræktar, landgræðslu og endurheimtar votlendis. Efla þarf rannsóknir á losun og bindingu kolefnis vegna samspils landnýtingar og loftslagsmála.
- Gætt er að náttúruvernd við orkunýtingu og nýting orkuauðlinda er sjálfbær.
- Áhersla er á að íbúar landsins njóti ávinnings af orkuauðlindunum.
- Að tryggja orkuöryggi fyrir alla landsmenn og aðgengi að grænni orku sem aflað er á sjálfbæran hátt. Traustir innviðir fyrir raforku og varma eru grundvöllur að ásættanlegu orkuöryggi fyrir almenning og atvinnustarfsemi hér á landi.
- Ríkisstjórnin mun ekki gefa út leyfi til olíuleitar í efnahagslögsögu Íslands.

4.3.7 Alþjóðasamvinna

Utanríkisstefna Íslands byggist á grundvallargildum um frið, lýðræði, mannréttindi, kynjajafnrétti og sjálfbærri þróun. Virðing fyrir þjóðarétti og fjölþjóðasamvinna er lykilhagsmunamál fyrir Ísland. Ýmsar skyldur felast í aðild Íslands að alþjóðasamningum, alþjóðlegu regluverki og dómstólum.

Stjórnvöld láta mjög til sín taka á sviði mannréttinda og hafa í auknum mæli sett kynjajafnrétti og réttindi hinsegin fólks á oddinn í málafylgju á alþjóðavettvangi.

Áhersla er lögð á alþjóðasamvinnu í loftslags-, auðlinda- og umhverfismálum. Í þeim málaflokkum fer saman mikilvægi þess að verja rétt Íslands til auðlindanýtingar með sjálfbærum hætti og ábyrg stefna í loftslagsmálum og umhverfisvernd.

Áherslur til umræðu:

- Þróa innlenda mælikvarða fyrir sjálfbæra þróun á Íslandi, sem jafnframt nýtist í alþjóðlegum samanburði og samstarfi.
- Vinna markvisst áfram að velsældaráherslum á öllum sviðum og tryggja innleiðingu og eftirfylgni í því sambandi. Samstarf á vettvangi velsældarríkja og forysta um velsældarmælikvarða verði í öndvegi.
- Velsældaráherslur verði leiðarstef fjármálaáætlunar ríkisins í öllum málefnasviðum ár hvert.
- Tryggja virka þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði sjálfbærar þróunar, en heimsmarkmið SP verði leiðarljós stefnunnar og velsældaráherslur.
- Að Íslands verði virkt og styðjandi í alþjóðasamstarfi þegar kemur að því að stuðla að friðsamlegum lausnum, sjálfbæri þróun, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi.
- Þróunarsamvinna um loftslagsmál og grænar lausnir með sérstaka áherslu á nýtingu hreinnar orkugjafa sem stuðla að því að draga úr orkufátækt og efnahagslegri valdeflingu kvenna í tekjulágum ríkjum.

4.4 Gildi

4.4.1 Jafnrétti og mannréttindi

Í sjálfbæru samfélagi þarf að standa vörð um jafnrétti, þar á meðal jafnrétti kynja, málefni hinsegin fólks og mannréttindi í þróunarsamvinnu. Sjálfbær þróun er forsenda þess að fólk geti notið mannréttinda og hafi raunveruleg tækifæri til þess.

Mannréttindi eiga við um allar manneskjur, hværrar þjóðar sem þær eru, óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum, kyntjáningu eða stöðu að öðru leyti. Öll eiga jafnan rétt til að njóta mannréttinda án mismununar. Þessi réttindi eru fjölbreytt en á sama tíma samtengd og óaðskiljanleg.

Tryggja þarf rétt komandi kynslóða til hreins, heilbrigðs og sjálfbærs umhverfis.

4.4.2 Réttlát umskipti

Byrðar við fyrirsjáanleg umskipti í átt til sjálfbærrar þróunar þurfa að dreifast á sanngjarnan hátt, en ættu ekki að auka ójöfnuð. Þær breytingar sem munu eiga sér stað, m.a. vegna aðgerða í loftslagsmálum, verða að vera framkvæmdar með sanngjörnum hætti þvert á þjóðfélagshópa og aðstæður fólks. Umskipti innanlands sem erlendis verða að taka mið af því hvaða samfélagslegu áhrif þau hafa og bæta úr þeim skaða sem þegar er skeður.

4.4.3 Engin skilin eftir

Almenn þátttaka almennings skiptir öllu máli þegar endurskoðun áherslna samfélaga á sér stað. Virkt samráð og samtal þarf til þess að efla eignarhald allra íbúa samfélagsins. Að „engin séu skilin eftir“ þegar breytingar og framfarir eiga sér stað er eitt af undirstöðuatriðum heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Til þess þarf að styðja sérstaklega hópa og einstaklinga sem eiga á hættu að vera skilin eftir þegar samfélög þróast vegna nýrra sjálfbærniáherslna.

Leggja þarf áherslu á samfélagslega inngildinguna, en hún felur í sér að viðurkenna og virða fjölbreytileika mannfólks og gera alltaf ráð fyrir honum. Jafnræði krefst þess að allir einstaklingar séu jafnir fyrir lögum, án alls misréttis. Það felur þó í sér að í ákveðnum tilvikum þarf að koma fram við einstaklinga í ólíkri stöðu á mismunandi hátt til að tryggja að þeir njóti sömu réttinda. Slíkt hefur verið nefnt sértækar aðgerðir.

Mikilvægt er að við nálgumst þetta viðfangsefni ekki bara út frá íslenskum aðstæðum heldur einnig hnattrænum og einblínum þá sérstaklega á fátækustu ríki jarðarinnar og þau ríki sem stendur mest ógn af loftslagsbreytingum.

4.4.4 Langtímahugsun

Aðgerðir með það markmið að stuðla að sjálfbærni verða að horfa til lengri tíma en einstakra kjörtímabila. Huga þarf til langs tíma ef aðgerðir eiga að skila langvarandi árangri. Jafnan er hagkvæmara að ráðast í aðgerðir tímanlega og með fyrirbyggjandi aðgerðum. Huga þarf að langtímahugsun í öllum þremur stöðum sjálfbærrar þróunar.

4.4.5 Seigla og samheldni

Íslenskt samfélag hefur þurft að sýna mikla þrautseigju um aldir og segja má að seiglan búi í þjóðarsálinni. Sama má segja um samkennd en í litlu samfélagi sem þessu er fólk vant að taka hvert utan um annað og láta sig náungann varða. Í því alþjóðavædda og samtengda alheimssamfélagi sem við búum í dag teygir samkenndin sig út fyrir landsteinana og við gerum okkur alltaf betur grein fyrir því hvernig við búum öll saman í lokuðu og samofnu kerfi.

Viðskipta- og efnahagskerfi tala sín á milli þvert á lönd og heimsálfur, náttúruöfl og vistkerfi spyrja ekki um landamæri og samfélög vinna saman sem aldrei fyrr með bandalögum, samtökum

og félögum. Til þess að takast á við þær breytingar sem við stöndum frammi fyrir munum við sem samfélag þurfa að sýna seiglu og áræðni, sem og tryggja efnahagslega seiglu og viðnámsþrótt náttúrunnar í aðlögun að loftslagsbreytingum.

4.4.6 Hnattræn ábyrgð

Ábyrgð Íslands er rík gagnvart öðrum þjóðum, efnahagskerfum og vistkerfum heimsins. Íslandi ber skylda til að draga úr þeim smitáhrifum (spillover effects) sem innlend neysla veldur annars staðar í heiminum. Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi hefur hnattræn áhrif og það sama gildir um neysluákvæðanir sem hafa samfélagsleg og efnahagsleg áhrif annars staðar í heiminum.

Íslensku samfélagi vegnar betur ef utanaðkomandi fólki er vel tekið og því gefin tækifæri til þess að þrífast og farnast vel. Ísland er aðili að margs konar alþjóðlegum samningum og ber því skylda til að vinna samkvæmt þeim. Íslandi ber einnig skylda til þess að huga að áhrifum vegna virðisikeðja aðfanga sem notuð eru hérlandis.

5. Hver er þín skoðun?

Markmið grænbókar um sjálfbæra þróun á Íslandi er að hvetja til umræðu um stöðumat, viðfangsefni og framtíðarsýn ásamt áherslum og valkostum. Mikilvægt er að stöðumatið sé sem réttast þar sem það mun liggja til grundvallar stefnumótun í málaflokknum. Því er kallað eftir umræðu um:

Stöðulýsingin og stöðumatið

Samræmist stöðulýsingin og matið raunverulegri stöðu? Ef ekki, hverju þarf að breyta?

Áherslurnar

Eru áherslurnar réttar? Þarf að bæta við fleiri sem ekki er fjallað um sérstaklega, eða fækka þeim?

Lykilviðfangsefni

Eru lykilviðfangsefnin rétt skilgreind? Þarf að bæta við efnisatriðum sem ekki er fjallað um sérstaklega?

Framtíðarsýn

Hagsmunaaðilar og aðrir þátttakendur eru hvattir til að benda á nýjar áherslur eða hvaða áherslur skipta mestu máli til framtíðar.

Leiðir og forgangsröðun

Hvatt er til umfjöllunar um ólíkar leiðir og hverjar séu líklegastar til að skila árangri til framtíðar.

Drög að grænbók um sjálfbæra þróun – Sjálfbært Ísland – verður til umsagnar í samráðsgátt Ísland.is á tímabilinu 17. apríl 2023 – 29. maí 2023.

Viðauki 1: Fulltrúar í Sjálfbærnisráði

Í Sjálfbærnisráði sitja allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar, stýrihópur Sjálfbærs Íslands (fulltrúar ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga) og fulltrúar eftirfarandi aðila:

SSH - Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
SSS - Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
SSV - Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
FV - Fjórðungssamband Vestfirðinga
SSNV - Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra
SSNE - Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra
SSA - Samband sveitarfélaga á Austurlandi
SASS - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Bændasamtök Íslands
Samtök atvinnulífsins
Samtök ferðaþjónustunnar
Samorka
Samtök fjármálafyrirtækja
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
Samtök iðnaðarins
Samtök verzlunar og þjónustu
Samtök fyrirtækja í landbúnaði
Félag atvinnurekenda
Alþýðusamband Íslands
Bandalag háskólamanna
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
Kennarasamband Íslands

Flokkur fólksins
Framsóknarflokkur
Píratar
Samfylkingin
Sjálfstæðisflokkur
Viðreisn
Vinstrihreyfingin - grænt framboð

Landvernd
Öryrkjabandalag Íslands
Þroskahjálp
Geðhjálp
Bandalag íslenskra listamanna
UN Women á Íslandi
Unicef á Íslandi

Félag Sameinuðu þjóðanna
Ungir umhverfissinnar
Landssamtök ungmennafélaga
Ungmennaráð heimsmarkmiðanna
Landssamband eldri borgara
Kvenréttindafélag Íslands
Neytendasamtökin
Samráðsvettvangur trúfélaga og lífsskoðunarfélaga á Íslandi
ÍSÍ
UMFÍ
Rauði krossinn
Fjölmenningarsetur
Festa
Almannaheill
Barnaheill
Mannréttindaskrifstofa Íslands

Viðauki 2: Velsældarvísar

Þróun 40 mælikvarða um hagsæld og lífsgæði

+ Betra; - Verra; / Óveruleg breyting; 0 vísir í vinnslu

Nr.	Félagslegir þættir	Mælikvarðar	HM	Þróun
1	Heilsa	Lífslíkur	3	/
2	Heilsa	Lífslíkur við góða heilsu	3	0
3	Heilsa	Neitaði sér um lækniþjónustu	3	-
4	Heilsa	Eigið mat á andlegri heilsu	3	/
5	Menntun	Menntunarstig	4	+
6	Menntun	Brotthvarf úr framhaldsskóla	4	+
7	Menntun	Símenntun	4	+
8	Félagsauður	Kosningabátttaka	16	-
9	Félagsauður	Stuðningur annarra	3	0
10	Félagsauður	Þátttaka í skipulögðu félagsstarfi	10	0
11	Félagsauður	Traust til samborgara	16	+
12	Félagsauður	Traust til stjórnmalakerfisins	16	0
13	Öryggi	Öruggur í nærumhverfi	16	+
14	Öryggi	Tilkynningar um heimilisofbeldi	5	/
15	Öryggi	Eignaspjöll	16	+
16	Jafnvægi milli vinnu og einkalífs	Löng vinnuvika	5	+
17	Jafnvægi milli vinnu og einkalífs	Óhefðbundinn vinnutími	5	+
18	Jafnvægi milli vinnu og einkalífs	Tvö störf eða fleiri	5	+
Nr.	Efnahagslegir þættir	Mælikvarðar	HM	Þróun
19	Hagkerfið	VLF og hagvöxtur	8	+
20	Hagkerfið	Verðbólga	8	-
21	Hagkerfið	Kaupmáttur	8	+
22	Hagkerfið	Skuldir heimila	8	/

23	Hagkerfið	Skuldastaða hins opinbera, heimila og fyrirtækja	8	/
24	Atvinna	Hlutfall starfandi	8	/
25	Atvinna	Atvinnuleysi	8	/
26	Atvinna	Ekki í vinnu, námi eða starfsþjálfun	8	-
27	Atvinna	Starfsánægja	8	/
28	Húsnæði	Verulega íþyngjandi byrði húsnæðiskostnaðar	11	/
29	Húsnæði	Ástand húsnæðis	11	+
30	Tekjur	Lágttekjuhlutfall	1, 10	+
31	Tekjur	Viðvarandi lágar tekjur	1	0
32	Tekjur	Skortur á efnislegum gæðum	1	+
33	Tekjur	Jöfnuður (Gini-stuðull)	10	0
Nr.	Umhverfislegir þættir	Mælikvarðar	HM	Þróun
34	Loftgæði og loftslag	Svífryk	11	+
35	Loftgæði og loftslag	Losun gróðurhúslofttegunda	13	+
36	Land	Árangur í landgræðslu	15	+
37	Land	Náttúruverndarsvæði	15	+
38	Orka	Hlutfall endurnýjanlegrar orku í heildarorkunotkun	7	+
39	Úrgangur og endurvinnsla	Magn heimilisúrgangs	6, 12	+
40	Úrgangur og endurvinnsla	Endurvinnsluhlutfall heimilissorps	11	+

Viðauki 3: Umsagnir við drög að grænbók í samráðsgátt stjórnvalda

Grænbók um sjálfbært Ísland var birt í samráðsgátt stjórnvalda þann 17.4.2023 og var til umsagnar til 29.5.2023. (Mál nr. 82/2023)

11 umsagnir bárust fyrir skilafrest, en að auki var tekið á móti 6 umsögnum eftir að honum lauk. Umsagnir urðu því samtals 17, frá þessum aðilum:

1. Skipulagsstofnun
2. Landvernd
3. Búddistasamtökin SGI
4. Byggðaráð Skagafjarðar
5. Sigurpáll Ingibergsson
6. Reikningsskilaráð
7. OR og dótturfélög
8. Landsvirkjun
9. Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands
10. Ungir umhverfissinnar
11. Matvæla- og næringarfræðideild HÍ
12. Þroskahjálp
13. ÖBÍ – réttindasamtök
14. Barnaheill
15. Reykjavíkurborg
16. Embætti landlæknis
17. UNICEF á Íslandi

Í flestum umsögnum kom fram ánægja með þá vinnu sem hafin er við mótun stefnu um sjálfbæra þróun á Íslandi. Ítrekaður var vilji umsagnaraðila til að taka þátt í þeirri vinnu. Hins vegar var bent á margt sem betur má fara í grænbókinni og verða þær ábendingar nýttar í áframhaldandi vinnu og við mótun stefnu til árána 2024-2030.

Helstu ábendingar úr innsendum umsögnum

1. Skipulagsstofnun bendir á að ákveðið hafi verið að sjálfbær þróun verði leiðarstef fyrir öll viðfangsefni landsskipulagsstefnu.

2. Landvernd fagnar yfirstandandi vinnu við að móta stefnu um sjálfbæra þróun fyrir Ísland, en telur að skilningur á sjálfbærri þróun og nauðsynlegum aðgerðum sé enn grunnur. Skerpa þurfi á orðanotkun og skilgreiningum. Fundið er að því að í kafla 3 sé fremur fjallað um stefnur og markmið en það sem í raun sé verið að framkvæma. Þá er bent á að og mikið sé fjallað um mikilvægi tækniþróunar og of lítið um nauðsynlegar lífstílsbreytingar.

3. Búddistasamtökin SGI á Íslandi leggja til að gildinu „nægjusemi“ verði gert hátt undir höfði. Þau styðja við að virðing sé borin fyrir fjölbreytileika mannfólks, en vilja víkka hann út í fjölbreytileika í náttúrunni. Bent er á að menntun sé ekki eingöngu leið til að efla atvinnulífið, heldur sé tilgangur menntunar hamingja einstaklingsins. Loks leggja þau til að Ísland beiti sér fyrir afnámi kjarnorkuvopna.

4. Byggðaráð Skagafjarðar leggur áherslu á hlutverk sveitarfélaga við innleiðingu heimsmarkmiðanna. Markmiðum um sjálfbær sveitarfélög um land allt verði þó ekki náð nema sveitarfélögum séu tryggðir tekjustofnar til að fylgja eftir stefnumörkun og verkefnum.

5. Sigurpáll Ingibergsson fjallað ítarlega um losun gróðurhúsalofttegunda og birtir umfangsmikil töluleg gögn. Hann leggur fram 10 tillögur að aðgerðum, sem miða að því að draga úr losun.

6. Reikningsskilaráð telur að fjalla þurfi ítarlegar um þær breytingar sem framundan eru á kröfum um upplýsingagjöf sjálfbærnimála í atvinnulífinu. Þar er annars vegar átt við flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar (EU Taxonomy og SRFD) og hins vegar sjálfbærniupplýsingar stórra og/eða skráðra fyrirtækja (CSRD).

7. OR og dótturfélög fagna áformum um orkuskipti og hefur lagt áherslu á þau í eigin rekstri og hjá þjónustuaðilum. OR vinnur að fjölda verkefna um samdrátt í losun og bindingu kolefnis í bergi. Lögð er áhersla á mikilvægi traustra gagna um losun, sem og spár um losun og bindingu. Loks er fjallað um mikilvægi náttúruverndar við orkunýtingu og að nýting orkuauðlinda sé sjálfbær.

8. Landsvirkjun fagnar umræðu um loftslagsmál í grænbókinni. Eitt allra stærsta verkefni okkar Íslendinga í átt að aukinni sjálfbærni felist í grænum orkiskiptum. Þar muni mest mæða á ferðaþjónustu, sjávarútvegi og almennum landsamgöngum. Mikilvægt sé að sem breiðust sátt náist um raforkuvinnslu á Íslandi. Einnig er bent á að Evrópusambandið stefni að því að Evrópa verði kolefnishlutlaus árið 2050 og hafi sett lög og reglugerðir til að fylgja því markmiði eftir.

9. Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands leggur áherslu á að fjalla á skilmerkilegan hátt um þau hugtök, sem notuð eru, svo sem sjálfbærni og sjálfbæra þróun. Einnig leggur hún til að bætt verði við stuttri umfjöllun um þá alþjóðlegu samninga sem Ísland hefur skuldbundið sig til að fylgja, t.d. um loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni og varnir gegn eyðimerkurmyndun.

10. Ungir umhverfissinnar vilja sjá mun meiri áherslur lagðar á náttúruvernd og líffræðilega fjölbreytni. Þau vilja sjá skýrari áherslur á samdrátt neikvæðra smitáhrifa. Þá er bent á að ríkisstjórnin hafi ekki sett fram fullnægjandi skilgreiningu á markmiði sínu um kolefnishlutleysi.

11. Matvæla- og næringarfræðideild HÍ bendir á að heimsmarkmiðin tengist flest matvælum og næringu á einhvern hátt. Lýst er óánægju með að engir fræðimenn á þeim sviðum hafi tekið þátt í gerð grænbókarinnar. Matur og næring valdi stórum hluta losunar gróðurhúsalofttegunda á landinu, en séu einnig samfélagsmál, sem komi öllum við. Í umsögninni eru einnig gerðar ítarlegar aths. við einstaka kafla grænbókarinnar.

12. Landssamtökin Proskahjálp telja mikilvægt að jaðarsettir hópar séu sérstaklega tilgreindir undir þremur stöðum sjálfbærrar þróunar, enda séu þarfir þeirra mismunandi. Bent er á að menntun hafi mun stærra hlutverk en að styðja við atvinnulífið. Aðhald í efnahagsmálum megi ekki bitna verst á þeim sem minnst hafa, eins oft hafi gerst. Huga þurfi sérstaklega að aðgengi fólks með þroskahömlun að stafrænni þróun. Þá þurfi að tilgreina sérstakar aðgerðir til að auka aðgengi fatlaðs fólks að heilbrigðisþjónustu.

13. ÖBÍ – réttindasamtök hefur Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) að leiðarljósi. Skv. honum eiga málefni fatlaðs fólks að vera óaðskiljanlegur hluti áætlana um sjálfbæra þróun. Þar með eiga allir innviðir að vera öruggir, aðgengilegir, hagkvæmir og sjálfbærir fyrir fatlað fólk árið 2030. Þetta á ekki síst við aðgengi að stafrænum lausnum.

14. Barnaheill vilja leggja sérstaka áherslu á að uppræta fátækt meðal barna á Íslandi. Tryggja þurfi öllum börnum og fjölskyldum þeirra örugga framfærslu, sem og tryggt, öruggt og heilsusamlegt húsnæði. Þá þurfi að tryggja öllum börnum næringarríka fæðu og heilnæmt umhverfi. Barnaheill tilfæra einnig athugasemdir við kafla hvers ráðuneytis og haghafa í grænbókinni.

15. Reykjavíkurborg vekur athygli á verkefnum sínum svo sem Græna planinu, Grænum skrefum í rekstri, kynjaðri fjárhagsáætlanagerð, Regnbogavottun o.fl. Bent er á mikilvægt þess að sveitarfélög fái stuðning ríkisstofnana til að styðja við umhverfisverkefni, loftslagsaðgerðir, gagnaöflun og rannsóknir.

16. Embætti landlæknis vekur athygli á verkefnum Heilsuefandi samfélag, Heilsuefandi skóla og Heilsuefandi vinnustaði. Embættið bendir á mikilvægt sé að auka ræktun grænmetis almennt, ekki eingöngu lífræns grænmetis. Loks er bent á að í nýjum norrænum næringarráðleggingum sé í fyrsta sinn tekið tillit til umhverfis- og sjálfbærniþátta, auk hollustu.

17. UNICEF á Íslandi telja að í grænbókina vanti skýrt stöðumat á fátækt á Íslandi og úrræði til að bregðast við henni. Þótt fátækt sé hlutfallslega lítil á Íslandi, þá búi hér fjöldi fólks sem líði skort. Einkum sé brýnt að vernda börn sem líða fyrir lök kjör. Tryggja þurfi að öll börn á Íslandi, óháð stöðu þeirra og fjölskyldna þeirra gagnvart stjórnvöldum, njóti menntunar, heilbrigðisþjónustu, næringar, öryggis og barnæsku. Bent er á að þótt Ísland komi vel út í alþjóðlegum könnunum á aðbúnaði innan lands, þá séu áhrif óhóflegrar neyslu á hnattrænt umhverfi mun verri.

Niðurlag

Nánar má fræðast um einstakar umsagnir á samráðsgátt stjórnvalda þar sem allar umsagnirnar eru birtar í fullri lengd ([https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3454](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3454)).

